GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ
SAFNAHÚSIÐ ÍSAFIRÐI

# SKJALASAFNIÐ ÍSAFIRÐI

## Ungmennafélagið Framsókn, Ögurhreppi

## Blaðið „Unglingur“

## 1. – 4. árg. 1923 - 1926

Ófrág. afhending 2013

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af
Þjóðskjalasafni Íslands

Tekið af vef Skjalasafns Ísafjarðar

www.safnis.is

Blaðið
Unglingar

Skjalasafnið Ísafirði

SKJALASAFNIÐ ÍSAFIRÐI

Skjalasafnið Ísafirði

Unglingur. 7 Jan. 1923

Hlutar tölur. Unglingsins.

Alt sem að lifir og á að starfa
þarf fæðu. sitt með hverju móti. ekki
síst unglingar sem eiga að þroskast, bæði
andlega og líkamlega. Jeg get því ekki
skilið í hvaða tilgangi jeg hef verið
látinn verða til og nefndur „Unglingur"
ef að jeg á altaf að svelta heilu hungri.
og þar af leiðandi geta aldrei látið til
mín heyra
Þeir hafa verið heldur skeitingar litlir
hvað mig snertir þessir Karlar sem
jeg var kveðinn niður hjá, þar sem
jeg er nú búinn að svelta í fleiri mánuði
og mundi margur unglingur vera safnaður
fyrir fult og alt eftir svo langan tíma.
en nú er jeg orðinn vongóður því að Örn.
gamli á Bjargi ætlar nú að fara að láta
eitthvað af hendi rakna við mig. en hann
er nú fátækur greyið. ekki síst af því sem
mjer er hentast til framfara. en alt er
betra en ekki neitt. þegar það er [illegible]

[illegible]

Skjalasafnið Ísafirði

hug gefið. en það er hörmung að þiggja neitt af hinum, þegar hár nöpur kuldinn og fyrirlitningin skín útúr glotti veitandans. þegar þiggjandinn vottar þakk-lœti sitt. þetta hefur altaf slæm áhrif á alla ekki síst unglinga, en sem betur fer er þetta að minka mikið í seinni tíð en því miður er það ekki alveg úr sögunni. Jeg fer nú ekki lengra útí þessa sálma að sinni, en fer að gjöra mjer að góðu þetta grautar gutl frá Karlinum, þó að það sje fremur dauft á bragðið, það verður vona jeg kjarni betra frá hinum, bara að það verði ekki of treg melt, því meltingar-færin eru sljó svona fyrst í stað.

Nú er jeg farinn að hlakka til þeirrar stundar sem jeg verð svo öflugur að geta hoppað fram á sjónarsviðið og hlegið og grett mig framan í ykkur, og kanske geti komið ykkur til að brosa, það er öllum holt.

Unglingur. [Óli á Bjargi]

Skjalasafnið Ísafirði

# Hinn nýji Aladin.

Þekkið þið hann nýja Aladin.
Það er nú hart í árapinn en ekki veit jeg hvort að hann hefur Lampann hans nafna síns, en undra verðar virðast okkur, þessar fáfróðu fyrirætlanir hans.
Það er hvorki meir eða minna en það að hann ætlar að stækka hnöttinn um 5/4 við það sem nú er, og svo ýmislegar smá breitingar t. d. að hann hvað ætla að láta vera nótt í Kaupmannahöfn þegar dagur er hjer á Íslandi og svo hvað hann ætla að hafa vetur í Ameríku þegar sumar er hjer. en hver er tilgangurinn með öllu þessu? Það er víst jafn óskiljanlegt og hitt hvernig hann kemur þessu í framkvæmd. um það er ýmsum getum leitt, hver tilgangur muni vera, og eru fáar sennilegar. Sumir ætla að hann búist við að hyski sitt muni aukast svo mikið að heimurinn taki það ekki eins og hann er, ~~annars~~ hann er barna margur. og sagt er að hann búist alltaf við mörgum í hvert skipti og konan hans er ~~vanfær~~.

Skjalasafnið Ísafirði

Aðrir halda að þessi nýji hluti heimsins eigi að vera fyrir hann sjálfann, og sje miktið gósenland að aldrei hafi sjest annaðeins, og muni hann gjörast þar. Keisari og mun því ráðlegast að koma sjer vel við hann, ef menn langar til að skygnast inn í nýja heiminn hans. Aladins. Örn á Bargi.

Skrítla.

A. Voru þeir ekki að tala um vargfjelag hjer um daginn.
A. Hvað er vargur?
B. Kom þú bara heim með mjer
Jeg ætla að sýna þjer konuna mína.

Vísu byrjun

Norðan vindar nú eru á,
Aðöldru bindar ýla svá. (óskað eptir botninum)
Ö. á. B.

Sólar-lag.

1. Nú röðull er sigin í sæðjúpin blá.
Og svífur nú rökkur um hauður,
En fagurt á skýjum er skrautið að sjá.
Hve skínandi er liturinn rauður.
2. Og náttúran öll fellur eins og í dá.
Er yfir, sig [illegible] kvöld-húmið svala.
Og blómknappar vefja að sjer blöðin sín smá.

Skjalasafnið Ísafirði

Um brekkur og hlíðarnar dala.

3. En árdeigis-sólin að öllu fer hljótt.
Og at sinum vekur af blundi.
Hún dreifir burt skuggum, og daggperlu skrúð.
Hún dregur af sjerhverjum lundi.

Ö. á B.

Skjalasafnið Ísafirði

# Unglingur.

Blað Ungmennafjelagsins Framsókn 21 Jan. 1923

Ritnefnd

Ragnar Jóhannesson – Gunnar Bjarnason

Eyjólfur Jónsson

## Samtíningur.

Um. daginn þegar Örn á Bjargi var að keyra saman sína botnlausu Norðangarðsvísu, datt Hrafni í hug að ganga á reka og vita hvort að norðanvindurinn hefði ekki flutt á land nokkra botna úr síldartunnum Langstrendinga; og var hann fremur heppinn í þeirri för; alstaðar var fult af botnum og greip hann af handahófi nokkra þeirra og vill hann nú biðja Örn á Bjargi að vita fyrir sig hvort að nokkur þeirra fellur vel við vísubyrjun hans

1. Illar kindur sjá bra,
   upp á rindum fjalla há.
2. Vargar myndað fjelög fá
   flokki bindast þeim jeg má.
3. ástir bindast ungum hjá
   engin hindra þetta má.

Skjalasafnið Ísafirði

4. Jeg í skyndi ætla þá
enda að binda á góða skrá

Botnarnir voru miklu fleiri en Hrafn
nennir ekki að senda fleiri frá sjer
í bili, en hann biður Örn á Bjargi
og aðra góða menn á slá fyrir sig
botn í þessa vísu:

Hugsun binda í bögum má
bragnar indi af sögum fá....

Vona að góðir fjelagar taki viljan fyrir verkið.
Hrafn.

Vormorgun.

1. Á sólríkum vormorgni gekk jeg um grund
þá glitraði döggin á blómunum smáu
þá hló við mjer himinn og hauður og sund
en hrifnastur varð jeg af fjólunni bláu
2. Hún óx þar og sólu mót breiddi sín blöð
þá bað jeg heitast af einlægu hjarta
að altaf hún yrði jafn ánægð og glöð
jafn indæl og fögur með skrautið sitt bjarta
3. Við sumarsins komu jeg sendi til þín
samskonar óskir frá hjarta míns grunni

Skjalasafnið Ísafirði

að sumarið liðlangt er sólin þjer skín
þá sjer hún þig avalt með brosið á munni
Baldur.

Vísubotnar.

Þó að Örninn fljúgi fugla hæðst, þá varaði hún sig ekki á því að Haukurinn hafði fylgt honum eftir þegar að vísan um norðan vindinn var að mindast og datt honum þá strax í hug hvort að hann myndi ekki geta búið til botn sem notast mætti við í stað hins upprunalega, settist þá Haukur niður undir bjarginu og samdi 3. botna og sendir hann þá frá sjer með þessum línum.

1. Hverfur indi af hverri brá
kvíða ei hrinda nokkur má
2. Göfug linda gefni þá
glöð ungir kyndir il að fá
3. Sit jeg hjer með sorg og þrá
sækir að mjer ellin grá.

Haukur

Skjalasafnið Ísafirði

# Berkenti dansarinn.

Hafið þið heyrt söguna af berkenta dansaranum. Einu sinni kom maður af aðalsætt, upp í sveit, og var svo djarfur að hann spurði stúlku eina af göfugri bóndaætt hvort að hún vildi dansa við sig; hún tók vel undir það, en þegar átti að fara að dansa og hinn ungi maður hljóp til þess að rjetta stúlkunni hönd sína, sá hún að hann var berkentur, það var svo mikill asi á honum að hann hafði gleimt að setja á sig hanskana. Þá sagði stúlkan í hæðnisróm: Eruð þjer berkentur herra minn? Hann svaraði: Já jeg ætla að þvo mjer um hendurnar undir eins þegar að dansinn er búinn.

Haukur

## Risp

Hinni heiðruðu ritnefnd „Unglingsins" sendi jeg eftirfarandi, og ræður hún hvort hún vill nýta það í blaðið.

### Staka

Örn á bjargi alein bjó
ákaflega píndist,
út um hennar enda fló
ungi er hálfur týndist.

### Botnleysa við vísu partinn

„Nordanvindur nú er á" o.s.frv.

1. Komdu í skyndi og kveik, mjer hjá
kærleiks yndi baugagná.
2. Hvín í rinda kólga grá
kvíða-myndar-rún á brá

Um leið og jeg þakka Ö. á B. fyrir síðast, sendi jeg þessa botnleysu, þó jeg viti að margt betra sje komið, enda ekki við miklu að búast, þar sem jeg er einn af Bakkabræðrunum.

Skjalasafnið Ísafirði

# Unglingur.

3. Blað Ungmennafjelagsins Framsókn 1. febr. 1923

Ritnefnd.

Gísli Sæmundsson, Líneik Árnad., Kristín Hjaltad.

## Fjelagsskapur.

Það hefir verið talinn einn af göllum okkar Íslendinga, hvað vjer erum ófjelagslyndir og sundraðir, það er langt síðan að ýmsir betri menn þjóðarinnar fóru að beyta sjer fyrir því að við lærðum að starfa í fjelagi, því það er margsannað að margt það sem einstaklingnum er um megn að framkvæma, veitist fjöldanum með góðum samtökum ljett. Þessi starfsemi fyrir fjelagsskapnum hefir borið þann árangur, að nú eru risin upp fjöldamörg fjelög í ýmsum myndum.

Það sem jeg álít að hafi átt mestan þátt í að hrinda þessu máli áleiðis, eru Ungmennafjelögin, þau eru nú orðin útbreidd um alt land og í þeim hafa unglingarnir lært hvað góður fjelagsskapur er nauðsynlegur á ýmsum sviðum, auðvitað hafa þau (U.m.f.) reynst misjafnlega vel, sum orðið skammlíf, en flest eða öll hafa þau komið einhverju góðu til leiðar.

Skjalasafnið Ísafirði

Við hjer í þessum hreppi vorðum nokkuð aftarlega í röðinni með að stofna Ungmennafjelag, og hefir það stafað af hræðslu við strjálbygðina hjer og marga fleira örðugleika sem sveitamenn hafa við að stríða, en alls ekki af því að hjer sjeu minni eða verri starfskraftar enn víða annarsstaðar, sem slík fjelög hafa þrifist.
En nú er þetta fjelag stofnað fyrir tæpu ári, en því miður getum við ekki bent á miklar framkvæmdir, en getum varið okkur með því að það sje svo ungt ennþá.
En þessi afsökun dugar okkur ekki lengi, við verðum að sýna það að við sjeum fær um að halda þessum fjelagsskap lifandi, en til þess þurfa að sjást einhver framfara eða framkvæmda merki, því afturför eða jafnvel kyrstaða er augljóst feigðarmerki. Við erum eðlilega öll viðvaningar á sviði fjelagsmálanna, en eitt takmark getum við öll sett okkur, og það er að hvert það starf sem okkur er falið að inna af hendi innan fjelagsins skulum við leggja alúð við að gera svo vel sem okkur er framast unt. Ef við fylgjum þessari reglu með alvöru, fer ekki hjá því að framfara merkin sjáist mjög bráðlega.

Spói

Skjalasafnið Ísafirði

## Brot úr ferðasögu.

Einn góðan veðurdag lagði jeg af stað í ferðareisu með „gufudampinum“ ásamt mörgu fólki, ægði þar saman sætu og súru, herramönnum og sjóurum fröknum og frúm o.s.fr. Ferðin gekk vel, komum á margar hafnir, svo þeim sem áttu langt heim fór að verða órótt, piltarnir gáfu stúlkunum apelssínur og fredísu (til að forðast sjóveiki), einnig voru sagðar draugasögur eða skröksögur, einn piltur var mikið út af fyrir sig sí og æ reykjandi „cigaravindil“, og reykti svo mikið að við sjálft lá að hann yrði að eldstólpa, eða þá og þegar að mold og ösku. Þegar við komum að F.... var degi tekið að halla, veður hið fegursta, sólin að síga að fjallabaki, á þessari höfn vorum við um nóttina, í býti um morguninn var farið að flytja í land það sem þangað átti að fara, þar voru meðal annars margir „síldarkaggar“ afarstór bákn að ílátum til. Margir bátar komu fram til að sækja flutning, og þar á meðal bátur með einum manni á gömlum og gráhærðum, þektu menn strax að þetta var einn kaupmaðurinn þar á staðnum, hann var sagður eiga mikið í peyngjunni, nóg til þess að gera, að hann hefði ekki þurft að kasa einn þann, því hann var að sækja

Skjalasafnið Ísafirði

„síldarkagganum" sjálfur kaupmaðurinn, nú lagði hann af stað í land hnýtti þessu bákni aftan í bátinn „en ekki er sopið kálið þótt í ausuna sje komið" kagginn dróg karlinn en karl ekki hann, og gekk svo meðan við sáum, því nú var lagt til næstu hafnar.

Eigi bar fleira til sögunnar í þessu ferðalagi, og læt jeg hjer staðar numið.

Dul.

---

## Brúðkaupið í Hofi.

Fyrir mörgum árum var jeg á sveitabæ, skamt frá kaupstað, ásamt nokkrum ungum stúlkum. Á miðjum þorra var áformað að halda skemtun í þessum fyrnefnda kaupstað, og eins og lög gera ráð fyrir höfðum við þessar ungu (stúlkur) mikinn áhuga og bollaleggingar um að komast þangað. Þegar að þessum ákveðna dýrðardegi kom, vildi svo óheppilega til að versta veður skall á rjett í því að átti að fara að tygja sig til ferðarinnar, og urðum við því að sitja heima með sárt enni, því mikið var búið

Skjalasafnið Ísafirði

að klakka til einkum og sjerí lagi til dansins, en
ekkert gat nú orðið úr þeim tilhlökkuninni kári
bannaði það. En eitthvað varð nú til bragðs að
taka, þarna sátum við höggdofa og illar yfir
veðrinu, og var ekki furða þó illa lægi á okkur
því mikið var búið að hafa fyrir, margar þegar
búnar að búa sig, sumar reyndar búnar að hafa
fyrir að hita bárujárnið í hárið og láta það gera
skyldu sína, hvað um það, nú varð eitthvað að
að hrista af sjer þessa sorg og bræði.
Loks komum við okkur saman um að fara í
ýmsa smáleiki sem oft er farið í uppi til sveita,
„vefa vaðmál" o.fl. þesskattar, og skemtum okkur
dável, samt komst leiknum í hæðsta gengi
þegar að síðasta leiknum kom, sem var brúðkaups
leikur. Tvær hinar fegurstu voru valdar úr
hópnum til þessa leiks, önnur sem brúðgumi hin
sem brúður. Þessi leikur krafðist annara fata en
við stúlkurnar brúkuðum daglega, en þarna var
fátt um unga pilta, og þar afleiðandi um fín
föt sem hægt væri að nota er slík tækifæri ba
að höndum, en við lítið má bjargast, brúðgum-
anum hlotnaðist nú ekki annað en mórauðar
hásabuxur, sem kannske í fyrndinni hafa verið
fallegar klæðisbuxur eða jafnvel biðils þó lítið

Skjalasafnið Ísafirði

bari þar það með sjer nú. En blessað konuefnið
bætti það upp, því hún var svo forkunnar fögur við
hlið ástvinar síns, þó skautbúningurinn sem hún
bar væri eigi æði merkilegur setti hann hvorki blett
nje hrukku á fegurð hennar. Nú vantaði prest, og
var á augabragði smeigt hempu yfir eina frökenina,
síðan las hann blessunar orðin yfir þeim, eigi
þurfti hann handbókarinnar með, því flestir kunnu
pistilinn utanbókar eins og „kvennafræðarann“,
og þá held jeg brúðkaupssálminn, og var hann
sunginn hátt og snjallt, en þegar komið var í
miðjan sálminn „kom ljóta bobban í bátinn“
því þá kom att heimilisfólkið ofan og sljákkaði
þá ósköpin, en eftir alla þessa miklu viðhöfn
vorum við þessar ungu og upprennandi stúlkur
ánægðari en þó við hefðum farið á þetta
fyrnefnda ball.

Hulda.

## 'Avarp (Aðsent)

Jeg þakka ykkur fyrir síðast Hrafn og Bakkabróðir!, og bið „Ungling" að flytja ykkur það ásamt þakklæti fyrir sjálfan sig, mjer þykir vænt um að hann er óðum að tímgast, og sjest þar glögt árangur þeirra fáu og ómerkilegu mola sem jeg rjetti að honum fyrst, því nú er hann farinn að skríða og henda sund eins og komist er að orði um krakkana, og vonandi að hann verði farinn að ganga áfram, og búinn að taka nokkrar tönnur fyrir afmælið, og taldi gamla fólkið það góða framför. En ekki er að búast við að vísdóms-tennurnar verði komnar margar þá, þær koma með tímanum, en vígtennur má hann ekki fá, því hann má ekki bíta náungann, og síst af öllu sjer nærskyld-ari slíkt má ekki eiga sjer stað, þeir sem hafa uppeldi hans með höndum verða að sjá um það, og sömuleiðis að kenna honum alla viðeigandi kurteisi og háttprýði bæði í bundnu og óbundnu máli, jeg vildi óska að hann gæti orðið bæði til gagns og skemt-unar.

Botnleysan frá Hrafni er „Unglingur" flutti síðast, og óskaði eftir botni frá mjer, verður ekki fjölskrúðug hjeðan, þó læt jeg þetta til málamynda:

1. Því ljóðin mynda listsemd há
enn lestur kyndir fróðleiks þrá.

Skjalasafnið Ísafirði

2. Gripir myndast högum hjá
helst snævinda dögum á.

Örn á Bjargi.

Skjalasafnið Ísafirði

# Unglingur.

7 Blað Ungmennafjelagsins „Framsókn" 22. júlí 1923.

Ritnefnd Þórður Hjaltason og Kristjana á Hjöllum.

## Starfsgleði.

Til þess að vjer getum fundið til starfsgleði, verðum vjer að hafa eitthvað fyrir stafni. Einnig þurfum vjer að vera heilbrigð, þá eiga dveljum við starfið, og umfram alt að hafa hugann einungis við ~~starfið~~ það er vjer störfum að. En ef vjer höfum eigi hugann við starfið, finnst oss tíminn aldrei líða og vjer aldrei geta lokið verkinu. Það hefir mjög mikil áhrif á starfsgleðina, hvern árangur starfið ber. Þannig er því farið fyrir oss öllum; ef vjer sjáum að til einkis er unnið leiðist oss mjög að eyða tíma í þá vinnu. Aftur á móti, ef vjer sjáum annaðhvort ávinning í aðra hönd eða annan árangur, veitist oss starfið ljettara. Áhuginn eykst með hverju handtaki, og starfið er á enda áður en oss varir. Að vinna vel hefir mjög góð áhrif á starfsgleðina. Þegar vjer vinnum vel, erum vjer ánægðar með verkið, heldur

Skjalasafnið Ísafirði

en þá er vjer sjáum að það lítur mjög illa út
sökum þess, hve illa það hefir verið unnið.
Þá verðum vjer að vinna uppaftur sama
verkið, því að oss leiðist að láta illa unnið
verk sjást eftir oss. Þegar vjer förum að
vinna sama verkið mörgum sinnum upp
aftur, verður það óþolandi leiðinlegt.
Því er best að hugsa þannig í byrjun:
„Jeg skal gera eins vel og jeg get, svo að
jeg þurfi ekki að vinna uppaftur."
Mjög eykur það starfsgleðina að hafa alt
hreint og snoturt í kringum oss; til
dæmis, þá er vjer vinnum inni á vetrum,
þykir oss skemtilegra að alt sje vel til
tekið umhverfis oss. Einnig á vorin, er vjer
störfum úti, finst oss miklu skemtilegra
þegar veðrið er gott, heldur en þegar það
er vont. Varla er hægt að hugsa sjer meiri
gleði en þá, er ríkir meðal vor þá er vjer
komum þuru heyi undir húsþak á sól-
ríkum sumardegi með skemtilegu fólki.
Eftir því sem samræðurnar verða fjörugri,
verðum vjer kappsamari við vinnuna.
Sökum þess gengur hún eins og í vjelum og
er á enda, áður en vjer vitum af.

Skjalasafnið Ísafirði

Það er hægt að sanna það á margan hátt, að starfsgleðin er mjög á valdi sjálfra vor. Vjer getum gert margt til þess að auka hana. En fyrst og fremst munum vjer finna til sannrar starfsgleði þá er vjer erum sannfærð-um, að vjer höfum gert alt sem í okkar valdi stendur til þess að láta starfið fara vel úr hendi.

Þórður Hjaltason.

# Unglingur.

5. Blað Ungmennafjelagsins Framsókn Ágúst 19[..]

Ritnefnd.

Sara S Guðmundsdóttir, Sigríður Guðm. Samúel. G[...]

## Í skóarlundi.

1. Það var um sólríka sumardagsstund,
Að sat jeg í skóarins blómskrýdda lund,
Best þar jeg [illegible] gætti að blómunum smá,
Er breyddu sig út móti sólinni þá.
2. Jeg óskaði að blómanna fölnuðu ej blöð,
Sem brostu mót sólinni saklaus og glöð,
Og frostjelin köldu þeim færði ekki hel.
En frjáls mættu dafna og lifa þar vel.
3. Jeg hlustaði á fuglanna frjálsglaða söng,
Og fossinn sem þaut niður hamranna göng,
Þar samrýmdust raddir í vorsemd og frið,
Rjett heyrði jeg hvíslandi smálækjarnið.
4. Hve fagurt var hauðrið með fjallanna skaut,
Frjógrænar hlíðar engi og laut.
Jeg hugfangin undi og horfði það á,
Helgiblæ sló yfir foldina þá.

Tíja.

# Tóbaks og vínnautn

Það er um nautn, tóbaks og víns, sem mig langar til að setja saman, ofurlitla greinarkorn, og birta hjer. Því frá því fyrst, að jeg man eftir mjer, og fór að hafa vit á, hef jeg haft mesta viðbjóð á nautn þessarar munaðarvöru. Og eftir því sem mjer óx vit og þekking, sá jeg það alt af betur og betur, hve illt það var, fyrir þann sem neytti, bæði fyrir heilsu, og efnahagslegt sjálfstæði. að jeg tali ekki við mörgum fleyri ókostum sem því fylgja, eins og t. d. óþrifnað allan og tímatöf, hjá sumum.

Venjulega er auðsjeð á fólki, hvort það brúkar tóbak eða ekki, því oft er það, að það er útatað í tóbaki, bæði um andlit, handarbök og jafnvel fötin á sumu, vasaklútarnir þess eru venjulega óhreynir, og kvennfólkið þarf sífelt að vera að þvo þá, ef þeir eiga að lýta skammarlaust út. Oft hef jeg hugsað um, og næstum undrast yfir, að ungir og efnilegir menn, skuli geta fengið sig til, að byrja á að neyta þessa óþverra, jeg veit þeir gera

Skjalasafnið Ísafirði

það í óvitaskap, mjer fynst það svo dýr-
legt, að jeg held það kljáði að vera gert af litlu
athugun (meinstakast í byrjun) að troða út
á sjer nasir og munn, með þessum ópverr-
a, sem menn vita þó svo vel (sjálfir) að
gerir þeim ekkert gatt, en oftast illt, En
það eru ekki þeir einir sem eru sekir,
oft eru aðrir meðsekir, en mest furðar mig
á að rosknir og reyndir menn, sem sjálf-
ir eru búnir að reka sig á, falla, og rís-
a upp af afleiðingunum, skuli geta feng-
ið sig til að troða þessu upp á ungling-
a sem aldrei hafa neytt þess, og eru kansk-
i tregir fyrst, þeir ættu að benda
þeim á afleiðingarnar, og fremur að
forneyta að gefa slíkum upp í sig,
eða í nef.
Eitthvað þarf að gera, við verðum að
reyna að útrýma tóbaksnautninni, við
sem ekki neytum þess, megum ekki
byrja á því, og þeir sem brúka það,
mega ekki gefa það neinum sem ekki
hefur neytt þess fyr.
Við eigum allir óskir og vonir, reys-
um okkur hugsjónaborgir og setjum

Skjalasafnið Ísafirði

okkur takmörk, sem við berjumst
af alefli við að yfirstíga freystingar
og örðugleika til að ná. En takmörk
in og borgirnar eru (mörg) margar og misjafnar
og getan líka til að ná þeim. En hvert
sem takmarkið er, og hvort sem get-
an er mikil eða lítil, þá skulum
við altaf hafa það hugfast, vinir mínir,
að við sem ungir erum, og á leiðinni
að þessu setta marki, stígum stórt
skref til baka, um leið og við byrj-
um á nautn tóbaks eða víns.
En athugum nú þetta frá fleyri hlið-
um, setjum svo, að við eigum foreldr-
a, sem við vitum að einu sinni
hafa verið ung og reyst sjer borgir,
eins og við nú, sem hafa hrunið
þegar þau þurftu að fara að berjast
fyrir tilveru okkar, af því að við
höfum verið mörg á sama reki.
Getum við sett okkur í þeirra spor,
og giskað á hver hugsunarháttur þeirra hef-
ur verið þá, þegar borgirnar hrundu
hver af annari, og ekkert lá framund-
an nema basl og armæða, Við skul

Skjalasafnið Ísafirði

reyna; ávist við getum rjett, en trú-
legt þykir mjer að hugsunarháttur,
sumra mæðra, undir slíkum kring-
umstæðum, sje eitthvað á þessa leið
„Jeg verð að sætta mig við það sem
komið er, vonirnar mínar eru hrund-
ar, eina gleðin mín elsku börnin,
og maðurinn ef hjónabandið gengur
óskilega, Jeg verð að bera mig að lifa glöð
og bera umhyggju fyrir börnunum
mínum eftir mætti, treystandi því
að þau verði svo efnileg og mannvæn-
leg, að þau bæti mjer þá gleði þeg-
ar þau eru komin upp, sem jeg
misti þegar vonirnar mínar hrundu,
af því að jeg sleit kröftum mínum
til að koma þeim til manns.“
Höfum það hugfast vinir mínir; að
ef einhverjir af okkur eiga móður
sem hugsað hafa á þessa leið, þá
skulum við reyna að hugsa út í,
fyrir hve miklum vonbrigðum
og gleðimissir ~~(til)~~ þær verða þegar
þær frjetta (eða sjá) að synir þeirr-
a eða sonur, verðin tóbaks-

Skjalasafnið Ísafirði

maður eða drykkju-skrallari.
En hvort sem við eigum móður sem vaka yfir velferð okkar, eða stöndum einir og berjumst við að verða menn, þá gleymum ekki að það er ekki gæfuvegur, að neyta tóbaks eða víns.

Stjáni.

Afmælið hans Jóa
Klukkan var að verða fimm; það var búið að kveikja í hverjum krók og kima í húsinu, og draga tjöldin fyrir gluggana. Frú Halla var viðbúin að taka á móti boðs-gestum þetta kvöld, og Jói sem var orðinn svo fjarskalega fínn og fín, beið með óþreyju eftir þeim.
Að lokum var dyrabjöllunni hringt. Frú Halla fór til dyranna, það voru prestshjónin sem komin voru, og Árni og Anna börn þeirra. Frú Halla bauð þau velkomin, og vísaði þeim til

Skjalasafnið Ísafirði

stafn, þá var hrinkt, og aftur hrinkt.
og fólkið kom hvert af öðru. þar til alt
sem boðið hafði verið var komið.
Flestir voru með böggla og töskur, sem
vissulega hafa verið með afmælisgjöfum
til Jóa, enda var hann kátur og talaði
glaðlega við kunningana.
Svo var sest við súkkulaði og kaffi-
drykkju, með hinum finustu og viðhafn-
armestu kökum sem hægt er að hugsa
sjer, það ljek bros um hvers mans and-
lit.
Að drykkunni loknu sagði Jói, „nú vil jeg eitt-
hvað fara að skemta okkur krökkunum."
Hann tók leikjabók og spurði Ara. hver
er aðal lyndiseinkun þín?, Ari kaus
töluna 14, var það nöldrunarsamur,
svo spurði hann hin, þau kusu sína töl-
una hvert, svo fóru þau í ýmsar glett-
ur og leiki, Fullorðnu karlmennirnir spil-
uðu knikk tveir og tveir.
Frú Halla sat við hlið Maddömmu Gyðríðar, og spurði
í hana hvert hún hefði nokkuð frjett síð-
an þær sáust síðast?. „Jeg frjetti núna
á dögunum," sagði Maddama Gyðríður, „að

Hinrik á Hærrafelli væri nýtrúlofaður, og það væri allra myndarlegasta stúlkan þar um slóðir, sem hann hefði hlotið, svo hefðu fengt 2 hestar hjá bóndanum á Gilsbakka" „Ójá það var ekki svo lítilfjörlegur vinningurinn sem hann gerði um daginn, og varla mun spurt en þá, hvað af honum hefur hlotist, en altaf er þó hálfur haustskaðinn, eins og máltækið segir." sagði Frú Halla.
„Þá jeg ansa því málinu seinna Hinrik trúlofaður unglingur rjett 19 ára gamall, en hann er nú vel gefinn drengurinn sá, bæði til líkama og sálar;" hjelt Frú Halla áfram, svona röltandi þar fram og aftur drykklanga stund.
„En hvað þau eru lík systkinin, hún Anna og hann Árni. jeg er viss um að þau þekktust ekki hvort frá öðru, ef þau færu í sama búning bæð" sagði Frú Halla, Svo komu þar sjer saman um að fjórir af drengjunum skyldu fara í upphluta. og urðu fyrir því Jói. Árni, Bjössi og Matti. Strákarnir skræktu af kæti yfir því að verða sama sem kvenmenn! Þeir hnepptu sig úr blússunum, og voru í einum hendingsspretti.

Skjalasafnið Ísafirði

komnir í upphlutana, en það varð að hnaða saman böklum úr dulum, til að láta á brjóstin á þeim, svo búningurinn færi vel.
En nú var eftir skotthúfan, það var enginn hægðarleikur að festa henni, því allir voru drengirnir nýklipptir. En einhvern vegin var þeim samt fest, en varlega urðu þeir að fara, til að missa þær ekki af sjer.
Sumir kunnu illa við skotthúfuna, en öðrum þótti pilsin þung.
Krakkarnir fóru í pantaleik, og var Bjössi dæmdur til að krossfestast, stóð hann fast upp við hurð þar í stofunni, og bað að hver sem væri sjer kærstur, kæmi og leysti sig af krossinum, svo hljóp Matti til og ætlaði að hjálpa honum, en hann krossfestist líka. Svona gekk það þar til allir krakkarnir voru krossfestir, en Bjössi sem ekki bjóst við neinum hrekk, var alt í einu kominn aftur á bak yfir á stássstofugólf, og allur skarinn ofan yfir hann. Sjera Tómas hafði þá staðið bak við hurðina, og opnað, svo allur skarinn fjell yfir á gólfið, en við fallið mistu drengirnir skotthúfurnar, og þar með var leiknum lokið.
Fíla

Skjalasafnið Ísafirði

## Seppi og rjúpa

Það var einn fagran. sólrýkan sumardagsmargun, að ernar mínar runnu í halarófu á undan mjer, neðan blómskrýdda hlíðina, lækirnir hjöluðu, fuglarnir kvökuðu, daggardroparnir blikuðu sem stjörnur á himni, um heiðskýjat vetrarkvöld. Ég var hugfanginn að horfa á þetta alt, ernar mínar dreyfðu sjer um hlíðina, jeg settist nú niður og horfði í kring um mig, sá jeg þá hvar rjúpa vappaði fram úr einum runna, með 11 unga, Mjer þótti gaman að horfa á hana með fallega hópinn sinn, en ekki varð það löng stund, því nú kom seppi auga á hana. Hann þaut upp og elti rjúpuna, en hún varði sig og ungana, með því að fljúga á undan honum.

Á meðan földu ungarnir sig í runna, Nú fór seppi að hætta að elta rjúpuna, og kom til mín, leiðinlegur yfir að ná ekki í hana, kom hann þá auga á unga. tók til fótanna, hljóp á eftir honum. Jeg kallaði á hann, en hann gengti ekki

Skjalasafnið Ísafirði

í því kom rjúpan, flaug framan í seppa, svo hann misti ungans, og kom snéiptur til mín, þannig bjargaði rjúpan fallega hópunum sínum.

## Mundi.

## Bylur á Snæfjallaströnd.

Jeg frjetti núna á dögunum, að alls ekki fyrir löngu hefði komið mjög skæður bylur á Snæfjallaströnd. Ekki veit jeg hvaða ár það var, sá sem sagði mjer, mun i ekki ártalið, en ekkert gerir það til, það var víst eitthvað í kringum aldamótin 1900. Svo mikið er víst að það var á þeim árum, sem spekulantarnir komu nálega inn á hvern fjörð og flóa landsins, og unglingar frá þeim bæum sem næstir voru, þeim vík eða vog sem þeir lögðust, voru sendir uppum hjerað landsins til að boða frekn ina, að nú væri spekulantinn kominn. Þá var nú uppi fótur og fit á fólk

inu í sveitunum, drengir sóttu hross-
in, karlmenn bundu ullina og bjuggu
upp á (hestana), en konur þvóðu sjer,
greiddu og fóru í besta fötin sín,
því altaf var það venja þeirra að
fara sjálfar með ull sína í speku-
lantinn, og taka út á hana vefnaðar-
vöru, sykur og brauð, sveskur og þaddan
nakkuð.
Oftast var það siður að þegar konurn-
urnar komu af spekulöntunum, lofuðu
þær vinnukonunum fram að taka út
í reikning, upp í eitthvað af kaupi
sínu, sem ekki var víst mikið í
þá daga.
Já eitthvað var það á þessum blóma
árum Íslensku búkonanna sem bylt-
urinn kom þarna á ströndinni, það
hafði verið í ágústmánuði, og þótt um
þann tíma árs væri, var hann mjög
grimmur, eins og fyr er getið.
Til dæmis og sanninda merkis um hvað
veðurharkan var mikil, læt jeg
þess getið, að allir hýrndir hrút-
ar sem þá voru á Snæfjallaströnd

Skjalasafnið Ísafirði

veturgamlir og þaðan af eldri, voru kollóktir eftir bylinn, hefði þá kári skelt þeim svo skart við steinana að hornin uðu undan (þegar þau urðu fyrir högginu) að láta og brotna af hausunum. Sömuleiðis höfðu mörg lömb þar í ströndinni eftir þennan ungetna byl, sjest koma heim til bæa, gangandi á framfótunum, en dragandi afturkroppinn, því kári hafði gert afturfótunum á þeim sömu skil og hornunum á hrútunum.
Jeg set þetta hjer vegna þess að slíkir viðburðir sem þetta, mega ekki hverfa í gleimskunardjúp, því við Íslendingar megum altaf vera við slíku búnir, já altaf vondu! því það góða skaðar mann ekki.

Stjáni.

Skjalasafnið Ísafirði

## Skrítlur.

A. Hefur ærin þessi átt lamb í vor?
B. Af hverju spurðu?
A. Af því júnið á henni er svo stórt.
B. „Blessaður vertu, þetta er hrútur."

Gesturinn: „Ókn stekkur hundurinn þinn hátt. af hlaði upp á bæjarburst."
Húsbóndinn: „Blessaður, sérðu ekki að þetta er hrafn."

Einu sinni voru tvær kerlingar að tala saman, þá rak önnur augun í stórt bein sem lá þar og spir: Er þetta bein úr sjávarskepnu? Hin svarar, „nei sérðu ekki að það er úr hval."

H + Ý.

Skjalasafnið Ísafirði

# Unglingur

## Blað Ungmennafjelagsins „Framsókn“

6. Blað 30 Sept. 1923.

Ritnefnd

Ragnar Jóhannsson. Jón K. Helgason. Hjörtur H. Sæmunds[son]

### Þakkarávarp.

Með fáum orðum vil jeg þakka Stjána fyrir greinina „Tóbaks og Vínnautn“ Er jeg honum hjartanlega þakklátur fyrir þá bendingu er hann gefur bæði mjer og öðrum.

En því, ver og miður er jeg fallinn svo djúpt ofaní tóbaksglasið og önnur þesshattar ~~ílát~~ ílát, að mjer veitist líklega örðugt að komast uppúr þeim aftur. Og þá bera nú ~~ílát~~ klútarnir þess vott. ekki eru þeir svo þrifalegir En jeg er svo heppinn enn; hvað stúlkurnar eru góðar við mig að streitast við að þvo þá; hendurnar þvæ jeg sjálfur. Sjerstaklega virtist mjer greinin koma svo mikið við þennan þvottrauka á vasaklútunum. Og það mun nú satt vera; eykur erfiði og svo þvott[a]

efni. En það er nú litthvað við það
að jeg hef sjeð klúta og annan fatnað
hjá því fólki sem ekki hefir þennan
óþverra um hönd, langtum útlitsljótari
en tóbaksklútana hjá sumum.
En eins og jeg kem hjer við er jeg
ekki með þessari nautn, hvað afleiðingar
og eyðslu snertir. Jeg veit það svo
sem að þetta kalla reglumenn bara
hreint og beint fryvilja. Aldrei skildi
maður dæma aðra of hart. fljótur er
maður að falla. Jeg hefi ekki yfir
langan lífsferil að ~~líta~~ fara, en samt
t.d. þekki jeg mann sem fyrir fáum
árum hafði svo mikla óbeit á vín-
nautn að hann mátti ekki heyra
eða sjá þann mann sem hafði áfengi
um hönd. En svo djúpt er þessi
maður fallinn nú að honum er ekki
uppreisnarvon. Ekki er svo að skilja
að jeg sje að halda með þessu, langt
því frá, þetta er bara aðeins dæmi
fyrir þessu sjálfstæði
Mjer væri stórkostleg ánægja að
geta hætt við alla óreglu ef

Skjalasafnið Ísafirði

nokkur þök væri á. — Fleiri orðum fer jeg ekki um þetta, bið lesarann að taka viljan fyrir verkið.

Ónefndur

## Framsókn

Eitt af því sem við öll þurfum að hafa hugfast sem í þessu fjelagi erum, er það að við verðum öll að vinna að því í sameiningu að þessi fjelagsskapur verði sókn fram á við eins og nafn það er við gáfum fjelaginu bendir á. Við megum ekki sjálfra okkar vegna láta fjelagið okkar sofna svo að segja rjett í fæðingunni við þurfum með samhug og samtökum að keppa að þessu sameiginlega takmarki sem við höfum öll sett okkur. ~~að~~ við munum það að í stefnuskrá vorri stendur meðal annars þessi grein: Meðan vjer erum í þessu fjelagi viljum vjer af alhug vinna að heill og þrifum þjóðar vorrar í öllu því sem þjóðlegt er. gott

Skjalasafnið Ísafirði

og gagnlegt. alt það sem getur orðið oss sjálfum eða öðrum til góðs á einhvern hátt. Við höfum sett markið hátt og það þarf bæði góðan vilja sterkan áhuga og síðast en ekki sízt. við þurfum að sýna þetta í verkinu.

Við lofum öll með því að ~~[illegible]~~ undirrita stefnuskrá vora að inna af hendi sjerplægnislaust alt það sem oss er falið á hendur a vinna fyrir fjelagið. Við megum ekki setja á okkur fýlusvip þó að við sjeum skipuð í nefndir eða til annara starfa og segja sem svo að við sjeum ekki fær um að leysa þetta starf af hendi; því að við erum öll byrjendur á þessu sviði og það er ekki hægt að heimta alt fullkomið að minsta kosti ekki fyrst í stað, en viðleitnina getum við sýnt við þurfum að venja okkur á það að láta aldrei vera hægt að segja um okkur að við höfum dregið okkur í hlje. Við megum ekki kasta allri ábirgð á einn eða tvo menn því að það er okkur öllum að kenna ef að fjelag þetta getur ekki þrifist og blómgast eins og önnur fjelög sem vinna að sama marki

Skjalasafnið Ísafirði

Þess vegna skulum við öll taka höndum saman og sameiginlega vinna að okkar setta marki og muna að það er bara – fram – fram – á hverju sem veltur og þó hvast blási á móti

Ragnar.

Skjalasafnið Ísafirði

# Unglingur.

Blað U.M.F. „Framsókn"

Ritnefnd:
Kristín Hjaltad.
Þórður Ólafss.
Hafliði Ólafss.

| 1. ár | 4. nóv. 1923 | 7. blað. |
|---|---|---|

## Tímamót

Ekkert er stöðugt í heimi hjer, heldur sífeldum breytingum háð, bæði í tíma og rúmi.

Stundir og dagar dvína, og hníga í grafardjúp gleymskunnar, ár og aldir fara sömu leið. Nú stöndum við á tímamótum. Sumarið nýliðna er sokkið í ómælisdjúp aldanna, aðeins minning þess er mörkuð í huga okkar og spegilmynd þess sjálfsagt harla ólík í hugum okkar; valda því: misjafnir myndtökuhæfileikar, ólíkir eiginleikar og síðast en ekki síst ólík æfikjör, því: sínum augum lítur hver á silfrið:

Sumum hefir sumarið veitt uppfyllingu óska sinna og gefið nýjum vonum byr undir báða vængi; en öðrum hefir það fært sorgir og andstreymi og lagt vonir þeirra í myrka mold. Þar er misjafnt skift.

Sumarið liðna á aldrei afturkomu, en viðburðirnir geta endurtekist og víti þess orðið til varnaðar á komandi árum

Skjalasafnið Ísafirði

Margs hljótum við að sakna frá sumrinu.

Lífið, sem hvarvetna blasti við sjónum í ríki náttúrunnar er liðið undir lok, ómur loftfaranna hljóðnaður þeirra, sem sungu svo fagurlega sinn óviðjafnanlega lofdýrðaróð um ljós og líf, fegurð og frelsi, ást og unað.

Brekkurnar, sem brostu við sólinni með angandi blómskrúð standa nú berar og blásnar og lífs frjóin, sem þær hafa alið liggja falin í foldu þar til ylgeislar sólar á nýju vori verma svörð. Ekkert stenst harðneskju vetrarins og dregur sig því í hlé. aðeins lífsvonin er falin í varðborg veðranna.

Og mennirnir hafa náttúruna að fyrirmynd. Á sumrin flykkjast þeir í sveitina til að njóta dýrðar hennar og dásemdar, en hverfa svo eins og farfuglarnir sem svífa suður yfir höf, þegar haustar að og húma tekur. Fylkingar sveitanna þynnist einnig. Útþráin togar æskuna út fyrir endimörk átthaganna, til hins óþekkta. því að æskuna fýsir alltaf öllum tjöldum að lyfta.

Sumir fara í þekkingarleit, aðrir flýja fáleika og skemtanaskort sveitanna, því þeir hyggja að gæfa ríki ávalt í gleðisölum og leita hennar því þar, en fá í þeirri leit oft steina fyrir brauð.

En þó að við söknum sumarsins fögnum við eigi að síður í hönd farandi vetri, því undir náblæju hans liggi afkvæmi sumarsins, það, sem ljós og ylur hafa alið

Skjalasafnið Ísafirði

Og þó erfiðara gangi þá að grípa gull náttúrunnar, getum við þó grafið til gulls, bæði í sjóði sálar okkar og arfi aldanna. Og: „að skýra og móta sinnar sálar-gull að síðstu reynist það, sem mestu varðar.“

Það ætti því að vera viðfangsefni allra að yrkja okkar andans lendur, láta einhvern andlegan þúfnabana eyða þúfunum úr hugtúnunum okkar, sem sumar, eru engu betri viðureignar en túnþúfurnar Íslensku, þó illar séu, svo að það sem þar er sáð geti borið þroskamikinn ávöxt, og að þar væri ekki illgresi á meðal hveitisins.

Íslensku vetrarkvöldin eru vel fallin til að auka andans gróður okkar, bæði til sjós og sveita.,

Á þeim hafa forfeður okkar á liðnum öldum varðveitt og viðhaldið bókmentaarfi áanna, og á þeim hefir Íslenskur æskulýður - og getur engu síður enn þá, ausið úr minnisbrunni mannvits og málskrúðs sinna andlega afreksmanna. Og væri illt til þess að vita ef hlutverk kvöldvakanna væri með öllu annað nú, og þá eflaust lakara.

Og „Unglingurinn“ vonar þess fastlega að aðstandendur hans verji tómstundum sínum svo í hans þágu að hann geti vaxið að viti og vexti, á komandi vetri.

Hallur á Hamri

Skjalasafnið Ísafirði

## Haustganga.

Það var haust. Sólin gekk lágt yfir sjóndeildarhringinn og optast falin að baki þykkum og svörtum skýflókum, en þá sjaldan hún gat sjá sig var skin hennar daupt, og ásjóna hennar þvílík sem væri hún þreytt eftir sumargönguna.

Náttúran öll var grálynd og grett, fölvi haustsins sást hvarvetna, dimmviðrið og dapurleiki þess lá sem martröð á mönnunum og málleysingjum.

Blómin voru bliknuð á grundu, björkin sat hnípin í hlíð og horfði þögul á eftir glitklæðunum grænu, sem vondska veðrattunnar hafði til foldar fellt.

Farfuglarnir voru fyrir löngu farnir burt í fjarlæg lönd, eftir að hafa aukið á sumargleði okkar með sínum sólsöngvum.

Mjer varð reikað út. Brimniður barst að eyrum mínum. Jeg gekk til strandar og horfði um stund á hildarleik hafsins. Ægir karl fór hamförum, sem væri hann að úthella reiði sinni. Dætur hans ljetu hvern löðrungin á fætur öðrum dynja á steinunum, sem stóðu í fjöruborðinu. Öðru sinni hafði þeim þó verið annað í hug. Það var á vordegi, þegar sólin gylti hauður og haf. Sunnanblærinn hafði borið þar lengst utan af hafi, og

ekkert hafði orðið á vegi þeirra nema nokkur skip, sem brutu drifhvítu faldana þeirra og héldu svo fyrir lítið og leiðar sinnar eins og ekkert hefði ískorist.

Að endaðri þeirri leið var það, að fundum þeirra bar saman við steinana á ströndinni.

Ó hvað þær voru fegnar. Þær lékku við hvert sinn fingur af fegimleik yfir því að hitta þó loksins einhvern, sem virti þær viðlits eftir hina löngu auðn einverunnar.

Þær hjöluðu og hlógu, gátu jafnvel ekki stilt sig um að rjetta steinunum koss stöku sinnum.

En steinunum virtist ekki verða mikið um, og sást ekki að þessi ástaratlot unnardætra rugluðu þeim neitt undir rifjum. — Slíkt er steinhjarta!!

Þannig hafði það gengið alt sumarið.

Nú voru þær loksins orðnar þreyttar á því að úthella ást sinni án endurgjalds, og blíða þeirra var breitt í söng saknaðar og gremju, yfir grályndi gæfunnar.

Það var brimniðurinn, sem barst til eyrna mjer. — Það var hefnd þeirra. — En steinarnir — mig undraði á kaldlyndi þeirra — en þó um leið hjarta og staðfestu. Minna um slíkt í mannheimum.

Jeg yfirgaf „ægir Karl með ygldar brár" og gekk eftir veginum niðursokkinn í hugsanir mínar.

Er jeg hafði gengið nokkurn spöl staðnæmdist eg. Hvað var þarna vestan við veginn — lóa — gat það verið —

Skjalasafnið Ísafirði

og systur hennar allar löngu farnar – jú – það var ekkert um að villast. Hún var þarna alein, hjúfr-aði sig að stórum stein, er þar stóð.

Það hlaut eitthvað að vera að henni – og þó leit hún ekki þannig út. Hún var svo ágnar ánægjuleg þarna upp við kalt bergið, og virtist jafnvel ekki gefa því neinn gaum þó gengið væri þar allnærri.

Hvernig ætli standi á því að þessi sumargestur hefir orðið viðskila við förunauta sína, hugsaði eg.

Hefir hún villst frá systrum sínum? eða valda önnur ósjálfráð atvik þarveru hennar? Eða hefir hún gert þetta af ásettu ráði? Og það þótti mjer sennilegast.

En hvað olli því? Mjer fannst eg skilja það.

Hjer hafði henni liðið svo vel á liðnu sumri, og endurminningin sveipað hverja hæð og laut fagnaðar og fegurðarblæju, og gjörði staðina helga í huga hennar, og þó sjerstaklega þennan stein. Henni fannst hún eiga þarna rætur, og þær gat hún ekki slitið. Það varð að koma, sem koma vildi.

En vesalings lóan, skyldi hún hafa hugmynd um hvað bíður hennar í skauti íslensks vetrar. Óhnaðhvort ekki eða hún hugsar á þessa leið: Hversu áumræðilega má eg vera vesöl ef mjer er ekki óhætt í skjóli steinsins þess arna. Hann, sem hefir staðið hjer frá upphafi sinnar jarðnesku tilveru berskjaldaður fyrir bragðlaik náttúrunn

En þó hefir ekki tímans tönn meira áunnið en svo, að enn má heita að hann sje í fullum blóma.

Eða ef til vill vonar hún að geta „kveikt líf í stein“. Slíkt er ofurmagn ástarinnar.

Hallur á Hamri

Skjalasafnið Ísafirði

| | Unglingur. | Ritnefnd: |
|---|---|---|
| | Blað U. M. F. „Framsókn" | Gísli Sæmundsson<br>Líneik Árnadóttir<br>María Elíasdóttir |
| 1. ár | 9. des. 1923 | 8. blað. |

## Lóan.

Einn fagran vordag, var jeg á gangi úti. Mjer hafði verið leyft út að leika mjer og var jeg að velta því fyrir mjer, með hverju jeg ætti að skemta mjer og varð mjer þá reikað ofan á túnið í þeim hugleiðingum. Það var í gróanda og sást glitta í sóleyjar hjer og þar er þær breiddu út gulu kollana sína móti sólinni, eins og þær vildu faðma hana að sjer. Svona hjelt jeg áfram, en allt í einu hrökk jeg við, við lítið hljóð, jeg áttaði mig ekki á hvað það kom og fór þessvegna að hlusta betur. Eftir litla stund heyrði jeg hljóðið aftur og virtist mjer það koma úr grasinu. Jeg fór nú að gá að hvort jeg sæi nokkuð og sá jeg þá grasið hreyfast litlum spöl frá mjer. Jeg fór að verða forvitin og fór því þangað sem jeg sá hreyfinguna á grasinu. Og hvað sje jeg? Ofurlitla lóu liggjandi í grasinu. Mjer datt strax í hug að eitthvað myndi vera að henni fyrst hún flaug ekki upp þegar jeg kom til hennar. Jeg tók hana gætilega upp og lagði í lófa minn og fór

Skjalasafnið Ísafirði

að gæta að hvort hún væri hvergi meidd, og sá jeg þá að hún var vængbrotin. Jeg aumkvaðist yfir aumingja lóuna, þegar jeg sá hvernig hún var útleikin og hugsaði mjer að reyna að bæta kjör hennar. Jeg fór nú heim og sótti korn og gaf henni. Síðan fór jeg að bögta við að búa til hús úr steinum og breiddi svo poka ofan yfir fyrir þak. Þarna ljet jeg svo lóuna inn í. Svo ól jeg hana þarna nokkra daga, en einn morgun þegar jeg kom með matinn handa henni, sá jeg mjer til mikillar hryggðar að hún var horfin. Jeg fór nú að leita en fann hana hvergi, en sá af henni fjaðrirnar út um allt. Grunaði mig þá að kötturinn myndi ekki vera saklaus af hvarfi hennar.

Dísa.

## Staka.

Þeir setja á mig blað og blek
og biðja mig að skrifa.
Bónin sú er býsna frek
jeg bið þá vel að lifa!

Skjalasafnið Ísafirði

## Einstæðingur. (Aðsent.)

Á síðast liðnu sumri fór jeg til fiskiveiða inn í Djúp og náðum fram af Melgraseyri. Á meðan við gáfum legu var jeg að virða fyrir mjer húsabyggingar Jóns bónda og virtust mjer þær myndarlegar. En hvað sá jeg þar sem gamli bærinn hafði staðið? Tóftir jafnaðar við jörðu. En eitt hús stóð eftir. Það sögðu piltar mjer að væri kyrkjan. En hvað mjer virtist hún vera einstæðingsleg. Ef þjóðkyrkjan okkar væri svipað stödd. Einmana yfir rústum látinna vona. Hvað gætum við þá gjört fyrir hana?

Falur frá Fjalli

## Hræðsla.

Kitti litli hljóp svo hratt sem hann gat, heim grundina yfir bólið og túnið og inn í bæ. Hann var um morguninn að koma frá að reka ærnar. Þegar hann kom inn, spurði mamma hans, „því ertu svona sveittur, drengur minn Hann sagði: „Þegar jeg var kominn að honum Þránd, þá sá jeg eitthvað í fjörunni" „Og hvernig leit það út, barnið mitt?" „Það var líkt og fugl, en gat ekki flogið, var bara alltaf að líta við og horfa á mig. Þá varð jeg svo hræddur." Þá sagði mamma hans: „Far þú ofan á tún til piltanna og segðu þeim frá því sem þú sást" og hann gjörði það. Furðu fljótt fór hræðslan af Kitta litla við að velta sjer í ilmandi töðunni

Skjalasafnið Ísafirði

og tína sjer sóleyjar og fífla. Skömmu síðar kom Siggi vinnumaður heim með dauðan sel, því hálfdauður lítill kópur var það sem Kitti litli hafði kroaðst.

Falur frá Fjalli

Samtal.

Fyrir skömmu hlýddi jeg á tal tveggja manna. Annar var fjelagi úr „Framsókn“, hinn aðkomumaður, gamalkunnugur. Þurfti hann að spyrja um margt, en hinn leisti greiðlega úr flestu. Að lokum barst talið að U. M. F. „Framsókn“ eitthvað á þessa leið: „Hvernig gengur það með ungmennafjelagið hjá ykkur?“ „Ágætlega, meðlimum alltaf að fjölga, þeir eru nú orðnir yfir 30“. „Það er gott að heyra, en hvað gjörir svo fjelagið?“ „Gjörir — ja - við höldum fundi við og við“. „Jæja, eru fjörugir fundirnir hjá ykkur?“ „Ójá, svo er jeg að vona að þeir batni heldur, því okkur er að fara fram að tala og svo er Kitti á Hjöllum kominn í fjelagið og eitthvað mun hann láta til sín heyra.“ „Jæja, og þú ert svo ánægður, þið eruð þarna yfir 30 í fjelagi, auðvitað kjarninn úr ungmennum sveitarinnar, og látið ykkur

Skjalasafnið Ísafirði

nægja með að halda nokkra fundi.
Finnst þjer ekki að þið þyrftuð eitthvað að beita þeim góðu starfskröftum sem hljóta að vera innan fjelagsins, framkvæma eitthvað nýtilegt. t.d. þurfið þið ekki endilega að koma ykkur upp húsi?" „Hvort við þurfum, jú, jeg held það nú. Í þessu húsi sem við höfum er ekkert hægt að gjöra nema halda fundi? Svo er það svo kalt, að við ætlum að drepast ef ekki er hláka. Það var nú verið að tala um að halda skemtun í haust, en það hefur ekkert orðið úr því, líklega mest vegna plássleysis, svo ekki verður bygt fyrir tekjurnar af því. Annars skifti jeg mjer ekkert af þessu, stjórnin á að sjá um það." Já, jeg veit, að það fyrsta sem þið getið gjört, er að koma upp góðu húsi, það dugar ekki að bíða eftir að peningarnir komi upp í hendurnar á ykkur. nei, húsið verður að koma fyrst svo koma tekjurnar á eftir. Þetta verðið þið að ræða rækilega – helst í blaðinu – hvort þið eigið að ráðast í þetta, hvenær? hvernig fyrirkomulagið eigi að vera? hvað það muni kosta o.s.frv.? Um þetta þyrftu sem flestir að láta til sín heyra. Það er skakt að ætla

Skjalasafnið Ísafirði

stjórninni einni að ráða fram úr þessu og öðru eins. En því miður hefur það viljað brenna við, að einstaklingarnir dragu sig sem mest í hlje, varpa vandanum á aðra, t.d. stjórnini, ef um fjelag er að ræða. Skamma hana svo á eftir, ýmist fyrir það sem hún hefur gjört eða ekki gjört." Meira heyrði jeg ekki af samtalinu. En við taka undir með aðkomumanni. Þetta mál er þessvert að við gefum því alvarlega gaum. Læt að líkindum eitthvað til mín heyra síðar.

Grámann í Garðshorni

## Frónsögur.

Á síðasta fundi er skautaferðir voru til umræðu er sagt að menn hafi yfirgengið sjálfa sig svo til vandræða horfði. Á Kristjáni á Hjöllum sá ekkert, enda er hann þaulæfður skautamaður frá fyrri tíð. En um Gísla og Hafliða var sagt að þeir fylgdu tæplega fötum vegna harðsperru, lágu þær aðallega í handleggjunum á Gísla en hnjánum á Hafliða, en þetta hlýtur að vera mjög orðum aukið, eftir því sem ólyginn maður sagði mjer. Skömmu eftir þennan umræðufund, fór E/S. „Esjan" inn í Djúp til Arngerðareyrar, en þegar hún fór út hjá Ögri — auðvitað með fullri ferð — hafði Gísli róið hana uppi,

Skjalasafnið Ísafirði

þótti það ekki benda á mikinn lasleika.
Um líkt leyti var Bragi á ferð með póst um Djúpið, þurfti Hafliði að koma brjefum á hann, en varð nokkuð seinn fyrir. Því þegar hann kom út á hlaðið á Strandseljum með brjefin, var Bragi að beygja upp á Ögurvík. Báðir komu jafnt í Ögur. Þykir slíkt göngulag ekki heiglum hent.

Grímann í Garðshorni.

Skjalasafnið Ísafirði

| 2. ár | Unglingur. Blað U.M.F. „Framsókn" | Ritnefnd: Hermann Hermannsson, Kristján Kristjánsson, Hansína Hansdóttir |
|---|---|---|
| | 13 Jan. 1924 | 1. blað |

## Skíðaferðin

Veturinn sem jeg var á Barði, var einn sá skemtilegasti sem jeg man eftir, jeg var þá vikadrengur innan við ferminguna. Fólkið var margt og jeg hafði lítið að gjöra, mátti því oftar vera úti að leika mjer. Jeg átti skíði og notaði þau óspart enda mjög snjóasamt þann vetur. Svo spilti það nú ekki ánægjunni að á næsta bæ sem hjet á „Bergi" var Siggi jafnaldri minn mesti skíðagarpur að mínu áliti og sjerstaklega kátur og fjörugur. Við vorum altaf saman þegar færi gafst. — Þá var nú tíminn fljótur að líða. Svo var það einn laugardag um miðjann veturinn að við hittumst sem oftar og höfðum mikla ráðagjörð fyrir morguninum, og var það afgjört

-að við skildum fara alla leið framá
heiðar brún því þaðan mátti fá margar
góðar brekkur á heimleiðinni, síðan
ákváðum við tímann er við skildum
hittast og skildum fullir tilhlökkunar.
. En um kvöldið kallar húsbóndinn mig til
sín og segir: „nú þarf jeg að senda þig
yfir að Hóli á morgun ef gott verður veðrið
þú klárar þig af því.“ Jeg játti þessu, en
þið getið ímindað ykkur hvað jeg hugsaði
þarna átti ráðagjörð okkar Sigga að verða
að engu, það voru mikil vonbrigði svo
gat jeg ekki látið Sigga vita um þetta
. Að Hóli hafði jeg komið nokkrum sinnum
þangað var hægur 3 tíma gangur ef farinn
var hálsinn. Um morguninn þegar bjart
var orðið fór jeg að hafa mig til vegar.
Þegar jeg kvaddi bónda sagði hann
mjer að jeg skildi vera á Hóli um nóttina
því annars mundi jeg lenda í myrkri.
Jeg lagði nú á stað, tók skíðin með
mjer enda þó jeg gæti ekki notað þau
fyr en jeg kæmi yfir í hálsbrúnina.
Jeg var í undarlegu skapi, óánægður
yfir að tapa skíðaferðinni með Sigga, en

Skjalasafnið Ísafirði

dálítið upp- með mjer af því að vera sendur í svona langferð. Þegar jeg kom yfir á brúnina hugsaði jeg gott til að stíga á skíðin og renna mjer ofan, en þegar til kom leist mjer ver á, það var svo bratt og víða steinótt. Jeg fór því mjög gætilega settist á skíðin þar sem mjer sýndist ágilegast „Mikið mundi nú Siggi hlæja ef hann sægi mig nú" hugsaði jeg. En hvað var þetta! þarna voru menn á ferð niðri í hlíðinni þegar jeg kom nær sá jeg að þetta voru 3 strákar að renna sjer á skíðum, jeg þekti þá strax þeir hjetu allir Jónar, tveir þeirra voru frá Hóli en einn frá Núpi varð nú heldur fagnaðar fundur, jeg slóst óðara í leik með þeim, en þetta voru karlar í krapinu, slíka skíðagarpa hafði jeg aldrei sjeð. En hitt á jeg líka að „ekki eru allir Jónar jafnir" að minsta kosti ekki á skíðum, því þó ótrúlegt sje þá var minsti Jón lang-bestur, svona hjeldum við áfram rennandi, dettandi og hlæjandi og vorum ekki af fyr enn farið var að rökkva, þá var haldið heim til bæjar, þar fjekk jeg hinar bestu viðtökur. Þannig reyndist

Skjalasafnið Ísafirði

daginn hinn skemtilegasti þó jeg hefði búist við öðru

Krummi í Klettagjá

## Rúna

Jeg ætla að segja ykkur dálitla sögu af telpu, sem hjet Rúna. Hún hafði mist móður sína þegar hún var ung og var nú með föður sínum sem vann fyrir henni. Faðir hennar var henni óskapa góður og vildi alt fyrir hana gera og telpunni þótti líka undur vænt um hann. Eitt sinn um vorið fór hann í kaupstaðinn sem var þar skamt frá, ó, hvað Rúna hlakkaði til þegar pabbi hennar kæmi aftur, vissulega myndi hann gefa henni eitthvað fallegt.
Hún beið með mikilli óþreyju í tvo daga sem hann ætlaði að standa við í kaupstaðnum. Sunnudags morguninn rann upp bjartur og fagur, sólin skein í heiði og fuglarnir kvökuðu yndislega Rúna litla vaknaði snemma um morguninn henni var lofað að fara í sparikjólinn og hún flétt

sjer nú mikið á fætur og fór út, hún beið
heldur ekki boðanna en hljóp beina leið ofan-
að höfninni og þar beið hún þangað til hún
sá gufubátinn koma. Bátur var settur á
flot og honum róið í land, Rúna litla
athugaði vel mennina sem sátu í bátnum,
jú, þarna þekti hún föður sinn, hún beið enn
þar til báturinn lenti og mennirnir stigu
á land. Loksins kom pabbi hennar hún
ætlaði að hlaupa í fangið á honum, en
hvað var þetta —? hann var öðru vísi
enn hann átti að sjer að vera, hann rið-
aði allur á fótunum og gat naumast staðið
það leyndi sjer ekki að hann var með víni.
Rúna litla vissi ekki sitt rjúkandi ráð,
hjartað barðist og lamdist eins og það ætlaði
að sprengja litla brjóstið, henni sortnaði fyrir
augum og hún fór að hágráta. Þessu hafði
hún aldrei búist við, hrygg og lömuð tók
hún til fótanna og hljóp alt hvað af tók
heim að bæ og faldi sig þar alt kvöldið
þetta var í fyrsta og síðasta sinni sem hún
sá föður sinn þannig. Nú er Rúna löngu
fullorðin og flutt ásamt föður sínum til
Ameríku hef jeg ekkert frjett af henni nú

Skjalasafnið Ísafirði

í mörg ár, en það sagði hún mjer einu sinni að atvik þetta myndi sjer aldrei úr minni líða.

Karl í Koti

## Bæjaferðin

Einn fagrann sunnudag um hásumar var mjer leyft til bæja. Veðrið var svo gott að það fóru margir þennan dag. Þegar jeg var búin að borða fór mamma að búa mig út til ferðarinnar og gekk það greiðlega síðan kvaddi jeg fólkið og lagði af stað til næsta bæjar því þar voru nokkur börn sem jeg vissi að ætluðu til bæja líka. Við lögðum svo á stað upp í hlíðina og vorum fjögur saman. Okkur gekk vel upp hlíðina og hittum strax á góða laut og fórum að tína og tíndum langa stund án þess að tala nokkuð. Enn þá rauf jeg loks þögnina og sagði „ættum við nú ekki að hætta að tína snöggvast og fara hjerna upp á klettinn og litast ögn um" „jú það skulum

Skjalasafnið Ísafirði

við gjöra" sagði Sigga „En gáið þið að
ykkur að fara ekki útí mýrina strákar!"
Við fórum nú að klifra upp á klettinn
og gekk það ekki sem greiðast. Þegar við
komum upp á klettinn sáum við margt
fallegt, við fórum að hlaupa og fara í leiki
og skemtum okkur ágætlega. Að síðustu
fórum við í Skollaleik, en þegar á leiknum
stóð sem hæðst, vildi það óhapp til að jeg
rak fótinn í stein og valt um koll, en til
allrar ólukku var jeg svo framarlega á klettinum
að jeg steyptist á höfuðið fram af honum
og beint ofaní mýrina. Þetta var ljóta stand-
ið. Krakkarnir þutu allir ofan af klettinum,
en á meðan fór jeg að reyna að brölta upp úr
mýrinni. Það var ljótt að sjá mig svona útleikna
fötin mín voru öll útötuð í leir og drullu og jeg
var háskælandi. Svona útleikin fór jeg nú að
brölta heim, en þegar þangað kom var jeg strax
færð úr fötunum og háttuð ofaní rúm.
Þetta var ljóta berjaferðin!

Fjóla

Skjalasafnið Ísafirði

# Unglingur.

## Blað U. M. F. „Framsókn".

Ritnefnd.
Jón K. Helga[son]
Kristín S. Helga[dóttir]
Bjarni E. Einar[sson]

2. ár. 11. febrúar 1924. 2. blað.

### Ferðasaga.

Það var fyrir skömmu, að jeg brá mjer í ferðalag. Jeg lagði af stað að heiman til næsta bæjar, sem var svona á að giska klukkutíma ferð. Þar voru staddir tveir fjelagar mínir, er ætluðu að verða mjer samferða. Þeir voru nýlega búnir að heimsækja mig, og þá vantaði mig ekki þjóðlegheitin, sem voru hvorki meir eða minna en það, að jeg ætlaði að fylgja þeim alveg heim til þeirra. Jú, það var nú meira en að fylgja þeim úr hlaði, því að þeir áttu langa leið heim, urðu bæði að fara á sjó og landi. Þess ber að geta, að þetta voru frændur mínir, og ekki þarf það að sannast á mjer; „að frændur sjeu frændum verstir"; nei jeg er frændræknari en svo. Jeg taldi ættlið frá ættlið og var búinn að telja svo tugum skifti, og þá þótti mjer vera komið nóg, því að hefði jeg haldið á, þá hefði

jeg ekki hætt fyr en jeg var búinn að rekja að Adam og Evu. En heyrðu lesari góður; það var nú líka sem vakti fyrir mjer að leggja í þessa ferð, og það að heimsækja eitthvað af frændfólkinu.

Nú byrjar ferðalagið; við kveðjum fólkið með virtum og snirtum og það árnar okkur alls góðs. Svo er lagt af stað fótgangandi, að heita má tvær bæjarleiðir. Þaðan var hafin sjóleiðin með stórum vjelabát. Með honum förum við á ákveðna höfn. Ekki var alt búið fyrir það, eftir var að ganga fleiri bæjarleiðir, til þess að komast áleiðis. En þá kom bobbi í bátinn, þegar við erum að stiga af skipsfjöl skellir á þreyfandi norðanbyl svo það var sjálfhætt við að halda lengra. Við gengum heim til bæjar og beiddum gistingar og var hún velkomin. Fátt var þar um fólk, aðeins karl og kerling. Við höfðum nóg að bíta og brenna, en lítið var um gleði eða skemtun hjá gömlu hjónunum; þau sátu hvort á sínu rúmi og höfðu eitthvað handa á milli. Okkur var nú ekki um sel, að hýrast þarna, það var leiðinlegt. En við máttum sleikja út um, að fá að vera inni, því að þetta voru þau feikn, sem ágengu af veðrinu. Svona sátum við fram á kvöld; þá verður mjer það á, að þukla ofan í vasann. Vitið þið hvað, þar voru þá spil. Þetta var nú heppilegt sagði jeg og þreif til spilanna. „Við getum þá alt

Skjalasafnið Ísafirði

af spilað okkur til skemtunar," sagði jeg. „Hvað eigum við að spila?", sögðu þeir. „Já, jeg veit nú ekki", sagði jeg. Jeg hugsaði mig um gekk til gömlu konunnar og sagði við hana á þessa leið: „Þykir yður nokkuð gaman að spila?". „Lítið hefi jeg fengist við það um dagana" segir kerling, „og jeg hugsa að jeg fari ekki að æfa slíkt hjeðan af, því hefði ekki verið liðið það unga fólkinu á mínum uppvaxtarárum að leika sjer að spilum, þó að því líðist alt nú".

Jeg hugsaði mjer að eiga ekki meiri samræður við hana að sinni. Farið þið að gefa strákar við skulum spila rakka heldur en ekkert. Nú förum við að spila og skemtum okkur vel. Kerling var að gefa okkur auga við og við; en jeg ljet sem jeg sæi það ekki. Svona leið kvöldið og sami stormurinn var úti. Þegar komið var að háttatíma, kemur kerling með þrjár skálar af graut og segir okkur að fara að borða, því að nú vilji hún fara að koma sjer í bólið. Við tökum grautinn með þökkum, leggjum frá okkur spilin og förum að borða. Síðan vísar kerla okkur til sængur, og það var eitt rúm fyrir okkur þrjá. Þetta var nú alt gott og blessað einasta að okkur gæfi á morgun. Nú lögðumst við fyrir,

Skjalasafnið Ísafirði

báðum fyrir okkur að vanda og meir en það, báðum
guð að gefa að veðrið yrði gott á morgun, og með það
sofnuðum við. Ekki svaf jeg vært og löng fanst mjer
nóttin. Loks leið að fótaferðartíma, fór þá karlinn
til gerninga og kerling að hita morgunkaffið.
Eftir nokkra stund kemur karlinn og býður góð-
an dag. Við tökum honum með mestu kurteisi og
spyrjum hvernig veðrið sje. Hann„ það er nú svip-
að og það var í gær en hann er ekki rjett eins
kvass: „Hana drekkið þið nú vatnssopann á með-
an hann er heitur„ það er ekki svo lengi að
slá af því í þessum kulda eins og nú er„ sagði
kerling
Þegar við vorum búnir að drekka kaffið,
klæddum við okkur í hasti og gættum til veðurs.
Ekki var hann fallegur, en þó var hugur í okkur
að fara af stað og reina að komast til næsta bæjar.
Já, það var sjálfsagt, þar byrjaði líka undir eins
á frændfólkinu. Við vorum ekki lengi að binda skó-
þveng okkar; kvöddum karl og kerlingu og þökkuðum
þeim fyrir og lögðum svo af stað. Ekki var hann
bjartari en svo, að við urðum að ganga alveg hver
við annars hlið, svo að við mistum ekki sjónar
hver á öðrum. Svona þrömmuðum við áfram,
og náðum klakklaust til bæjar. Þar var tekið
vel á móti okkur, þurkað af okkur og sýnd öll

Skjalasafnið Ísafirði

þægindi. Þarna var líka frændfólkið, það var nú að byrja. Svona gekk það bæ frá bæ, þar til jeg var búinn að fylgja þeim alla leið heim. Þá byrjaði aðal dýrðin; einlæg heimboð og veislur. Stúlkurnar komu í hópum að sækja mig og biðja mig að koma heim til sín, þetta voru frænkur mínar. Svona leið hver dagurinn öðrum sælli. Og sárt var að slíta sig frá þessari töfrandi skemtun; þegar jeg að morgni hins tíunda dags, kvaddi alt frændfólkið og hjelt heimleiðis aftur.

Fálki.

———— „ ———— „ ————

## Húsnæðisleysi.

Það er ekki gott fyrir einn og sjerhvern, að hafa ekkert húsaskjól; eða í öðru lagi lítið og ljelegt. Allir kappkosta að hafa eitthvað skýli, til þess að geta lifað. En aumingja fjelagið „Framsókn", það er nær því á gaddinum. Getum við ekk[i] í útrýmt kuldanum hjá því?, með því að kom[a] á okkur upp húsi. Við megum ekki láta þá hugsun ríkja hjá okkur að það sje ekki hægt.

Skjalasafnið Ísafirði

En fátæk erum við því er ekki að neita. Jeg hugsa sem svo, að við getum svo lítið gert og sjeum svo illa sett, ef að við til lengdar verðum að búa við þetta húsnæðisleysi. Við eigum marga góða og nýta menn innan fjelagsins, sem hljóta að sjá þessi vandræði okkar. Og á þá er eiginlega treystandi, að gera bygginguna, sem kostnaðarminsta. Jeg get aldrei látið mjer koma það til hugar, að viðgetum byggt skuldlaust. Og það verður alt of langt að bíða þess. Jeg vænti nú að Kristján Einarsson taki vel undir tillögu mína: Tökum saman höndum „Framsókn" og sækjum fram.

Fálki.

---

## Tíðska.

Það var um tíðsku, sem jeg ætlaði að segja nokkur orð. Eins og kunnugt er var hún á dagskrá á síðasta fundi; en sökum þess að jeg gat ekki komið hugsun minni í ljós á fundinum eins og jeg vildi, talaði jeg ekkert um hana þá. Umræðurnar snerust mest um klæðnaðinn, og það er um hann, sem jeg vil nú tala. Mjög var rætt um hve

Skjalasafnið Ísafirði

mikið væri apað eftir öðrum þjóðum, hvað tísku snerti; og nú á dögum gengi það langt fram úr öllu hófi. Þótti mjer framsögumaður taka þar djúpt í árinni; þegar um íslenska búninginn var að ræða. Vil jeg nú leggja fyrir hana eina spurningu, sem er: „Hvort þykir þjer betra að þvo gólf og þvott í peisufötum eða kjól?. Jeg játa það, að það er mjög heimskulegt hvernig sumar stúlkur apa tískuna, en því verður aldrei neitað að sumt sem nýtt er, er mun þægilegra, eins þegar um klæðnað er að ræða, sem annað.

Það vitum við að allar menningarþjóðir eru sífelt á framfaraskeiði. Þá er vjer í fornsögum þeirra lesum um steinöld, járnöld og bronsöld og berum þær saman við nútíðina; sjáum vjer best; hversu margt hefir tekið endurbótum til batnaðar.

Þá er um skraut klæðnaðarins er að ræða. Framsögumaður taldi peisufötunum það til gildis, að þau voru alt af eins; en kjólarnir voru alt af sífeldum breytingum háðir. En jeg held að þegar farið er að nota upphlut og fleira, sem fylgir íslenska búningnum að hann útheimti ekki minni breytingar en kjólarnir. Ætli það

Skjalasafnið Ísafirði

sje ekki líkt glys, að kaupa silki, sauma úr því skyrtu, sem svo er nefnd og höfð er við upphlut, eins og þegar hið sama efni er keypt og saumað úr því blussa, sem höfð er við kjólpils. Sá eini munur, sem jeg get fundið á því er sá, að þegar það er notað við upphlut nefnist flíkin skyrta, en sje hún notuð við kjólpils er hún nefnd blussa. Ekki er minna skraut innifalið í borðunum og beltinu, sem fylgir upphlutnum, heldur en kjól; þó að á honum væru tvær eða fleiri tylftir af töfrandi hnöppum, sem jeg hygg vera mjög sjaldsjeð. Stúlkur eru ekki allar svo nægjusamar að þær láti sjer lengi nægja sama slyfsið og svuntan. En eitt vil jeg taka fram, sem jeg tel meiri þægindi við kjólbúninginn en þann íslenska, og þau eru, að kjólana er alt af hægt að þvo, án þess að nokkuð sjái á þeim, en það tel jeg ókleift með íslenska búninginn. Jeg veit að hægt er að hreinsa hann með viðringu og það er mikil bót. En það má geta nærri, að þau ytri föt óhreinkast; þó að það sjáist ekki svo mjög, sökum þess að þau eru svört.

En hvað íslensku útskornu hnöppunum viðvíkur, sem framsögumaður mintist á, finst mjer þeir alveg sama tildrið. Munurinn verður sá, að rósirnar eru skornar í íslensku hnappana,

Skjalasafnið Ísafirði

en á þeim útlendu sitja þær utan á.

Að lokum get jeg þess, að jeg hefi þegar dvalið þrjá vetur og eitt sumar í höfuðstaðnum, en aldrei mætt á götu stúlkunni, sem var í svo mjóu pilsi, að hún gat naumast farið ferða sinna. Sá, sem þetta bar fram á fundi, hefir áreiðanlega ekki fylgst vel með tískunni, því að nú eru pilsin einmitt kröfð við. Hafi hann komið með þetta dæmi því til sönnunar, sem um var rætt, hefir honum skjátlast mjög.

Svana.

―――― " ―――― " ――――

Skjalasafnið Ísafirði

# Unglingur.

Blað U. M. F. „Framsókn“.

Ritnefnd:
Sigr. Vernhaðs
Einar Vernhaðs
Steinunn Finnb.

| 2. ár | 23. maí. 1924. | 3. blað. |
|---|---|---|


## Sumarið komið.

Sjerhvert sumar ber í skauti sínu, ljós og líf, unað og ást. Alt þetta er í boði, en það fer eftir voru eigin hugarástandi, hvernig við tökum því að eignast eitthvað af þeim mikla auði, sem bók náttúrunnar hefur fram að bjóða, á sínum miklu blaðsíðum.

Blíðu dagar sumarsins, þeir sýna okkur ljósið og ylinn, grösin og laufskrautið; og þá syngja vorfuglarnir um ást og unað.

Hinar margröddudu raddir náttúrunnar benda manni uppá við til höfundar tilverunnar, sem alt lifir og hrærist hjá, í alföðursins mikla og milda ríki, sem við heldur öllu þessu, með bjartsýni sinni; og gerir manni lífið svo unaðslegt, ef við lítum hið fagra og góða, sem náttúrann hefur fram að bjóða, með

Skjalasafnið Ísafirði

augum bjartsýninnar.
Við eigum ekki einungis að lifa og gleðjast í mikilleik náttúrunnar, heldur eigum við líka að starfa í samræmi við hana; græða, lífga og bæta á fegurðina og hjálpa okkar köldu Íslensku náttúru, með þeim meðulum, sem þekkingin og vísindin leggja okkur til.

Þeir fáu dagar, sem liðnir eru af þessu blessaða sumri, hafa andað heldur kalt á mann og lifum við nú aðeins í von og vissu um sigur vorblíðunnar, já, en það er nú einmitt vorgusturinn, sem ætti að gefa manni byr undir báða vængi, að styðja náttúruna í gróðrastarfinu.

Jeg óska öllum aðstendendum „Unglings" gleðilegs sumars og að það færi þeim nýjan andlegan kraft, vona jeg að þeir láti „Ungling" njóta þess svo hann megi þroskast að visku og vexti á þessu líðandi sumri

Rúna
H.

Skjalasafnið Ísafirði

# Frjálsræði.

Í öðru hefti lesbókarinnar er kvæði eftir góðskáldið okkar, Valdimar Breim, sem hann nefnir „Vörn og haft". Mjer dettur oft í hug þetta sannleiksríka kvæði, þegar verið er að tala um frjálsræðið og þvingunina, sem við menninir sjeum beittir, með ýmsum lögum; sem einmitt eru bygggð á þeim grundvelli, að verja okkur mennina við falli freistinganna.

Eins og skáldið minnist á í kvæðinu, að það geti orðið hestinum að góðu að verja honum tún og engi að sumrinu, og safna heldur grasinu til vetrarforða fyrir hann; þó honum finnist það strangt að meiga ekki fylla sig, og hugsar ekki um afleiðingu athafna sinna.

Þessu líkt er mörgum manninum varið, þeir hneykslast á því að þeim sje aftrað frá voðanum og kalla það haft á frjálsræðinu, dildamis með vínnautnina.

Mönnum finst það mesta þvingun og ófrjálsræði að meiga ekki hafa hana ótakmarkaða um hönd. Og að löggjöfin hafi þar

Skjalasafnið Ísafirði

nokkur afskifti af er: fjöldinn búin að rýna hvað hann virðir það mikils.

Það ófrelsi þolum vjer íslensku menninir eigi. Nei, er „heróp" andbanninga.

En svona er um mörg önnur Íslenslög, sem eru gerð í þeim tilgangi að verja lög og rjett einstaklingsins og hefta eyðileggingu einstakra tegunda, eins og til dæmis fugla=friðarlögin, sem eru fótum troðin víða um land.

Já, Tilheyrendur mínir svona er nú mönnunum, því miður oft varið, að vilja lifa aðeins fyrir líðandi stund, en hugsa minna um afleiðingar athafna sinna.

„Við freistingum gæt þín. Og falli þig ver, því freisting hver unnin til sig=urs þig ber." segir: þjóðskáldið í einum sálminum sínum.

En það getum við aðeins, með því að leggja á okkur hömlur við ljótum vana og ástríðum skaðlegra nautna; þó að það sje kallað haft á sjálfsræðinu, þá komum okkur kollóttann um það.

Rúng
H.

Skjalasafnið Ísafirði

# Sjálfstraust.

Það sem mest er um vert af öllum skilyrðum fyrir velgengni vorri, er, að reiða sig á sjálfan sig, að hafa fram ásetning, að hjálpa sjer sjálfur og búast ekki altaf við hjálp af öðrum; það er lykill, sem gengur að öllum torfærum í hverri köllun og hverri iðn.
„Hjálpaðu þjer sjálfur, þá mun Guð hjálpa þjer", það ætti að vera orðtak hvers þess sem vill verða til nytsemdar í heiminum eða afla sjer fjár og frama.

Það er hið mesta mein ungra manna að reiða sig altaf á hjálp annara, sá sem þorir aldrei að reiða sig á sjálfs síns hyggjuvit, heldur þykist jafnan þurfa að leita annara ráða og leiðbeiningar, hann verður loks að andlegum „dverg".

Ef við lítum yfir æfi auðmanna og fátæklinga í ýmsum löndum og á ýmsum tímum, þá munum við verða þess vör oftast nær, að lánsmennirnir hafa byrjað neðan við stigann; en auðnuleysingjarnir, sem ráfa ýmsra stiga í ráðlegri, og verða að lokum skepnum líkari en mönnum,

þeir geta oft og tíðum rakið hnignun sína frá þeim tíma að aðrir fóru að draga úr þeim dug og kjark, með því að hjálpa þeim með alla skapaða hluti.

„Erfðafje ætti að vera uppörfun til að afla nokkurs í viðbót, en verður oft að svæfli leti og ómensku."

Hinir mestu afburðamenn vísinda og afreksmenn þjóðar vorrar hafa fæstir átt til auðugra að telja, eða lifað við allsnægtir í uppvextinum. Vagga þeirra hefur oft staðið í lágu hreysi og þeir hafa barist við öldur örlaganna, ~~að~~ stoðalitlir að öðru en miskunn skaparans og þrótt og dug sjálfra sín.

Fjöldi manna er þannig gerður að þeir eru ráðalausir að leita sjer farborða öðru víri en að knýja á náðir stjórnarinnar eða annara þjóðfjelaga, ef að vinir þeirra eða vandamenn eru ekki í því umdæmi að geta veitt þeim nóga hjálp, þeir treysta öllum hlutum betur en hönd og huga sjálfra sín. Een þess verður reint að bíða, svo einhlýtar stjórnar, sem verður þeim til algerðar viðreisnar, ef þeir liggja á sjálfs síns liði.

Ring

# Starfsþrá.

Þráin eða löngunin til að starfa er misjöfn hjá mönnunum; hjá mörgum er hún mikil en hjá öðrum aftur lítil eða sem sagt engin, því þeir þrá ekkert sjerstakt starf og hafa enga löngun til að láta neitt eftir sig liggja á lífsleiðinni, heldur lifa aðeins fyrir líðandi stund og láta hverjum tíma nægja sínar þjáningar. En þeir sem svona hugsa sjá heldur ekkert eftir sig liggja, þegar þeir falla frá; engin minnist þeirra, engin þekkir þá því þeir hafa ekkert starfað fyrir þá stjett sem þeir lifðu í, þeir falla því, og hafa fallið í gleymskunnar haf um, umliðnar aldir, og eilífðin geymir þá í djúpi sínu.

En þeir menn, sem þrá starfið eða með öðrum orðum hafa mikla starfslöngun, þeir gleðjast með sjálfum sjer, af því að sjá eitthvað eftir sig liggja og vita, að þeir hafa gert eitthvað gagn bæði sjálfum sjer og öðrum til nytsemdar. Þeir menn sem

svona hugsa, geta glaðir gengið til hinstu hvíldar og hugsunin um vel unnið starf vaggar þeim í djúpi alda sinna.

Jeg vona að flestir hafi það fyrir hugsjón sína, að stefna altaf að því marki er: þeir álíta best og rjettast og ef að fjöldinn hugsar svo, þá álít jeg að við sjeum á framfaraskeiði.

„Fram - fram, aldrei að víkja".

höfum þá hugsjón altaf efst í hugum vorum.

Smári
H.

—— // —— // ——

| 2. ár. | Unglingur.<br>Blað U.M.F. „Framsókn". <br>Sunnud. 10. ágúst 1924. | Ritnefnd:<br>Sigríður Guðm.<br>Líneik Árnad.<br>Sólveig Ólafs.<br>4. blað. |
|---|---|---|

## Sumar.

Sumar er komið úr suðri, yfir heiði,
sýna sig blóm, á fögru og grónu meiði.
Brosir nú land um bjartar júlínætur,
beljar nú foss, við hamrabúans fætur.

Á vötnunum svanir syngja' öll sín kvæði.
– Sælt er að horfa á náttúrunnar gæði –.
Silfurgrár jökull situr efst á tindum,
af sólbráði örfast hljóð í ám og lindum.

Vorsólin allt til nýrra starfa vakti,
er vetrarins fönn und faldi sínum þakti. –
Fjörug sjer leika lömb um grænan bala;
lof skulum senda upp til himins-sala.

Skjalasafnið Ísafirði

Af vitum oss, angar ilm af jurtaskrúði,
sem alföðurs-hönd af mildi sinni hlúði.
Ættum vjer ekki, eins og jarðarfræin,
ávöxt að bera, af mætti, lífs um daginn.

S. G.

---

## Vorvísa

Nú syngur lóan um sumarlið
og sælu inn í hvers manns hjarta.
Nú fegrar sólroðinn fjörð og hlíð
og felir burtu myrkrið svarta.
Nú klappar vorblærinn kinnum manns
og hvikar elfur stíga fjallamanndans. —
Heyrum óm, sem hörpuhljóm
af hundrað söngfugla munnum.

S. G.

Skjalasafnið Ísafirði

# Vorfegurð.

Skamt er umliðið, síðan veturinn varpaði síðustu geislum sínum á braut vora og hvarf að sjónum — leið út í óminnisskaf aldanna. En - minjar hefir hann þó skilið eftir á hinum freiðandi öldum í djúpi tímans. Endurminning hans er skráð í minnisbók vor mannanna, og rifjast síðar upp fyrir oss. Ýmist bjartar, er varpa fögru ljósi á framtíðar braut vora, eða svartar er vekja trega, söknuð eða jafnvel gremju í sálum vorum.

Þeir, sem hafa fengið uppfylling vona sinna og óska — notið gæfu og gengis á umliðnum vetri, geyma af honum bjarta mynd í huga sínum. En hinir, sem hafa orðið fyrir ástvina missi, sorg og andstreymi, hafa eflaust málað af honum svarta mynd í minnisbók sína.

En — hversu mikið andlegt og veraldlegt verðmæti veturinn hefir fært hverjum einstakling og þjóðinni í heild sinni, þá er hann horfinn í aldanna skaut og kemur aldrei ~~aft-~~ aftur til baka.

Vorið — hin fegursta og auðugasta árstíð náttúrunnar. — er nú ríkjandi meðal vor, með öllum sínum þýðu og fögru tónum. — Ekkert er fegurra í ríki náttúrunnar, en vorið, í öllum sínum dýrðarljóma. — Þegar myrkrið flýr með öllu frá

Skjalasafnið Ísafirði

oss og sólin tekur að senda oss jarðarbúum geisla
sína, er bræða—þýða ísinn og klakaböndin, er áður
höfðu fjötrað jörðina—fóstru vora—í böndum sínum.
Árnar falla drynjandi niður fjallshlíðarnar, fossarnir
kveða sterkt, svo standberg nötrar, lækirnir hoppa, hjala
og líða óhindraðir til sjávar.

Allt, tekur að lifna og vakna af vetrardvalanum,
jörðin að klæðast hinu marglita sumarskrauti sínu.
Fræin, frá fyrra sumri, er falin voru í moldinni og nú
blæja vetrarins hvíldi yfir, taka að þróast. Og hin-
ir ungu brumknappar að springa út — fá lífið aftur,
nærast og þroskast. Blómin, breiða út bikara sína
móti sólargeislunum og teyga í sig ljósið, loftið, ylinn, og
daggarperlurnar, sem eru fyrstu og bestu þroskar
skilyrði þeirra.

Farfuglarnir, er flúið höfðu fyrir haustmyrk=
inu og vetrarkuldanum, eru komnir aftur, að kveða
burt snjóinn og syngja fyrir oss fögru og hreimblíð-
ljóðin sín. Allt umhverfið er hlýtt, fagurt og bjart.

Vorannir byrja að fullu. Bændur og búaliðir rækt-
jörðina í óða önn, eftir bestu vitund. — Sá í hana
mörgum og góðum fræum, plægja, herfa o.s.frv. og
bera á hana hinn besta áburð er þeir skilja. Og hjálp-
fræunum á þann hátt að lifna, nærast og
þroskast, sem fyrst, svo þau beri sem bestan ávö-

Skjalasafnið Ísafirði

Náttúran er oss mönnunum hvervetna til fyrirmyndar. Þó aldrei eins og á vorin, þegar alt er iðandi af lífi og fjöri umhverfis oss. Vorið vekur viðkvæmustu tilfinningarnar í brjóstum vorum og lyftir hug vorum uppá við, til þess, sem er höfundur alls í tíma og rúmi!

Eins og náttúran er sífeldum breytingum háð: hitnar, kólnar, lifnar og deyr. Eins er og mannlífinu farið. Það á sinn lifgunar, vaxtrar, blómgunar og fölnunar tíma. — Æsku mannsins má líkja við vor náttúrunnar. Því, það má með sanni segja að hún sje vor mannlífsins. Á henni lifna og festa rætur hin fegurstu blóm er vaxa á beði hugtúna vorra.

Líf hvers einstaklings fer vitanlega eftir því, hve mikið vit og viljakraft hann hefir, til að rækta það á rjettan hátt

Í landareign mannlífsins er margs að gæta því: Lífið er víðlendur völlur, vaxa þar rósir og þyrnar liljur og fjólur og fíflar, og fjöldi af eitruðum jurtum.

Eins og það er nauðsynlegt að rækta jörðina svo vjer höfum sem mest og best afnot hennar. Eins er það og nauðsynlegt að rækja hinar hrjóstrugu lendur hugans.' Láta eitthvert andans herfi plægja því, svo að hinar fegurstu jurtir er þar kunna að lifna, geti fest ~~þar~~ djúpar rætur í vel ræktuðum jarðvegi og orðið að til ætluðum

[illegible]ovðum á komandi braut!

Skrifað einn sólskinsdag í maí. 1924.

Liljan hjá Lækrinum

---

## Gleði.

---

Öll, elskum vjer gleði og þráum að njóta henna[r] í fyllsta mæli, – en það gengur erfiðlega hjá mörgum. – Þegar vjer erum lítil börn, þá þráum vjer flest að ve[rða] sönn gleðinnar börn. En – hvort sá eiginleiki vor, fær nái fullum þroska fer mjög eftir uppeldinu – bernsku-heimilinu, því það er einmitt það, sem mótar hug[a] vorn mest.. – – – – – –

Þótt vjer höfum ef til vill, öll, sömu skilyrði: fyr[ir] náttúrunnar kendi, þá er heimurinn svo margb[reyttur] brotinn og vegir og stigir svo óendanlega margir, að vjer vitum varla hver bestur muni vera eða hvern vje[r] eigum helst að ganga. En – eitt er víst, það: að vjer skoðum lífið frá gagnólíku sjónarmiði hver, eftir því hvaða hliðinni að það snýr að oss. Hvort hún er björt eða dimm. Sumir eru altaf glaðir, en aðrir hið gagnstæða.

Skjalasafnið Ísafirði

Hinir fyrnefndu, finna hina sönnu gleði svo að segja í öllu og alstaðar — í náttúrunni, hvort sem hún er blíð eða stríð. En — hinir síðarnefndu leita og leita í sífellu, en árangurslaust. Þeir, hyggja ef til vill, að hina sönnu gleði sje hvergi að finna nema langt út í geim. „Að lífið sje fríðara langt út í geim, vjer látum oss líðum dreyma; en komumst þó síðar að sannleika þeim. — það sælasta bíður oss heima." segir skáldið.

Þar, höfum vjer fyrir oss dæmis. frelsarans um „glataða soninn." Hann, fann ekki gleðina heima. Hann hugði að leita að gleði og gæfu út í ókunn lönd. En leit hans þar var árangurslaus. Hann fann enga gleði, heldur hið gagnstæða; sökum þess að hann virðist ekki hafa skoðað lífið frá rjettu sjónarmiði. En — þegar hinn mikli öldugangur og mótlæti lífsins, höfðu lamað huga hans, þá sá hann að gleðina — og alt það er hann leitaði að, var hvergi að finna nema heima! Og eftir að hafa horfið heim aftur, og fengið fyrirgefningu og friðjóna sinna; öðlaðist hann hina sönnu og bestu gleði, sem mannshjartanu getur auðnast!

Í sálarheiminum — hinum mikla akri og fagra reiti mannsins, vaxa fögur blóm og risav. trje, einnig arfi og annað illgresi o. fl. jurtir. Eða með öðrum orðum, þar lifa og þróast fagrar hugsjónir og tilfinningar ásamt ljelegum hugsunum og vondum girndum.

Eitthvert mesta hlutverk mannsins, er að hlúa að hinum fögru og

góðu hugsjónum, er fæðast í huga hans, svo að þær geti orðið sjálfum honum og öðrum til gagns og gleði á ókomnum tímum. Og yfirstíga freistingarnar – alt hið vanda, sem ávalt er þröskuldur í götu hins góða – hefir leitt svo marga sál afvegar. – – –

Gleðin og kærleikurinn, er eitthvert vort besta veganesti í lífinu. Á hvaða vegamótum sem vjer stöndum og í hvaða stöðu sem vjer störfum, er hin sama gleði og kærleikur ávalt vorir bestu leiðarstjörnur!

Bjartsýnin og gleðin hljóta að haldast mjög í hendur þar, eru lyftistöng í hverri hugsjón vorri og starfi. Þeir, sem mála alt bjart fyrir augum sjer, þeim líður ávalt vel en hinum hið gagnstæða, sem aldrei sjá nema skuggahlið lífsins. — — — — — — — —

Sál, sem á sanna gleði og kærleika íbúandi í hjarta sínu, hún er auðug af andans gulli – hinu mesta verðmæti lífsins! Því gleðin og kærleikurinn eru efstu sjónarhæðir mannlífsins!!

Liljan hjá Lækinum.

# Einvera

Það var frostnæðingskuldi og myrkt vetrarkvöld, þegar Viggó Sölvason gekk upp borgarstrætið, og var auðsjáanlega í þungum hugsunum. Hann gekk hægt og rólega og virtist ekki taka eftir neinu, sem fyrir augun bar. Hver spurningin rak aðra í huga hans. Hversvegna var hann nú svona einmana og daufur í bragði? Hann, sem hafði fyrir skömmu átt svo marga vini, sem alltaf voru boðnir og búnir að fylgja honum, ef hann gekk út. Voru þeir búnir að snúa við honum bakinu? Var það máske af því að nú hafði hann ekki lengur efni á að gefa þeim í staupinu.

Þannig hugsaði Viggó, er hann gekk neðan strætið. — Hann gekk upp fyrir veginn settist þar niður og sagði — við sjálfan sig, með nið grát-staf í kverkunum: „Ó, hvað mjer finst lífið erfitt! Betra hefði verið að jeg hefði aldrei byrjað að drekka! óhræsis vínið! Þá hefði jeg ekki byrjað á því, þá væri lífið ekki svona þungbært. Þá ætti jeg vini, sem jeg gæti treyst og mundu hjálpa mjer í hverri þraut. Þessir piltar snúa við mjer bakinu, þegar jeg þarf þeirrar hjálpar við, af því að aurarnir eru þrotnir

og jeg get ekki gefið þeim snaps. Hvað skildu foreldrar mínir halda um mig? Jeg, sem var yndi þeirra og eftirlæti. Þó hefi jeg ekki skrifað þeim eða látið þau frjetta neitt af mjer síðan jeg fór frá þeim; nú komin 3 ár. Skildu þau halda að jeg væri dáinn? eða jeg væri góður og nýtur drengur, sem hefði reynt að margfalda þann fjársjóð, sem þau hafa fengið mjer?"

Svona vakti hver spurningin aðra í huga Viggó. Hann reyndi að gera sig glaðann. Og hugsa um liðinn tíma — bernskuárin. Þegar hann var ofurlítill snokkei og móðir hans fól hann í faðmi sínum og kysti á enni hans og hönd. Harmur og andstreymi var ekki þungbært þá, því þessi orð hljómuðu ávalt fyrir eyrum hans: „hættu að gráta elsku drengurinn minn. Þetta batnar."

Hann þráði heitt og innilega að komast á fund móður sinnar og fá að heyra þessi huggunarríku orð: hættu að gráta elsku drengurinn minn. Þetta batnar. Hann stóð upp, gekk til gistihússins; fastráðinn í því, að sjá fundi móður sinnar það fyrsta er hann gæti.

S.G.

Skjalasafnið Ísafirði

| Unglingur.<br>Blað U.M.F. „Framsókn“ | Ritnefnd:<br>Líneik Árnad.<br>Kristín Helgad<br>Kristín Hjaltad. |
|---|---|
| 2. ár    26. okt. 1924. | 5. blað. |

## Þráðurinn að ofan

Kongulóin var hreykin af vinnu sinni. Hún var ekki lengur sá vesalingur, sem kom siglandi á þræði í gegnum loftið, án þess – svo að segja – að hafa einn skilding í vasanum, og án annara auðæfa en spunavörtunnar. Hún var nú stór, digur, efnuð konguló og átti stærsta netið með fram öllu garðinum. Einn morgun vaknaði hún í óvenjulega vondu skapi. Henni hafði verið kalt um nóttina, og nú var ekki hægt að koma auga á neina sól, og engin fluga sveimaði í loftinu. Svöng og aðgerðalaus sat kongulóin allan þennan langa drungalega haustdag. Til að stytta sjer stundir hóf hún umferð sína í netinu, til að gæta, hvort ekki þyrfti að bæta það í stöku stað. Hún kipti í alla þræðina, til að vita, hvort þeir væri vel fest. En þrátt fyrir það, að ekkert var athugavert, hjelt hún áfram að vera dæmalaust önug. – Í ystu brún vefsins kom hún að þræði, sem henni virtist hún alsekki

Skjalasafnið Ísafirði

kannast við. Allir hinir þræðirnir lágu annaðhvort hingað eða þangað —, köngulóin þekti hvern kvist, sem þeir voru festir við. En þessi óskiljanlegi þráður endaði hvergi — það er að segja, lá beint upp í loftið. Köngulóin reis upp á afturfæturna og gægðist með sínum mörgu augum upp eftir þræðinum.
En hún gat ekki sjeð, hvert hann lá.
Svo virtist sem hann lægi beint upp í skýin.
Köngulóin varð gramari og gramari, því lengur sem hún sat og starði til einskis. Hún hafði gleymt því, að hún hafði einu sinni sjálf, einn fagran september-morgun, komið niður þennan þráð. Hún mundi heldur ekki, hve mikið gagn einmitt þessi þráður hafði gert, þegar átti að búa til og stækka vefinn.
Köngulóin hafði gleymt þessu öllu saman — hún sá aðeins, að hjer var kjánalegur, gagnslaus þráður, sem lá ekki í neina sennilega átt, heldur aðeins beint upp í loftið. — — „Burt með þig", sagði köngulóin, og í einum rykk beit hún þráðinn í sundur í miðjunni. Í sama bili hjet netið undan — öll hin haglega vinna hrundi — og þegar köngulóin rankaði við sjer, lá hún í milli þyrniblaðanna með netið yfir höfðinu, eins og litla vota tusku. Á einu augnabliki hafði hún eyðilagt alla vinnu sína —, af því að hún skildi ekki gagnið af þræðinum að ofan.

(Þýdd saga.)

— „ —

Fluga

Skjalasafnið Ísafirði

# Heimþrá.

Allir, sem hafa einhverja fróðleiksfýsn, hafa um leið þrá, til þess að litast um í heiminum. Þegar æskuskeiðið er liðið, förum vjer unga fólkið að heiman, til þess að afla oss frekari menntunar. Fyrst hlökkum við til, en þegar stundir líða, fer smám saman að koma í ljós heimþrá.
Oss getur liðið vel að öllu leyti, en það er eitthvað sem vjer söknum og þráum svo mjög. Oss finst alt ömurlegt í kringum oss, þó það í raun og veru sje ekki, alt umhverfið finst oss ljótara en heima. Það kemur í ljós einlæg ást á æskuheimilinu. Vjer þurfum ekki annað en að fara stutta bæjarleið, til þess að finna að vjer verðum fegin að koma heim aftur. Þegar um lengri burtför er að ræða, ef vjer til dæmis förum út úr landinu, kemur fram þrá til ættjarðarinnar. Þegar vjer erum komin svo langt í burtu gleymum vjer öllum göllum á æskuheimilinu og ættjörðinni. Oss líður ekki vel fyr en við erum komin heim aftur, jafnvel þó við förum suður í lönd, þar sem er sífelt sumar, þráum vjer kom fósturjörðina, þrátt fyrir kulda hennar.

Vjer Íslendingar höfum átt mörg góð ættjarðarskáld, sem hafa lýst vel heimþrá sinni í ljóðum.

Eitt norskt skáld kveður þannig um heimilið sitt:

Skjalasafnið Ísafirði

Ó heima, er gott að vera, já, heima er allra best.
Og heima vil jeg vera, því heima á jeg mest. o. s. fr. v.
Þetta er undurfögur og áhrifamikil orð. Vísurnar
allar endar hann þannig: Heima, já heima er best. o.

Og heima vil jeg vera
því heima á jeg mest.

Heimþráin getur oft verið mikil hjá skepnum, engu
síður en mönnum. Sinkum eru hestar mjög heimfúsir.
Þess eru mörg dæmi, að hestar, sem hafa verið seldir
í önnur hjeruð hafa strokið til heimkynnanna aftur.
Blessaðir hestarnir, sem seldir voru hjeðan til útlanda
á stríðsárunum. Hvernig ætli þeim hafi liðið, er
þeir komu þangað?
Þeirri spurningu verður líklega vandsvarað.

Hulda.

—— .. ——

Ritnefnd:
Eva Vernharðs.
Einar Vernharðss.
Steinunn Finnbog.

# Blað U. M. F. Framsókn

| II ár | sunnud. 30 nóv. 1924 | 6 blað |
|---|---|---|

## Fjelagsskapur

Alllangt er síðan að mönnum hjer á landi fór að skiljast, hversu nauðsynlegt það væri að stofna fjelög, sem allir gætu unnið sameiginlega í, og með því gert þjóðfjelaginu og þjóðinni í heild sinni svo langt um meira gagn, en hver einstaklingur út af fyrir sig fær unnið. Voru þegar sett á stofn ýms fjelög, sem nú eru orðin öflug og gera þjóðinni mikið gagn.

Ungmennafjelögin eru þau fjelög, sem mest ryðja sjer braut nú á tímum. Eru nú komin á stofn „ungmennafjelög“ nærstum því í hverri sveit, og eru mörg þeirra orðin tölu vert öflug og starfa nú með hönd og huga. Koma þau mörgu

Skjalasafnið Ísafirði

göfu til leiðar. T.d. komið á fót námskeiðum, vinna að vegabótum og margt fl.
En sum eru enn þá í bernsku og ber þar af leiðandi lítið á þeim, eins og t.d. fjelaginu okkar „Framsókn". En við vonum að það eigi fagra framtíð fyrir höndum og sæki fram eins og nafnið bendir á, að það eigi að gera.
Innan fjelagsins eigum við nóga starfskrafta til þess að geta komið einhverju í framkvæmd það vantar bara eitt og það er: Að vera nógu samtaka, því „hvað má höndin ein og ein, allir vinnum saman". Það má okkur ekki lengur dyljast, ef þessi fjelagsskapur á að þrífast og ná sínum rjetta tilgangi.
„Sameink styrkja - sundrung eyða" Munið það.

Del

---

Skjalasafnið Ísafirði

# Vetrarkoman

Alt gengur sinn vana gang í hinu mikla ríki náttúrunnar.
Vetur kemur eftir sumar og sumar eftir vetur, þannig hefur það altið gengið, og þannig mun það ávalt ganga í þessum heimi.
Tímarnir breytast og líða hjá, en minninguna um liðinn tíma, geymum við í huga vorum hvort heldur hún er blíð eða stríð.
Nú er sumarið enn þá einu sinni liðið hjá og veturinn genginn í garð, til þess að sýna okkur mátt hinnar voldugu náttúru, með sinar kulda nepjur og frost, kafalds-hríðir og bylji.
Svipað þessu er varið fyrir þeim ungu, sem eru að vaxa. Þeir eru sífeldum breytingum undirorpnir, eins og reyndar alt annað í þessum heimi. Þeir þroskast og vaxa bæði líkamlega og andlega.
Unga kynslóðin þarf að auka þekkingu sína og anda sinn. Þekkinguna finnur hún í starfinu og með henni auðgar hún anda sinn.
Á þessum nýbyrjaða vetri, ætlum við í þessu unga fjelagi, að búa okkur undir það starf

Skjalasafnið Ísafirði

sem bíður okkar í framtíðinni, og það
sem ætti að vera okkar mesta áhugamál, að
eignast skýli yfir höfuðið.
Máli þessu var ofurlítið hreyft á síðasta fundi,
en fremur virtist mjer undirtektir yfirleitt
daufar hjá mönnum.
En fjelagsmönnum ætti öllum að vera um-
hugað að koma þessu í framkvæmd hið
fyrsta að hægt er.
Því þá fyrst er við höfum komið upp húsi
losnum við undan því oki að vera alltaf upp-
á aðra komin með húsaskjól

Kári

---

## Bjartsýni

Það hefir oft verið sagt að versta þjóðar-
mein okkar Íslendinga væri ófjelags-
lyndi, en jeg tel að óhætt sje að bæta
einu við og það er svartsýni. Það er
áreiðanlegt að værum við bjartsýnni
en við yfirleitt erum, þá mundi margt
af því, sem gera þarf; en enn þá liggur

Skjalasafnið Ísafirði

í dái vera komið á góðan rekspöl.
Það er alveg sorglegt að hugsa sjer það hvað enn þá liggur lítið eftir okkur Íslendinga og hvað við höfum verið verkasmáir á flestum sviðum. Að vísu er ekki að búast við miklu af okkur, jafn fámenn og fátæk þjóð og við erum. En þetta er ekki fullgild afsökun, við megum ekki telja úr okkur kjarkinn með þessum orðum, við verðum að starfa og stríða, ekki að láta hugfallast þótt við getum ekki altaf tekið undir með „Spönskum nóttum", og sagt „Nú leikur alt í lyndi, og lífið hlær oss við" o. s. frv. Að vísu vitum við það, að hjer heima á kalda landinu okkar er margt örðugra viðfangs en víða annarstaðar til í löndum, en einmitt sökum þess þarf svo mikla atorku og dugnað til þess að geta komið neinu í framkvæmd „Nú er þörf þinn þrótt að reyna, þrek og samtök þinna sveina", stendur í einni vísunni, og það er einmitt það sem við þurfum að hafa hugfast til þess að geta komist áfram.
Þegar við lítum aftur í tímann, sjáum

Skjalasafnið Ísafirði

við að það er svo ómmrœðanlega lítið
sem við höfum gert, þótt ekki sje litið
á nema aðeins eitt starfssvið og það er
landbúnaðurinn. T.d. hefur einn merk-
ur og vel viturmaður látið sjer þau orð
um munn fara, að þegar á landbúnað
Íslendinga sje litið, þá sje varasamt, hvort
telja eigi Íslendinga með mentuðum
mönnum eða ómentuðum skrælingum.
Auðvitað er nú þetta nokkuð djúpt tekið í
árinni, en lítið höfum við unnið á liðna
tímanum. Og eins og ósjálfrátt dettur okk-
ur í hug ein setning eftir Jónas Hallgríms-
son, er við könnumst öll við og er þannig:
„Hvað er þá orðið um okkar starf — ! — —
(við getum ekki sagt 6 hundruð sumur, því
það er lengri tími) — — — höfum við gengið
til góðs, götuna fram eftir veg."
Já þetta er spurningin „Höfum við gengið
til góðs, nei því miður líklega ekki sem
skyldi.
Ófjelagslyndi og svartsýni hafa alt til þessa
dags dregið dáð og dug úr svo mörgu, en
látum ekki þessa ókosti hafa yfirhöndina
lengur, heldur áfram og „allir eitt"!

Skjalasafnið Ísafirði

Þeir sem eru bjartsýnir strá ekki einungis gleðigeislum á æfibraut sína, heldur gera þeir öðrum lífið svo miklu ljettara þeim er það eins og meðfætt að gera samtíðarmenn sína glaða; sá á þurra lífsins veg sömmum gleðinnar kornum.
Við ættum því öll að reyna að vera glöð og bjartsýn því hver hefir betri skilyrði til þess en einmitt æskan.
Æskan þráir að starfa og keppa að einhverju vissu takmarki — þráir að starfa og vinna sigur að lokum, en til þess að geta unnið sigur meigum við ekki örvænta þótt hart blási á móti ekki að mögla þótt ekki sje altaf byr svo að segja frá vöggunni til grafarinnar. Öll áfram glöð og bjartsýn og umfram alt treystum sjálfum oss og tökum undir með skáldinu sem segir: Trú þú á táp þitt og fjör, trú þú á sigur þess góða o. s. frv.
Við verðum að treysta sjálfum oss því án þess er ekki við miklu að búast
Það eru til svo ótal margir viðburðir, sem sanna það að margt í þessu lífi fer einungis eftir trú mannsins. Tökum þá

t. d., sem eru veikir. Þeim batnar eflaust
fyr sem trúa á batann, en þeim sem
alltaf hugsa sig jafn veika, og svo fremur
vitum við dæmi þess að fólk er ímynd-
unar veikt. þ. e. það er veikt einungis af
því að það trúir að það sje veikt.
Mörg fleyri dæmi mætti nefna í því sam-
bandi hvað trúin hefir mikla þýðingu
Við verðum að vera ötul og viss, nota tækifærið
þá er það gefst, því það getur verið fljótt
að ganga úr greypum okkar
Við könnumst vist öll við vísuna þá arna:

Tækifærið gríptu greitt
giftu mun það skapa
Járnið skaltu hamra heitt
að hika er sama og tapa

Jeg set ekki þessa vísu hjer í þeirri von að
jeg komi með henni nýna nýfróði, því
jeg býst við að flestir ef ekki allir kannist
við hana, en mjer virðist hún eiga sjer-
lega vel við í þessu sambandi, og að
mínu áliti felst í þessari ferhendu
vísu svo mikið meira en í mörgum
öðrum, sem eru fyrirferðar meiri
á pappírnum, sem eru skreyttar með

Skjalasafnið Ísafirði

fleyri og íburðar meiri orðum, sem eru ef svo mætti að orði komast, dálítið meira kryddaðar. En þessi vísa er svo blátt áfram en þó um leið skýr, að mjer virðist ekki vera hægt að ganga þegjandi fram hjá henni. Reynum að vinna með sjálfstrausti og bjartsýni því bjartsýnin er að mínu áliti ef svo mætti að orði komast. „Megin þáttur í lífi mannsins.

Unna

Skjalasafnið Ísafirði

| 3. ár | Blað U.M.F. Framsókn.<br>Ögri, í febrúar. 1925. | Ritnefnd.<br>B. Sigurðsson.<br>1. | blað |
|---|---|---|---|

## Framfarir

Það er ekki gamalt enn ungmennafjelag Ögurhrepps, en það er þó svo gamalt orðið að eflaust nokkrum fjelögum þess finnast verkin smá, sem eftir það liggja síðan það var stofnað. Við að búast, að þeim, sem í byrjun gengu í þennan fjelagsskap fullir áhuga og bjartsýni á hinum og öðrum málum, er fjelagi þessu bar að hrinda í framkvæmd, finnist hagfara framfarirnar innan fjelagsskaparins; eigi hvað síst ef þeim finnst aðgjörðarleysi eða jafnvel afturför eiga sjer um of stað meðal alþjóðarinnar íslensku. Þessa finnst mjer kenna í grein þeirri er hefur fyrirsögnina „Bjartsýni" í seinasta blaði ungmennafjelagsins.

Margt er hjá þeim greinarhöfundi rjettilega tekið fram, en helst til svartsýnn

Skjalasafnið Ísafirði

og sjóndapur þykir mjer hann vera á þær
jeg vil segja stórkostlegu og hröðu fram-
-farir er átt hafa sjer stað nú á seinustu ára-
tugunum hjer á landi og sem ótvírætt benda
til þess að þjóðin sje yfirleitt á framfaraskeiði.

Við erum ekki gömul, sem munum það
að enginn símaspotti var til á öllu land-
-inu. að ekkert skip átti íslenska þjóðin, er
hún gæti flutt nauðsynjar sínar á landa
á milli fram og til baka, og fl. og fl. – Nú
höfum vjer símasambönd við útlönd jafnt sem
aðrar þjóðir, og innlenda símþráðanetið
þjettist ár frá ári, jafnvel vjer hjer í Ögurhreppi
höfum tvær símstöðvar til afnota. – Skipastóll
þjóðarinnar er þegar orðinn allálitlegur svo að
engan samjöfnuð þolir við það sem áður var.

Alt þetta getum við kallað framfarir sem
orðnar eru sumpart fyrir dugnað og atfylgi
nýtustu sona þjóðfjelagsins og sumpart
fyrir samtök þjóðarinnar í heild sinni.

„Mest um varðar allra orða, að undirstaðan
rjett sje fundin.“ Svo er og um allar framfarir.
Alt það sem gera á og framfarir eiga að heita
þarf að vera vel hugsað áður en á framkvæmd-
-unum er byrjað, annars hætt við að illa fari.

Skjalasafnið Ísafirði

Því skal ekki neitað að samhliða framförunum,
einkanlega ef þar eru hraðfara og stórstígar, slæðist
oft eitt og annað er miðar frekar til afturfarar,
og höfum vjer Íslendingar eigi farið varhluta
af því. Smáþjóðunum verður það á að
sníða sig að siðum hinna stærri og gæta
þess því miður eigi hvað við á í þeirra eigin
heimahögum. — Eðli einnar tegundar apanna
(Baviananna) kemur skýrt fram í því að apa
alt eftir öðrum hversu fáfengilegt sem er. Helst
til mikið hefur borið á þessum apakattar—
-hætti hjá íslensku þjóðinni nú á seinustu
árum. Sem dæmi upp á það mætti
margt fram telja, er vjer Íslendingar hefðum
vel mátt án vera, og sem er skylda hvers
góðs borgara að útrýma af fremsta megni.
Hvað segið þið til d. um það, að leggja
ullarfötin okkar til hliðar en klæðast silki
og bómullarfatnaði hjer heima á Fróni, að
sið suðurlandabúa, bara til þess að vera eins
og aðrir, sem við ímyndum okkur að sjeu
miklu fínni en vjer? Slíkt er heimskan
blásin á hátindi hjegómagirninnar, skvald
keipum og kenjum tískunnar og á síst
skilt við framfarir; naumast geta verið skiptar

Skjalasafnið Ísafirði

skoðanir um það, minsta kosti~~n~~ í sveitinni.

Enda þótt slík og þvílík dæmi megi finna þá er þó þegar öllu er á botninn hvolft, framfarir á seinustu áratugum æði stórstígar samanborið við mannfæð og strjálbygð landsins okkar.

Stefnuskrá ungmennafjelaganna allra yfir höfuð að tala er æði margbrotin. Öllum mun þeim sameiginlegt að hafa það að takmarki að vinna að því einu er til framfara horfir fyrir land og þjóð og því að eins eiga þau líka tilverurjett. Misjafna aðstöðu eiga þau til þess að geta sínt framförinnar verklega í skjótu bragði, og ber margt til þess. — Jeg hygg að flestum okkar er meðlimir eru í Ungmennafjel. Framsókn megi vera full ljóst að okkur er svo í sveit komið, að óhægt er aðstöðu með hvað eina, er lítur að því að starfa í fjelagi er sínt geti stórstígar framfarir á fyrstu árunum eftir að fjelagið er stofnað. — Jeg þykist vita það að fyrir hverjum og einum okkar vaki það, að þessi fjelagsskapur okkar megi verða til þess að treysta þau ~~tengsl~~ tengsli er binda okkur við átthagana, glæða ást okkar til sveitarinnar okkar, yfir höfuð, gera okkur lífið sem skemtilegast, og til þess eru auðvitað margar leiðir.

Skjalasafnið Ísafirði

Ein leiðin er sú, er hjer hefur verið farinn að skrifa blað er fjelagsmenn og jafnvel sveitungar á fjelagssvæðinu geti birt hugsanir sínar í á öllum áhugamálum hreppsbúa og rætt þau frá ýmsum hliðum. Í byrjun er eigi að undra þótt unglingsbragur vilji verða á verkinu, alt kemur með æfingunni, og getur haft góðar og heillaríkar afleiðingar þegar tímar líða.

Af blaði þessu má undanfarið marka það, að eitt fremur öðru er einkum áhuga-mál fjelagsmanna, sem sje það, að eignast samkomuhús betra en hreppsbúar nú eiga völ á. Mun það sjerstaklega unga fólkið er fyrnur þörf fyrir að geta komið saman og skemt sjer á einn og annan hátt, (er krefst þess að húsrúm sje fyrir hendi) og er slíkt ekki að undra. - Húsbyggingar eru dýrar nú á dögum svo, að ungmennunum í einu fámennu hrepps-fjelagi ókleyfar án hjálpar þeirra er eldri eru, jafnvel karla og kerlinga er aldrei myndu danssporr stíga þótt völ væri á nægu húsrúmi.

Það veltur því talsvert á hvað hreppsbúar í heild sinni leggðu til þeirra mála ef í væri ráðist. - Vel er þess vert að málinu sje gaumur gefinn, því óneitanlega gæti bygging samkomuhúss

komið hreppsbúum að góðu gagni, án tillits til
skemtana eingöngu, sem altaf eru þó nauðsyn-
legar samfara störfum og striti lífsins.

Fámenni og strjálbygð sveitarinnar okkar
gerir okkur allar framkvæmdir örðugar, en mikið
má ef samheldni og friður er ríkjandi meðal
allra hreppsbúa jafnt ungra sem gamalla, og
það er einmitt ~~það~~ eitt af því marga, sem
ungmennafjelagið okkar þarf að stuðla að af
fremsta megni, þá fer varla hjá því að fje-
lagið Framsókn komi ekki í framkvæmd
áhugamálum sínum, eða verði eftirbátur
samskonar fjelaga.

Bjarni Sigurðsson

# Syndaflóð í vændum

Við munum það víst öll að þegar við lásum biblíusögurnar okkar, og lásum um Syndaflóðið er huldi alt þurlendi jarðarinnar og tortímdi öllum lifandi verum að undantekn-um heiðursmanninum Nóa gamla og skyldu-liði hans, ásamt tveim dýrum af hverri tegund dýra, er forsjónin hafði hvíslað í eyra hans að taka með í örk sína. — Hjer skal ekki frekar farið út í að lýsa þeim fádæmum öllum, sem þá á gengu og sem flóðinu fylgdu, okkur stóð það svo skírt fyrir sjónum alt saman þegar við vorum krakkar, að nú gerist ekki þörf á að rifja það upp aftur; en öll vorum við sannfærð um, og jafnvel mun okkur hafa verið sagt það, að slíkt kæmi als ekki fyrir aftur meðan jörðin væri við líði, — og var það huggun mikil.

En hvað haldið þið nú að sje komið upp úr dúrnum fyrir tilstilli þessara svokallaðra vísindamanna, sem nú alstaðar morar af í heiminum, jafnvel upp til dala og ystu út-nesja gamla Fróns? — Það er nú hvorki meira nje minna en þetta, sem eg í nokkrum dráttum skal gera tilraun til að skýra fyrir ykkur

Skjalasafnið Ísafirði

Á ákaflega fjölmennum og hátíðlegum fundi náttúrufræðinga, sem haldinn var fyrir skömmu í Liege, stóð einn belgiskur jarð-fræðingur upp aði spekingslegur ásyndum og boðaði mönnum í fyrirlestri það nýmæli, að nýtt syndaflóð væri í vændum nú á næstunni, og ekki nóg með það, heldur sagði hann sá góði mann, að syndaflóð hefði áður komið þrjátíu og tvisvar sinnum yfir jörðina.

Menn göptu alveg af undrun, og sumir eðlilega af hræðslu, við að heyra boðskap þenna, og fyrirlestur þessi vakti yfir höfuð að tala um lönd öll mikla athygli, því enginn vildi vera of svo djarfur að mótmæla þessum speking og vísindamanni. — Eins og gefur að skylja þá hvíó öllum þorra manna hugar við slíkum frjettum, og eru nú góð ráð dýr.

Talsvert skiftar skoðanir eru um hvað gera beri, en eg held nýei sje óhætt að slegja að öllum komi saman um, að alt verði að aðhafast, sem hægt er til þess að fá afstýrt öllum þeim hörmungum, sem af flóðinu mun leiða, enda væri það ekki vel samrímanlegt þessi mannúðar, vísinda og framfaraöld, sem nú er, ef þjóðirnar biðu andvara og aðgjörðar-

Skjalasafnið Ísafirði

-lausar þessa hræðilega dauðdaga, jafnvel þó þeir Einar Hjörleifsson og Har. Níelsson þykist <u>vísindalega</u> hafa sannað það, að annað líf sje til eftir dauðann og samfara því flestar eða allar þær lífsins nautnir, sem hjer á jörðinni.

Eigi er kunnugt um hve margt manna lifði hjer á jörðu þegar Syndaflóðið gamla rann yfir, þá eflaust engin Hagstofa til í heiminum -er fræddi menn um annað og því líkt, en það er talið víst að nú sje mannfjöldi jörðarinn-ar langt um meiri, og eflaust mun spilling mannkynsins síðar en svo minni nú en á dögum Nóa, þó eigi hafi heyrst að væntanlegt Syndaflóð komi fyrir þær sakir, því nú er þessi spádómur, sem annað byggt á eintómum vísindum-

Einsog gefur að skilja eru engin tök á því að öllum verði bjargað frá drukknun með þeim skipastól sem til er á jörðinni, enda þótt Bretinn sje voldugur á hafinu, til þess er skipastóllinn alt alt af lítill og als ekki hentugur í þessu tilfelli. Hvaða þýðingu hefur til d. að vera að afhlaða skipin með kolum olíu og vjelum? Hvar á að taka kol og olíu þegar þrýtur um borð? Og hvaða þýð-ingu hefur að vera að kynda í bannsettri

Skjalasafnið Ísafirði

vitleysu um það veginhaf, sem enginn endir verður á, því það er gefið að þegar flóðið er runnið yfir fyrir fult og alt, þá yrði ekki svo mikið, sem á eina einustu hundaþúfu. Nei,- sennilega verður að gera sjer gott af því að ýtast með ávenu á bárunni.- Að öllu yfirveguðu verður ekki hægt að notast við neitt gufuskipanna, sem til eru til mannflutninga, nema því að eins að vjelarnar verði úr þeim teknar og það rúm ásamt kolarúmunum notað fyrir vistabúr, því að alt verður að miða við það að sem flestu af fólkinu verði bjargað. — Þó svo fari nú, að notast verði við skipastólinn sem til er, þá mun þegar vera fullráðið að hefjast handa nú á næstunni á skipasmíði, eða rjettara sagt arkasmíði; því margir halda því fram að það muni gefast betur að hafa skipin í arkarforminu líkt og Nói hafði, með tilliti til þess hve vel honum farnaðist, og það jafnvel í lendingunni á fjallinu Ararat, því varla mun lendtaka hafa verið þar betri en í Bolungarvík áður en brimbrjóturinn kom, og því engum heiglum hent að stýra þar uppi í brimi; - en vel fórst Nóa alt þetta, mun hvorttveggja hafa fylgst þar að ágæti arkarinnar og afburða snarræði

Nóa, sem sjómanns og stjórnara.

Það er margt sem þarf að athuga og grand-
-skoða í sambandi við þennan voða boðskap.

Það er ekki nóg að mönnunum einum verði gjört fyrir rúmi á örkum og skipum, nei, það verður að ætla dýrum merkurinnar pláss líka og á það auðvitað sinn þátt í því að alt verður þetta kostnaðarsamara, en það gerir nú ekki mikið til, ríkir og fátækir verða að taka höndum saman og hraða öllum undirbúningi hvað sem það kostar, því hver veit hvenær flóðið rennur yfir, máske á yfirstandandi vetri. Óhugsandi er annað en að fara að dæmi Nóa og taka "tvö" af hverri tegund dýra í arkirnar, en hætt er við að þegar mennirnir ráða, að skiftar verði skoðanir um hvort sumt dýranna megi ekki mannfjélaginu að skaðlausu alveg deyja út með flóði þessu, eins og tildæmis bannsett tóan, en þá held eg nú að Bjarni í Vigur og aðrir [illegible] verði súrir á svipinn ef það verður ofaná. – Til mála getur auðvitað komið að landsstjórnin sem eðlilega hlítur að hafa mikil afskifti af þessu öllu, gefi undanþágu, líkt og á sjer stað um undanþágur frá lögum um innflutn-
-ingshöft á alskonar óþarfa er landsmenn geta

Skjalasafnið Ísafirði

án verið, og sem nú á tímum hafa verið mjög
svo auðfengnar.

„Hver er sjálfum sjer næstur" segir máltækið. Sannast mun það í þessu tilfelli sem öðru. Vjer Ísfirðingar hljótum eðlilega að hugleiða hvernig fyrirkomulagið á öllum ráðstöfunum þessu máli viðvíkjandi verði háttað hjer innan sýslunnar. Sennilega verður sýslumanni í hverri sýslu falið að gæta allra framkvæmda og reglu í sínu hjeraði, bæði hvað allan undirbúning snertir, og eins um tilhögun um hitt og annað, er flóðið tekur að renna yfir, og er þá gott að eiga úrskurðarsnjalla menn fyrir yfirvöld.

Talið er víst að örk verði smíðuð til d. fyrir hvern hrepp og kaupstað út af fyrir sig, svo að samskonar niðurröðun hreppa og sýslufjelaga geti átt sjer stað framvegis, því að formönnunum arkanna mun verða uppi á lagt að gera sitt ítrasta til að reyna að lenda á þeim stað aftur, er þeir voru á er flóðið rann yfir, en til þess útheimtist mikil kunnátta í sjómannafræði, því eigi er víst að það takist er sumum hefur dottið í hug, sem sje að leggja bara og dora fyrir stjóra meðan flóðið varir. — Betra er að vanda til ólíkra legufæra er útheimtast fyrir örk hreppa, og ekkert óráð held eg það væri,

Skjalasafnið Ísafirði

að þess væri á leit farið við Hermann Björnsson, sem er stærstur útvegsmaður hjer í hreppi, að hann ljeti samansmíða allar sínar niðristöður í akkerisfesti Eyrarhreppsarkar, myndi úr því haldgæður spotti reynast og að góðu liði koma þegar mest á liggur. Það er eigi lítils umvert að til legufæranna sje vandað, því komið geta uppá vond veður meðan á flóðinu stendur, og þá miður huggulegt að hrekjast um hafið hið mikla ef örkin kann að slitna uppúr.

Það er þegar fullyrt að andstæðingar Bolsivíka í Ísafirði muni aldrei í sömu örk ganga og bolsar, jafnvel þótt komið hafi til mála að skipa þá ritstjóra blaðanna á Ísafirði til þess að halda uppi friði og reglu um borð í örkinni. Verður eflaust úrskurðað af bæjarfógeta að arkirnar þar skuli vera tvær, eins og flokkarnir.

Heyrst hefir að einn gætinn og merkan borgara hafi dreymt draum, er þannig sjerráðinn orðinn, að bolsivikka hrekji mjög á hafinu í örk sinni, og að hún renni, þegar fjara tekur út flóðið lendi í miðjum gíg Kötlugjár og að þannig muni dagar þeirra taldir að fullu. Eru þetta er nú draumar einir og tilgátur, er skipta nokkuð skökku við ályktanir

og framtíðarhorfur Bolsanna. Svo treysta þeir
þeir hina nýbygðu bæjarbryggju að hún muni
standast flóðið og er því áformað að leggja
að henni á örkinni er flóðinu linnir og vígja
hana þá um leið. — Það má geta nærri að það
mikil breyting verður á öllu orðin er flóðið er
afstaðið. Flest nútíðar mannvirki forgörðum farin
og að ömurlegt yfir að líta. Þá mun þó gleði mikil
ríkja meðal bolsivíka og jafnaðarmanna, því þá
hafa framtíðarhugsjónir þeirra ræzt, allir orðnir
þá jafnir, það er að segja jafn aumir, enginn
öðrum ríkari, og það skyldi maður ætla að öfund
og aðrar verri hvatir geri eigi vart við sig næsta
árin, heldur vinni öll jarðarinnar börn óskift að
því að endurreysa það sem forgörðum hefur farið.

Þess hefur verið getið til að þá muni Sig. Kristjánsson
ritstjóri „Vesturl." hafa ofan af fyrir sjer, sem heimiliskennari
hjá ritstjóra „Skutuls" Guðmundi frá Gufudal. Trúlegt
þykir og að Stjórnarbót Guðm. Finnbogasonar komist
þá fyrst í framkvæmd að mestu leiti.

En hvað sem öllu þessu líður, þá segi eg nú
fyrir mig, að mjer óar við slíkum frjettum
og vil síst meira um þær skrifa.

<u>Nói</u>

Skjalasafnið Ísafirði

# Unglingur.

Ritnefnd:
Hávarður Friðriks.
Sólveig Ólafs.
Kristján [illegible]

3. ár | Ögri, í apríl 1925. | 2. blað.

## Fólkið í „Framsókn".

Það var óneitanlega ánægjulegt að líta yfir meðlimahópinn í U.M.F. „Framsókn", sem var saman kominn á fund 22. febr. s. l. í þinghúsi hreppsins.

Taldi sá hópur, samt sem áður ekki nema 2/3 félagsmanna eða alls 24 sálir.

Fólkið, sem þarna var saman komið var á aldrinum frá 14 ára til tvítugs; eða jafnvel liðið eitt þar yfir. Þarna sá maður þónokkra nýfermda unglinga. Voru þeir að öllu leyti stórir og skörulegir á vöxt. Þrátt fyrir það leyndi sér þó ekki gelgjuskeiðið, þetta tímabil, sem svo er kallað þegar æskumaðurinn fer að stíga fyrstu sporin til fullorðinsáranna. Óskan smáþverrar, og ungdómsbrekunum fækkar óðum.—

Þarna, á þessum stað var þá allt þessara ungmenna, full af alskonar andagift, og eldheitum æskuhugsjónum, en þó hafað þá óæfð við Ungm. félagsmálin, sem mest taka rúmið í hugum þeirra á þessari stundu.

Einnig finnst þessum ungmennum þá vanta þekking og þor, frá lífsskólanum mikla — reynslunni til þess að geta lagt orð til málanna sem á dagskrá eru, svo að haldi mætti koma.—

Sitja þau þessvegna þegjandi og bíða róleg eftir því að árin

Skjalasafnið Ísafirði

fjölgi og þar með komi andagiftin
sem að haldi mætti verða, og svo
~~menskan~~ sem færi þau í auk-
ana. — Mun þá hvorki
skorta lið, nje liðveislu innan
„Framsóknar“, þegar þessi ung-
menni öll, eru vaxin úr gras-
inu, að gáfum og gervileika.
Næst er það fólkið á hilungs-
aldurstakmörkunum. —
Það sker sig alveg úr öllum
hópnum, bæði hvað snertir
fegrun vöxt og fríð andlit. —
Á þessu fólki getur maður
líka sjeð skólasnið og menning-
arbraginn, framar öllum hinum
er þar voru —
Fyrst og fremst skartar þessi
menningar-bragur, unga fólksins
þarna, á klæðaburðinum. —
Hann er að mestu leyti eftir
Parísar tísku.
Flest af kvenfólkinu er klætt
nastmóðins „belgkjólum“, sem
jeg vil kalla svo; þessum
kjólum, sem fela svo undur-
vel allan líkamsvöxt, kven-
fólksins, — bæði fegurð og lýti.
Þessi kostur við kjólana, er
út af fyrir sig mjög mikils
virði, fyrir all (ef jeg má
segja það) ólaglegt kvenfólk,
þar sem þeir valda jafnmikl-
um fjörhreyfingum og þeir í
raun og veru gera, en þó er
það annað meira gildi og gagn,
sem þeir veita, því kvenfólki,
sem í þá klæðist, og það er
það hversu ljett og gott er að
dansa í þeim á böllunum.
Upphluts og peysufata-búning-
unum, er þó þarna í mein-
hluta. — Þótt þessi búningar
sjeu eldri í hettunni, hjer á
gamla Fróni og þar af leiðandi
litið svo á af sumum, úrelt-
ar flíkur, þá er þó það gott
við þessa búninga, frá sjónar-

Skjalasafnið Ísafirði

meyju og ógiftu piltunum, að minsta kosti, sjeð, að þeir sýni þó útibyggan vöxt þeirri kvenna, sem í þá klæðast.

En bæði er það nú, að þessir búningar fara nú að gerast helst til gamlir og því að öllum líkindum úreltir, samkvæmt tískulögmálinu, og svo hitt, að þeir hafa þann mikla ókost, að vera þreytandi fyrir dansmeyjarnar á böllunum. —

Karlmennirnir, í þessum fagra milliflokki U.M.F. „Framsóknar", mæta þarna á jakkafötunum, eiginlega, sem hafa átt því láni að fagna, að verða aldrei fyrir barðinu á tísku-tetrinu, sem flestir kannast við að illu einu. —

Flestir eru þeir þó með útlitsað hvítt um hálsinn, en þó eru nokkrir þeirra á allavega litum íslenskum, ullarpeysum.

Engir þeirra eru enn þá komnir svo langt í menningarsviði, á sviði klæðaburðarins, að þeir mæti þarna í Chacket eða öðrum viðhafnarkjól, enda slíkt ekki tiltökumál, þótt bregðum sjáist þarna í sléttu, á þessarri samkomu, þar sem þetta er ekki nema sjettur og sljettur málfundur hjá þriggja ára gömlu ungmennafélagi. — — —

En svo álitlegt, sem þetta fólk er eftir klæðaburðinum, og andlitsfegurðinni og fögrum líkamsvexti, þá er það þó enn þá álitlegra að öllu andans atgervi. —

Það getur maður fljótt heyrt á því, hversu vel og áheitilega ~~maður~~ það berst fyrir ~~að~~ málum þeim, sem snerta þennan félagsskap, og sem ber ~~það~~ þetta glæsilegt

heiti, ~~heit~~ sem felur í sjer
fullkomna herkvöð til þeirra
manna, sem að honum standa.
Undir öllum þessum, fínu
og sundurleitu klæðaburði
bærist hjartað, af því að hugsa
um öll þessi ótölulegu áhyggju-
mál, sem fjelag þetta berst fyrir
af miklu kappi og forsjá. —
Hjartað slær svo hratt, og blóðið
streymir svo ört eftir æðunum
þegar það hugsar um áhyggju-
málin sín, að því finnst hinn
tveggja ætla alveg að springa. —
Framtíðarvonirnar, með öllum
loftkastalabyggingunum, stíga
því til höfuðsins, svo að því
liggur við falli þegar það stendur
upp af bekkjum fundarsalsins
til að halda einhverja prjedikun-
ræðuna. — Margir mættu
því ætla að það væri eitthvað
raskað í kolli af stögi, eða öðru
þessháttar gauragangi. En þar sem

jafnvel sjálfur „Ríkis-Spánólin"
er forboðinn ávöxtur í þessum
fjelagsskap ungra manna (mun
kostur á fundum og öðrum sam-
komum) getur engum dottið
neitt grunsamt í hug, nema
ef vera kynni bleytan á gólfinu
sem gjörir mönnum það létt
stett. — — — —
Næst ber að telja gifta menn
og piparsveina (Þeir ~~betur~~ þó,
þann eigi piparmeyað sjer). —
Hinir fyrrnefndu sýnast
þarna heldur hræddir ~~á einhverju~~
í sessi, og hverdu djúpt á einhverju
~~yfir~~ óefað yfir því hve langt
þeir eru komnir í þjóðfjelags-
skyldurækinni, nefnilega því
að vera þá búnir að ná sjer í góða
og gilda konu sjer við hlið.
Má næri því lesa út úr þeim
þessa hugsun: „Ekkert skortir
okkur nú lengur í þessum heimi
nema auð og völd!" — —

Skjalasafnið Ísafirði

Næstir þeim giftu, hikkla piparsveinarnir, þrítugir og þar yfir. Eru þeir fremur daprir og dauflegir ásýndum, lítur helst út fyrir að þeir beri litla eða enga vonarglampa í brjósti sjer, um, að geta komist eins langt í mannfjelagsskylduverkunum og sessunautar þeirra. — Líta þeir mjög til baka yfir liðna tíð, og finna fátt eitt markvert í undangengnu lífi sínu, sem þeir geti með gleði dvalið við að hugsa um, en aftur á móti margt eitt, sem bendi þeim á kulnaðar vonir og hrundar skýjaborgir; einkum þó frá biðils-aldrinum sjálfum, og en lengur liðna.

Þeir, finna síðan til þess, að eldheitu áhuganum, sem þeir gengu svo mentir með út í lífið, er nú óðum að kulna út. Ekkert finna þeir, í svipinn, sem megnugt sé að lífga við gömlu glæðurnar nema ef vera kynni, eldlegur ástarglampi frá einhverri blómlegri heimasætu.

Giftu mennirnir og piparsveinarnir eiga þó það eitt sameiginlegt, að efnishyggjan er orðin furðu mikið ráðandi í hugum þeirra.

Hún (efnishyggjan) tekur nú orðið aðalrúmið í hugarheim karlmannanna, sálnanna, svo að loftkastala byggingar og skýjaborga hugsjónir til dæmis sem var aðal umhugsunarefnið meðan „blóðið var heitt og hjartað ungt,“ eru nú orðnar sjaldgæfir gestir.

Meginhugsunin er þó orðin sú, „að aura sem mestu saman“, fyrir komandi ár.

Skjalasafnið Ísafirði

Með öðrum orðum: ~~að~~ þeir, keppast nú við, hver í kapp við annan að „safna sjer fjársjóði á jörðu, sem mölur og ryð fær grandað og þjófar geta brotist inn og stolið“. —

Í ungmennafjelögum, finna þeir nú orðið litla ~~nautnal~~ andlegri nautnalyndi, sem þeir geti svalað áhugaþorsta sínum í, fyrir því að nú er áhuginn orðinn nú á allt öðru sviði. — — —

Þessi skyndimynd, sem dregin er hjer upp af fólkinu í „Framsókn“, er því miður of ónákvæm, og því ekki mikið til að byggja á. Getur hjer líka verið um mikla missýn að ræða, sem er og eðlileg afleiðing þess, að hjer er aðeins um augnabliksmynd að ræða af stórum hóp af fólki, inni í þröngri og dimmri hús-kitru. —

Fæst sanna lögð mynd af þ. „Framsóknarfólkinu“ því miður ekki nákvæm, nema einhver góður skriffinni taki sig rækilega til, og „dubbi upp“ í „Unglingi“ með „pallidómum“, um meðlimi „Framsóknar“. —

Vill ekki einhver slá í „púkkið“?

X og Y.

## Una og fífill

(Æfintýri).

Það var vor. Hún Una á Felli hafði risið óvenju snemma úr rekkju. Hún ætlaði líka í skemtiferð inn í Stóraskóg. En þangað hafði hún aldrei komið áður.

Skjalasafnið Ísafirði

Ó lengi, lengi hafði hún þráð þennan sumardag, sem nú var loks runninn upp. Undanfarna daga hafði hugur Unu vart fengist við annað, en að byggja kastala úr eintóm-um vonum, er hún óskaði að rættust í ferðinni. —

Nóttina áður kom henni varla ~~ekki~~ dúr á auga. Hún fór því að klæða sig löngu áður en hitt fólkið vaknaði. Þegar hún hafði lokið við það, fór hún út, niðursokkin í hugsanir sínar. Hún vissi því ekki af fyr en hún var komin nokkuð langt inn fyrir bæinn. Þar settist hún á stóran stein, sem henni var einkar kær; því við hann voru bundnar margar indis-fagrar endurminningar frá bernskudögum hennar.

Hún varp öndinni og leit umhverfis sig aðdáunar-augum, því aldrei hafði henni fundist náttúran jafnfögur og nú: Röðullinn nýrunninn upp í austrinu og varpaði fegurðargeislum sínum yfir landið og haf. Ægir sljettur, sem skuggsjá og fjöllin spegluðu sig svo undursamlega í honum. Dætur hans „mynduðust [illegible]" við strendurnar, eins og þær vildu fela hvern stein- og þara í faðmi sínum.

Ótal mörg blóm teygðu höfuð sín upp úr mold-inni og brostu blítt fram-an í morgunsólina, er hún varpaði gullnum geislum sínum á litlu kollana þeirra. — Fjöllin gnæfðu há og tignarleg við heiðan him-ininn, og lækirnir flýttu

sjer niður hliðarnar og glitr-
uðu svo undurfagrir við
skin sólarinnar. —
Fuglarnir gerðu ýmist að
synda, hlaupa, eða svífa
um himingeiminn, og allir
sungu þeir síglaðir ljóðin
sín, er bergmáluðu svo
indislega í eyrum Unu.
„Ó, hvað náttúran er dá-
samleg," hugsaði Una.
„Fullkomið samræmi! Hún er
eins og nýslegin horpa; eng-
inn einasti tónn er falskur."
Una hrökk við. Hún
heyrði hófadyn. Það var
verið að fara heim með
hestana, og hún sá að fólk-
-ið var ferðbúið heima á
hlaðinu. Hún flýtti sjer
heim, klæddi sig í reiðföt-
-in, og gætti þess vandlega
að á þeim væri hvorki
blettur nje hrukka. —

Síðan lagði allt fólkið á stað
frá Felli – 10 að tölu – og reið
alt hvað af tók til skemti-
staðarins — Stóraskógs. —
Þegar þau komu þangað
þá var þar svo margt fólk
að Una hafði aldrei fyr sjeð
þvílíkan hóp, enda var hún
ekki víðförul, og aðeins 15 ára
gömul. —
Nú var skemtunin sett.
Skemtiatriðin voru afar fjölbreytt
og Unu fanst þau öll í
samræmi við náttúruna og sjálfa
sig, enda hafði hún aldrei
skemt sjer jafnvel og nú.
Hjarta hennar bærðist af fagn-
aði. Höfðu ekki allir loftkast-
alarnir hennar rætst?
Bráðum átti að slíta skemt-
uninni og átti hún að enda
með söng. Þegar fyrsta lagið
hófst var Unu litið upp
í borð eitt í miðjum skógin-

Skjalasafnið Ísafirði

-inum; þar sér hún fífil, sem breiðir körfuna sína út móti sólarljósinu. Enginn annar virtist taka eftir hon-um. Hún gengur strax til fífilsins, og brátt verður hún þess áskynja, að í öllu borðinu vaxa engin blóm nema hann.

Una ávarpar hann á þessa leið: „Yndæli fífill, hvíertu hjer einn?“ „Því er ekki fljótsvar-að ungfrú góð“, sagði fífillinn. „Jeg er farinn að halda að örlögin ætli mjer að deyja hjer uppi. Það er ekki langt síðan að beðið hjerna var alsett kál-um og skemtilegum bræðr-um mínum, og hjerna við hliðina mína óx sóley, sem var megin þátturinn í öllum framtíðardraum-unum mínum.

En — nú eru bræður mínir horfnir, og hún var slitin upp með rótum frá mjer, og nú er jeg hjer einn og bíð þess að dagar mínir verði taldir.“ —

Þegar að Una hafði hlustað á ræðu fífilsins, þá var hún viss um að öndvegishugsjón hennar var: „eining alls, samúð með öllu“, og að kærleikseðlið mætti sín mest í hjarta hennar. —

— Fyrst í stað, kom hún engu orði upp. en feldi tár í körfu fífilsins, og þau glitruðu þar, sem döggvarperlur. Loks sagði hún: „Yndæli fífill, mig langar til að hjálpa þjer, að njóta ylgeisla sólar-innar, sem allra best. Má jeg ekki taka þig upp með rótum. og flytja þig heim í blóma-

Skjalasafnið Ísafirði

garðinn hennar mömmu. Þar eru mörg fögur blóm og jurtir og þar er langtum betri jarðvegur en hjerna í borðinu." —
Fífillinn varð undrandi er hann fann samúðarlyndinu streyma um sig — — og hlustaði á boð hennar. "Já, þakka þjer fyrir," sagði hann. Hann langaði til að segja meira, en gat það ekki, því hjarta hans barðist svo af fögnuði fyrir framtíðinni. Una tók nú fífilinn upp með rótum, og gróðursetti hann í fyrnefndum stað. Þess gætti hún vandlega að í jarðveginum skorti engin þau efni, er hann þurfti til viðhalds og þroska. —
Brátt varð fífillinn svo fagur í augum Unu, að hann bar af öllum jurtum í garðinum. Þegar fífillinn hafði fyllilega náð andlegum þroska þá fann hann hvöt hjá sjer til að launa Unu góðverkið. Það gerði hann á þann hátt, að snerta hjarta hennar með sprota ástarinnar.
Nú kinda þau saman elda sína — — eru í einu geislabaði. — —
Jafnan minnast þau skemtidvalarinnar með þakklátu hjarta. —

J.

Blað U.M.F. Framsókn.

# Unglingurinn

Ritnefnd: Guðm. Veturliða[son] Sigr. Veturliðad[óttir] Einar Veturliða[son]

3 ár | Í maímánuði 1925. | 3 blað.

## Hugleiðingar.

Nú er veturinn búinn að kveðja í þetta skifti, og hækkandi sól við norðurheimspól farinn að skapa vorið.

Já, langi íslenski veturinn er liðinn, horfinn í tímans haf, með öllum sínum kostum og kynjum, með öllum sínum margbreyttu veðurfarslegu undrunum, sem altaf einkenna íslenska veturinn, já, íslenska veðráttu yfirleitt.

En þótt vorsólin hafi nú hafið stjórnarbyltingu, og steypt gamla vetri af veldisstóli, og sest sjálf í hásætið til að ríkja fram næsta tímabil, þá eru þó enn þá margar minningar og menjar hins þrífallna jöfurs eftir í huga og haga.

Veturinn stendur okkur enn þá ljóslifandi fyrir hugskotssjónum, með öllum sínum mikilleik storma og hríða, og heillandi tunglskinskvöldum, með leiftrandi ljósatjöldum. —

Margir munu minnast síðastliðins vetrar með harm í hjarta, því það er stór hópur hraustra sona, sem íslenska þjóðin hefur orðið að gjalda Ægi í skatt, fyrir að heyja á ríki hans og sækja þangað gull og gróða.

Margar ungar meyjarnar sem í haust horfðu með ástarglampa í augum fram

Skjalasafnið Ísafirði

# U·n·g·u V·i·n·n·g·u·r.

á sólbjört vonalönd framtíðarinnar, þar sem þær ætluðu að lifa og skapa við hlið vinarins besta, sem nú hvílir í votri fangsæng; horfa nú með honum á brá út yfir hið víða haf, sem aldrei skilar því aftur, ~~sem~~ er einu sinni hefur orðið því að bráð.

Og margar eru íslenskar konurnar sem hafa orðið að sjá á bak eiginmönnum sínum eða sonum, sem svo margar fagrar vonir voru byggðar á, og áttu að vera stoð þeirra í ellinni og varpa ljóma á æfikvöldið.
Já og enn hafa margir misst bræður, frændur eða vini, já íslenska þjóðin hefur beðið manntjón mikið í hvarfi sinna hraustu sjóvíkinga.

Og enn eru margir sem sjúkdómar og sorgir og ýmis önnur mannleg mein hafa þjakað og þjáð, og svona mætti lengi halda áfram, en hennar tölur eru aldrei skemmtilestur og skal því staðar numið.

En í miklum meiri hluta eru þó vonandi hinir, sem með brosi á vörum og glöðum hug, geta horft til baka, til vetrarins liðna, og endurnært hugann við hinn sífrjóa ódáinsreit endurminninganna, sem hefur að geyma svo margar fagrar minningar, frá atvikum sem skeðu annaðhvort í glaðværum vinahóp, eða frá innilegum einverustundum. En skærast verður brosið á vörum þeirra, sem veturinn hefur fært þann vin sem hjartað þráir; er minningunum bregður fyrir um kvöldin hljóðu, ~~ooo~~ er þau hjetu hvert öðru trú og tryggð-um, en stjörnurnar hlustuðu. ~~Eða þá~~ þau svifu á samhljóm-ins vængjum, með henni

# Ungbingur

tengdar og tvær við tvær eftir hljóðfalli fjörugra danslaga.

Þá veturinn kveður eftir ólíkar endurminningar í hjörtum mannanna, mennirnir eru svo breytilegir og atvikin og áhrifinu sem þeir verða fyrir svo margvísleg, og hafa svo misjafnar afleiðingar, eftir áhrifanæmleika og upplagi hvers einstaklings. Hinn vonandi hefur sorgin eða þunglyndið ekki fjötrað sínum hug eða sál svo að vorsálin megni ekki að þýða burt allan ís og snjó, og glæða þar nýja von og skapa örugga trú á lífið og tilveruna.

„Þú vorsins andi sterkur hreinn og hlýr
heillogsæll aftur kystu blessað landið
Vek þú með komu alt sem í því býr
einhverjum sveip af kærleiksmagni blandið

Þannig kvað eitt af okkar betri skáldum.

Hugsum okkur landið sem fyrir skömmu síðan var alþakið ís og snjó, en er nú sem óðast að afklæðast þeim kuldahjúp vetrarins fyrir kraft vorsólarinnar. Þá „vorsins andi sterkur hreinn og hlýr" hefur verið þar að verki.

„Hvíslandi þýtur blær um bleika jörð
blessaður sjertu andi lífsins vara.
Elst þjer að þíða grund og græða ~~gros~~ svörð,
grösin að vekja lífga blómstur-skarann".

Landið er ennþá þakið yfir að líta og merjar vetrarins auglýsar. Hinn „Hvíslandi þýtur blær um bleika jörð.

Og frækornin sem hafa blundað í skauti jarðarinnar yfir veturinn fara að vakna til lífsins, þau fara að spíra og skjóta frjóöngum og bera blöð og blóm, brumknapparnir springa út á trjám og runnum, tún og engjar verða fagurgræn og laugast í vordaggarúða. Já alt landið hefur innan skamms skift um skrúða, og í stað fannahjúpsins, er nú kominn grænn flosdúkur alsettur skínandi blómum. Slíkur er gróðrarmáttur vorsins, jafnt í huga og haga.

Guðm. Bernharðsson.

———— )) ————

## Skógrækt.

Þau eru mörg og margvísleg, vanda og nauðsynjamál íslensku þjóðarinnar, sem nú eru á dagsskrá og hvernig þau skipast og úr þeim verður greitt, á því veltur líf þjóðarinnar bæði nútíð og framtíð.

Þegar ungmennafjelögin hófu göngu sína hjer á landi, settu þau á stefnuskrá sína mörg þjóðþrifamál, sem þau ætluðu sjer að vinna að til eflingar andlegum og líkamlegum þroska þjóðarinnar.

Áhugamálin urðu mörg og þau settu takmarkið hátt eins og eðlilegt var, þar sem ungir og áhugasamir menn mörkuðu stefnuna.

# U-n-g-l-i-n-g-u-r.

Það er ekki ætlun mín með þessum línum, að fara að leggja neinn dóm, né mælikvarða á það hvernig fjelögunum hefir tekist að framfylgja hugsjónum sínum, en hitt er jeg sannfærður um að þau hafa þegar unnið mikið gagn, og eiga eftir að leggja fram mikinn skerf til að efla fjelagsanda, manndáð og skapandi lífsafl hjá íslensku þjóðinni, ef þau stefna altaf fram á leið að settu marki.

Eitt af þeim málum, sem ungmennafjelögin hafa talið sjer skylt að leggja liðsinni sitt, að minsta kosti í orði, er skógræktarmálið og aukin ræktun yfirleitt.

„Sú kemur tíð að sárin foldar gróa,
sveitirnar fyllast akrar hylja móa,
brauð veitir sonum móðurmoldin frjóa.
Menningin vex í lundum nýrra skóga.“

Þannig kvaddi Hannes um aldamótin síðustu. En hvað margir hafa þá getað tekið undir með honum af fullri sannfæringu, er ekki gott að segja, en ávalt hefir það verið tiltölulega lítill hluti þjóðarinnar, sem hefir haft mikla trú á skógræktarmálinu, um það bera verkin ljósast vitni. Nú er þegar liðinn einn fjórði af öldinni, en framkvæmdirnar í skógræktinni eru litlar enn(þá). Þess þó ber ekki að vanþakka það sem gert hefir verið; og heldur mun hafa glæðst áhugi almennings, og eiga gróðrarstöðvarnar sinn þátt í því, þó þær sjeu eiginlega stofnaðar í öðrum tilgangi en að efla skógræktina beinlínis, en þar hefir aftur verið lögð talsverð stund á trjárækt og breiðst þekking út í þeim efnum. Og ef að vel gengur með trjáræktina

Skjalasafnið Ísafirði

heima við bæina, þá verður það efalaust einhver besta lyftistöngin til að koma skógræktarmálinu áleiðis. Svo hafa verið samin lög um verndun skóganna og ekki ber að gleyma skógræktarstjóranum. Enginn vafi er á því að ofurlítið hefur unnist í rjetta átt, að minnsta kosti hefur tekist að stöðva hina hraðfara eyðileggingu skóganna, þó að til þess liggi nú raunar ýmsar aðrar ástæður, sem ekki verður farið út í hjer. Á stöku stöðum eru skógar nú þegar í allgóðum vexti þar sem þeir hafa verið girtir og varðir þannig fyrir ágangi búfjár. En því miður er það sáralítill hluti og okkar litlu skógarleyfa sem hafa orðið þeirra hlunninda aðnjótandi.

Þingið hefur jafnan verið sárt á fje til þeirra hluta, enda er þar í mörg horn að líta á voru hrjóstruga og strjálbyggða landi. En í slíku máli dugar heldur ekki góður vilji þings og stjórnar eingöngu. Það þarf allsherjar-samtök, þjóðarvakningu, þar sem allir standa saman, jafnt til sjós og sveita. Allir eitt.

Já. „Vormenn Íslands yðar bíða, eyðifjalir, heiðalönd, komið grænum skógi að skrýða skriður berar sendna strönd." Minnist þess sem stendur í sögunum. „Þá er Ísland fanst og bygðist, var það viði vaxið milli fjalls og fjöru." Þó að þetta sje ef til vill eitthvað orðum aukið, þá er það samt óhrekjandi sannleikur að skógar voru hjer margfalt meiri á landnámsöld en nú, og nægir það að benda á örnefni, og svo hinar mörgu sagnir um skóga í fornsögum vorum. Þá jafnvel þeir menn

# „Ungbindingur."

sem enn eru á lífi muna eftir skógunum, það sem þeir eru nú gjöreyddir.

Þannig hafa vorir frægu feður leikið landið sitt, vitanlega hafa þeir ekki haft fulla þekkingu á hvað mikið tjón þeir unnu með þessari eyðileggingu, og er það nokkur afsökun.

Hugsið ykkur mismuninn, hlíðarnar og holtin, sem nú eru ber og blásnar skriður, en áður hafa verið þakin blómlegum skógi. Augu þjóðarinnar hljóta að fara að opnast svo að hún finni skildu hjá sjer til að bæta fyrir brot forfeðranna og klæða landið á ný.

Skógarnir eru líka meira en „stássfleti" sem landið á að skarta með, þeir skýla öðrum gróðri varna uppblæstri, milda veðurfarið, sem síst væri vanþörf á á voru landi, og með tíð og tíma gætu þeir gefið beinan arð, sem eldsneyti, eða annar efniviður.

Það eru margir svo trúardaufir á að það takist að græða skóg hjer á landi að nýju. En það er gamla sagan með öll nýmæli að þau eiga erfitt uppdráttar í fyrstu, en ef einhverjir byggja sem hafa áhuga fyrir starfinu og gengur vel, þá er ísinn brotinn.

Að vísu er ekki hægt að segja að þær tilraunir sem gerðar hafa verið hafi gengið beinlínis vel, en þegar reynslan er fengin um það hvernig ber að haga sjer, þá er von um betri árangur.

En eins og jeg hef áður nefnt þá er lítill hluti þeirra skóga leyfa, sem enn finnast hjer girtur og varinn fyrir ágangi búpenings, sem er þó fyrsta

Skjalasafnið Ísafirði

# U-n-g-l-i-n-g-u-r-i-n-n.

skilyrðið að um framför, eða vöxt geti verið að ræða. Það er líka sem oftar best að byggja á að hlúa að því og rækta það sem fyrir er, því hægra er að byggja en reisa. En betra er að færa út hvammana og grænum skógi að skrýða skriður berar, sendna strönd?

En hvað geta ungmennafjelögin gert í þessu máli? munu menn máske spyrja. Því mætti vitanlega svara á fleiri vegu, en fyrir mjer verður svarið þannig:

Þau eiga fyrst og fremst að vekja áhuga almennings fyrir málinu, og áhugann geta þau best vakið með því að hafa sjálf, framkvæmt eitthvað, þó að í smáum stíl væri því fjárhagur flestra mun ekki leyfa að ráðast í stórt, nema styrkur komi annarstaðar frá.

Og þau geta byrjað á því að laga til í kringum samkomuhúsin sín, því fagurt umhverfi hefur bætandi og göfgandi áhrif á mannsálina. En ef að húsin standa á þeim stöðum að skógrækt þar verði ekki talin framkvæmanleg, þá geta þau girt blett einhversstaðar þar sem skilyrðin væru betri, og væri þá sjálfsagt að velja blett, þar sem einhver skógargróður væri fyrir áður ef kostur væri á slíkum stað, það gæfi von um vissari árangur, og þar mundi náttúran hjálpa sjer sjálf að miklu leyti, ef friður fengist. Að vísu væri sjálfsagt að hjálpa til bóta með fræjum og gróðursetningu nýrra trjáa, en slíkt yrði aldrei mjög mikill kostnaður, fyrst aðeins að leggja alúð við starfið. En hjá girðingarkostnaði mundi vitanlega aldrei verða komist, en það dugir ekki að horfa á það eingöngu því flestar endurbætur kosta fje.

Skjalasafnið Ísafirði

# Unglingur.

Stöku ungmennafjelög hafa þegar helgað landa á þennan hátt, og mætti þar sem dæmi nefna Eiðahólma í Lagarfljóti (eystra), sem ungmennafjelög þar eystra hafa tekið að sjer að rækta og reisa, og orðið það ágengt að nú er sá staður orðinn þar hjeraðsprýði.

Mörg ungmennafjelög hafa það fyrir reglu að fara einhverja skemtiferð á hverju sumri, og eru þá óftast valdir staðir, þar sem skógar eru og gróðursæld.

Væri nú ekki ánægjulegt fyrir fjelögin að hafa sjálf ræktað og reist blett til að heimsækja á slíkum gleðidögum, og sjá hann taka framförum og prýðka ár frá ári fyrir samstarf huga og handar.

Lýk jeg þá máli mínu að sinni, en bið ykkur góðir fjelagar að hugsa það betur því hver veit nema af þeim hugleiðingum kynni að spretta framkvæmdir í framtíðinni.

Guðm. Benediktsson

---

## Palladómarnir um U.M.F. Framsókn.

(Eftir Hrafn.)

Í blaði ungmennafjelagsins var í vetur grein undir fyrirsögninni: „Fólkið í Framsókn" varð það tilefni til þess að mjer datt í hug að skrifa dálítið nákvæmari dóm um fólkið, því að mjer fanst ekki rjett að leggja alla á svipuðum aldri eða ásigkomulag undir sama dóm. Jeg hef hugsað niður nokkurskonar lýsingu eða „palladóm" á meðlimum fjelagsins, eins og þeir koma mjer fyrir sjónir. Jeg fer eftir mannvirðingum og byggja á sjóninni.

# U-n-g-b-i-n-g-u-r.

## Formaður Gísli Sæmundsson.

Gísli er meira en meðalmaður á hæð og samsvarar sjer vel. Hann er djarflegur í framgöngu og má sín mikils hjá kvenþjóðinni og þessum bændum, enda er maðurinn tölu vert forframaður, sem sjá má á því hve ábyrgðarmikið starf hann hefur.

Á sínum yngri árum stundaði hann sjóróðra og vann þá víst oft-ast fyrir heilum hlut......

Lærð hefur hann á Hólaskóla, og kom hann þar gangandi og munu það fáir miðdarmenn eftir leika. Sjeð hefur hann höfuðstaðinn og fannst honum fátt um, kvaðst eigi hafa þar sjeð annað fegurra en Jón Þorláksson og eigi annað ljótara en Ólaf Friðriksson.

Eftir heimkomuna óx hann mjög að mannvirðingum, og skömmu síðar var hann kosinn í sóknarnefnd og eru miklar líkur til að hann muni komast enn hærra. Gísli er enginn bannmaður, en bindindismaður mikill enda er hann hófsmaður á alt.

Margt er honum til lista lagt, hann er hagur maður á trje og járn og mun nokkuð hafa fengist við skáldskap. Hugrakkur maður er Gísli og stenst vel hverja þraut og heyrt hef jeg að hann hræðist ekkert annað en hjónaband og skal jeg engum getum að því leiða hvað muni valda.

## Gjaldkeri Guðm. Bernharðsson.

Um Guðm. Bernharðsson og stöðu hans má með sanni segja að þar sje rjettur maður á rjettum stað. Hann var fyrsti gjaldkeri fjelagsins, og var það hans fyrsta spor til upphefðar að fradregnu því að hann var barnakennari einn vetur.

Hann er sá maður sem mörg-

Skjalasafnið Ísafirði

# U"n"g"b"i"n"g"u"r

um kemur saman um, að hann muni verða hættulegur keppinautur í kvennamálum, og jafnvel á fleiri sviðum. Hann er ungur og efnilegur maður og hefur margt til síns ágætis. Hann er einn af hinum mörgu búfræðingum, og blóma og grasafræðingur og elskar öll fögur blóm. Í tilbót er hann hreppstjórason allir þekkja ættina, ná frænd-leikskapsins og — og — jeg tel ekki meira, þetta ætti að nægja um ættgöfgi hans.

Á fundum talar hann oft og þykir gjöra það fremur vel. Frekar mun hann hneigður til landbúnaðar en sjósóknar, þó er hann búinn að róa bæði vorin. Lítið hefur hann fengist við stjórnmál ennþá enda hefur hann nóg að gjöra við blómræktið og bústörf ýmiskonar.

Jeg sje í anda fram á ókomna tímann Guðmund minn sitja á hestasteininum og horfa yfir rennisljett túnið sitt alþakið bólstrum af ilmandi heyi. Alt umhverfis ræktað og vel hirt, fallegir blómgarðar og matjurtagarðar við íbúðarhús og peningshús, alt eftir nýjustu tísku. Þetta er alt hans handaverk — og í hlaðvarpanum situr konan með allan barnahópinn, eitt-tvö-þrjú-þau eru víst uppundir tuttugu sem jeg sje. Jæja það er víst best að athuga nútíðina dálítið nánar. Nú starfar Guðmundur fyrir búnaðarfjelag hreppsins og á hann þá fyrir höndum að róta upp gömlum óræktar þúfum og breyta þeim í frjósama jörð.

Sömuleiðis vona jeg að hann

Skjalasafnið Ísafirði

# U·n·g·l·i·n·g·u·r.

eigi eftir að róta upp í hugum
margra og ryðja burt öllu illgresi
og öðru rusli, sem þar kann að vera
fyrir og setja þar í staðinn mörg
nytsöm og fögur blóm, margar hreinar
og göfugar hugsanir og hvetja til
framfara sem að gagni mega
verða landi og lýð........

Ritari Kristín Helgadóttir

„Það er eigi gott að maður-
inn sje einsamall." ~~Það~~ Á öllum
tímum hefur það sannast að
kvenmannslausir eru karlmenn-
irnir gagnslitlir til lengdar.
Það er eigi aðeins í hjónabandi
heldur í allskonar fjelagsskap,
að nauðsynlegt er að hafa kvenn-
fólkið með.
Nú er kvenmaður í aðal-
stjórn fjelagsins og ætla jeg
að reyna að lýsa henni, þó
að jeg sje mesti klaufi í með-
ferð lýsingarorða þegar kvenn-
fólk á í hlut að máli.

Jæja, þá er best að byrja á lýsingunni:
Kristín er hvorki há eða lág, ekki
er hún gildvaxin og heldur ekki grönn,
en einhversstaðar þar á milli. Hún
er fremur ljettlynd og kát og ófeim-
in á fundum og á hægt með að
koma hugsunum sínum í orð, enda
er hún mentuð á nútíðarvísu.
Hefur stundað nám á „Kvennaskóla
Reykjavíkur" og heyrt hef jeg sagt
að sá skóli sje ótæmandi brunnur
allskonar vísku, og trúlegt að við
fáfróðir sveitamenn skiljum ekki
öll þau ósköp. Síðan Kristín
kom heim hefur hún fengist við barna-
kenslu, sveitabúskap, hannyrðir og fl.
sem yrði oflangt mál upp að telja,
og er það flestra von að fjelagi
voru verði að henni mikill styrkt-
ur í framtíðinni. (Framh. næst)

———— )) ————

| Blað: U.M.F. Framsókn. | Unglingur. | Ritnefnd: Ragnar Jóhann… Líneik Árnad… Sara Guðm… |
|---|---|---|
| 3. ár | Í októbermánuði 1925 | 4. blað. |

## Kisa.

Mig langar til að láta blaðið „Unglíng“ flytja fáein orð um kisu. —

Hún hefir tvisvar komið til umræðu á fundum í U.M.F. Framsókn meðal annara dýra, en þar hef jeg ekki lagt orð í belg á neinn veg, svo fáir vita hvort jeg er með kisu eða ekki. Umræður hafa snúist þar á marga vegu, og hefir mjer heldur heyrst hallast á hana.

Því er nú einhvernveginn svo varið með mig að mjer þykir ekki vænt um nein dýr, ekki veit jeg hvernig á því stendur, nema komi það til af því að jeg er ekki búhneigður og þarf svo lítið á húsdýrum að halda.

Jeg komst í dálitlum kunningskap við kisu einusinni á uppvaxtar árum mínum,

Skjalasafnið Ísafirði

það var einusinni þegar jeg var að hátta seint um kvöld, að jeg heyrði eitthvað ýlfur úti, og fór að tala um það við ömmu í hverju heyrðist, hún sagði mjer að það væri í ketti. En jeg læt þess getið að mamma átti engan kött vildi ekkert með þá hafa. Jeg fór að spyrja ömmu hvernig á þessum ketti stæði, hún kvað það vera einhvern flökkuköttinn og þeir væru oft grimmir. Jeg varð hálfhræddur við að heyra það, en því var einhvernvegin svo varið, að mig langaði til að sjá þennan kött. Jeg herti upp hugann fór til ömmu og beiddi hana að lofa mjer að reyna að ná í köttinn, og lofa honum inn ef hann væri ekki grimmur. Svo fjekk jeg leyfi til að ná í kisu, og fjekk fullorðinn mann til að hjálpa mjer. Það var auðvelt að ná henni inn, hún var hjá dyrunum þegar við opnuðum, og hljóp sem píla inn í bæ, jeg vildi fá að sjá þennan gest, og fjekk mjer því ljós til að leyta hana uppi, jeg sá hún hljóp í áttina sem búrið var og þar fann jeg hana líka. Jeg sá undir eins á henni að hún var ekki grimm, og svo aumkunarlega mjálmaði hún að jeg gat ekki annað en kent í brjóst um hana.

Skjalasafnið Ísafirði

En þó mamma væri nú eiginlega enginn kattarvinur, gat hún ekki hrakið þennan aumingja út úr bænum, sem komin var að leyta sjer bjargar, og við vissum ekkert hvaðan hún var.
Það er fljótt yfir sögu ~~farið~~ að fara, kisa var hjá okkur í mesta yfirlæti um veturinn, og var að sjá sem hún væri ánægð með heimilið.
En einn góðann veðurdag um vorið þá hvarf kisa, jeg held nú samt að enginn hafi saknað hennar nema jeg. Svona leið vika og hálfur mánuður að ekki kom kisa, og hugði jeg að hún hefði farið að fá sjer aðra vist, eða væri dauð. - Enn hvað skeði einn morgun þegar jeg kom á fætur, var þá ekki kisa komin aftur. það urðu fagnaðarfundir hjá okkur. Mikið var hún soltin, enda var hún fegin að fá að sleikja, þegar hún var búin að seðja sig labbaði hún fram bæjardyrnar og upp tún, jeg var forvitinn um hvert hún ætlaði og fór því í humátt á eftir henni, hún fór inn í fjárhús og jeg á eftir, þá var hún að hverfa uppí hlöðuna, en þegar jeg kom þangað var kisa horfin, jeg fór að skima eftir henni en sá hana hvergi, alt í einu heyrði jeg tíst, hvað gat það verið? Jeg gekk á hljóðið og þar fann jeg kisu í stórri veggjarholu, jeg dró kisu út úr holunni, þar var þá meira en hún sjálf, þar voru bara 3 aðrar kisur. - Jeg tók allan hópinn heim með

Skjalasafnið Ísafirði

mjer og lofaði henni að ala þá eyyr, af þessu varð jeg kattarvinur um tíma. En það endaði þannig með þessa ketti að þeir þóttu nokkuð margir, svo þeim var fækkað að mun og þá dofnaði yfir mjer og hef jeg lítið fengist við að hæna að mjer dýr síðan.

Jaja! jeg heyrði það á öðrum fundinum að það væri mikið eðlilegra að kvenfólkinu þætti vænna um kettina en okkur karlmönnunum, fyrir þá sök að þær væru oft svo hræddar við mýs, því væru kettirnir þeim svo þarfir.

Að endingu vil jeg beina því að okkur karlmönnunum sem erum kanske engir kattarvinir en þó alltaf kvennavinir, að virða köttinn fyrir að vera nokkurskonar bjargvættur kvenfólksins.

Nói.

Skjalasafnið Ísafirði

# Palladómar um U.M.F.
## Framsókn
(Áframhald eftir Hrafn.)

Varaformaður Kristján Guðmundsson.

Um hann mætti margt segja, en það verður nú í þetta skipti samandregið.

Kristján er alinn upp fram í afdal, við blikandi silungsvatn og skrúðgrænan skóg grasgefnar engjar og gæði nóg, langan og strangan vetur en stutt en gagnleg sumur. Náttúrufegurð heimahagana heillaði hann, hann sá hvað mikið mætti byggja þar til, þar var þörf fyrir hraustar hendur og sterkan áhuga, hann sá í huganum á sínum ungdómsárum hvað þurfti að gera og hvað mætti gera, þessar hugsanir fylgdu honum jafnan hvert sem hann fór.

Kristján er kominn á þann aldur sem flestir eru farnir að líta í kringum sig eftir kvenlegri meðhjálp, en ekkert hefir borið á framkvæmdum í því ennþá.

Ungur fór hann til sjóar og þótti nýtur

Skjalasafnið Ísafirði

maður, en frekar hneigðist hugur hans til landbúnaðar, og fór hann og stundaði nám á búnaðarskóla, nú er hann einn á tölu okkar mörgu búfræðinga og bústólpa, þó að maðurinn sje ekki gamall, þá hefir hann verið bóndi á þrem jörðum, og nú í vor flytur hann sig á þá jörð sem hann er uppalinn á, og hefir elskað síðan hann var barn, eigi hefir glys þessa heims nje fagrar konur megnað að heilla svo huga hans og fá hann til að gleyma fornum stöðvum, mikil eftirsjá er það hinni ungu kvennþjóð að sjá á eftir honum fram á fjöllin, og eigi er það ólíklegt að hugir einhverra ungfreyjanna reiki fram í óbygðirnar þegar hann fer alfarinn fram á fjöllin, óska jeg honum til hamingju í þessum stað, og vona jeg að hann komi einhverntíma ofan í bygðina, og trúi jeg eigi öðru en að sólarhitinn og sumarblíðan í dalnum nægi til að gera hjarta hans viðkvæmt fyrir örvum amors, svo að hann að lokum flytji með sjer í dalinn sinn einhverja blómarós sem getur geymt til vetrarins dálítið af sólskini og yl.

Skjalasafnið Ísafirði

## Varagjaldkeri Lineik Árnadóttir.

„Mikið fær sá sem mjer veltir“; þetta er
gamalt máltæki sem á öllum tímum má
til sanns vegar færast.
Lineik er nú um það bil að vera fullvaxið
blóm á akri vorum, og er hún það blómið
að jeg hygg sem margur muni rjetta hönd
sína út til að reyna að ná í, en ekki geta
allir hlotið hnossið. Mikla mentun hefir
hún hlotið, og er það eigi mitt meðfæri
að lýsa því öllu til hlítar, á hinum fræga
Kvennaskóla Reykjavíkur hefir hún verið, og
nú síðast liðinn vetur var hún á vefnaðar-
námskeiði, og lærði hún þar meðal annars
að „vefa dúka dýra mjúka skjóta skyttunni
í skil“ eins og skrifað stendur.
Hún kann að leika á orgel og nú er hún
organisti í kyrkjunni, dreifir hún fögrum
tónum yfir fólkið, og undir syngur hver
í kappi við annan með sínu nefi, og hljóð-
færið stynur undan meðferð hinnar ungu
meyjar, er hún miskunarlaust styður sínum
fögru fingrum á nóturnar hverja eftir

Skjalasafnið Ísafirði

aðra, eftir listarinnar reglum, hljóðfærið verður
að láta undan duttlungum hennar, og svo mun
fara um fleiri að þeir verða að beygja sig
fyrir vilja hennar, en að lokum fer þó svo
að einhver hlýtur að sigra, og vinna þá borg
sem hingað til hefir ei unnist, því það er
allra von að eigi fari hún að ganga í
piparmeyjafjelagið, því nógar eru þar fyrir
að styðja piparinn. Fyrir fjelagsskapi vorum
~~ha~~ hefir hún nokkurn áhuga, og vona jeg að
hún í framtíðinni eins og hingað til
verði góður liðsmaður í Framsókn vorri,
í áttina að því marki sem vjer öll keppum að.

---

Skjalasafnið Ísafirði

| Blað U.M.F. Framsókn | Unglingur | Ritnefnd: Steinunn Finnb[illegible] Kristján Einarss. Hafliði Ólafss. |
| --- | --- | --- |
| 3. ár | 7. nóvember 1925. | 5. blað. |

## Sveitin okkar.

Flestir munu tengdir átthögum sínum öðrum stöðum fremur. Átthagaástin er sjerhverjum helg og viðkvæm tilfinning. Alt skyldi því gert til að efla hana og styrkja, en ekki á alla lund reynt til að uppræta hana eins og nú er gert með þjóð okkar.

Að vísu virðist svo sem nógum veitist létt að slíta átthagaböndin því svo margir láta nú hrekjast fyrir straumi tímans út á haf óskapnaðarins. Sumir ná einhversstaðar landi, en aðrir — og það margir — fljóta sofandi að feigðarósi.

En fremur mun sú útrás eiga rót sína í því að sveitirnar blátt áfram bera börn sín út í stað þess að stuðla að því að þau neyti þar krafta sinna, en þurfi ekki að skjóta rótum annarsstaðar. Þessi er eflaust aðalorsök þess festuleysis, sem nú einkennir þjóðlíf okkar.

Ýmsir munu hafa sjer það til afsökunar eða nefna það sem orsök burtfarar sinnar að ekkert sje til fyrir þá að gera í sveitinni að minsta kosti ekki við sitt hæfi.

Þessi raunalega saga er að vísu hálfur sannleikur, eins og nú er ástatt, — en heldur ekki meira. —

En í raun og veru er þessi

Skjalasafnið Ísafirði

öfugi og alrangi hugsanaháttur aðeins skilgetið afkvæmi vanþekkingarinnar og vanans.

Því það er bæði satt og sannanlegt að í sveitum landsins gæti lifað margfalt fleira fólk en nú er þar, ef gæði þeirra væru notuð til fulls. Og það er eins víst og að dagur fylgir nóttu að sá tími rennur upp innan skamms.

Aðeins á meðan hinir ráðandi menn skilja ekki rjettmætar og sjálfsagðar kröfur tímans helst hið núverandi ástand með óverulegum breytingum.

Hvað okkar sveit viðvíkur á þetta ennfrekar við en víða annarsstaðar. Hún stendur óneitanlega betur að vígi og hefir fleiri gæði að bjóða en fjölmargar stallsystur hennar. Þar blasa við óteljandi möguleikar hvert sem augum er litið, ef aðeins ekki brysti rjettan skilning, dugnað og þekkingu til að notfæra þá.

Við göngum á gullinu dags daglega, sem liggur arðlaust og ónotað undir fótum okkar og bíður þeirra, er leysi það úr böndum; þangað til okkur lærist að skilja að það er okkar mesta upphefð og farsælasti framavegur, mesta heill sveitar okkar og þjóðfjelagsins að við gerumst þeir gullnemar.

Og það starf er ekki nje á að vera neitt gustukaverk, heldur hið besta hlutskifti, sem við getum kosið sjálfum okkur og sveit okkar til handa. Og væru þeir fjársjóðir notaðir til fulls er það víst að sveit okkar gæti alið jafnmörg þúsund og nú eru þar hundruð.

Eins og það er mest vert hverjum einstaklingi að eiga sjálfsvirðingu og sjálfstraust.

Þannig er og hverri þjóð nauðsyn á að treysta sjálfri sjer og landi sínu; þeim, sem sveitafjelagið

Skjalasafnið Ísafirði

mynda, eða hvern annan fjelagsskap, nauðsyn á að treysta samtökunum sínum og eygja sífelt möguleikann til þroska og framfara, því að: „það stekkur enginn lengra en hann hugsar.“ — —

Við Ögursveitungar erum líklega almennt svartsýnir a.m.k. á sumum sviðum. Okkur hættir oft á að einblína um of á galla sveitar okkar: „Hún er svo fámenn og skjálbygð“ — segja menn: „við eigum svo örðuga aðstöðu til allra samtaka og samstarfs“; „Hjerna í henni „Ögursveit“ — segja menn með fyrirlitningarhreim í röddinni rjett eins og hún væri dæmd til þess um allan aldur að vera síðust í lestinni. Jafnvel hjer í „Unglingi“ hefir þessa kotungsanda orðið vart.

Hinn sannleikurinn er sá að sveit okkar er öndvegi, og að það því veltur einungis á sjálfum okkur hvort við stöndum framarlega eða aftarlega, hvort að við göngum til góðs götuna fram eftir veg — eða okkar miðar í gagnstæða átt.

— Eg þykist vita að við viljum öll heill og heiður sveitar okkar, og sjálfsagt kemur okkur öllum saman um það að án einingar og samtaka náum við aldrei því marki. Því að: Sameinaðir stöndum vjer sundraðir föllum vjer.

Hafliði Hafsson

# Mentun og menning.

## I

## Skólinn

Menn ræða um skólafyrirkomu-lag í öllum löndum, höfuð dagskrár-atriði hinna frjálslyndu stjórnmála-manna. Þar er ekkert smáræði um að tala heldur miljónir á miljónir ofan og sífeld aukning ár hvert.

Barnaskóli, framhaldsskóli, gagn-fræðaskóli, húsmæðraskóli, kvenna-skóli, Sjómannaskóli, bændaskóli mentaskóli, háskóli o. s. fr. v.

Öll æska þjóðarinnar á skipulegum skóla vegi, veginum til embættis. Hið besta sem þjóðin getur gefið börnum sínum.

Er þetta ekki vegur framtíðar-innar? Erum vjer ekki í farar-broddi þjóðanna? Eigum vjer ekki að fórna hinum síðasta eyri?

Ár frá ári vex mentalöngun og metorðagirnd þjóðar vorrar. Hún heimtar: skóla, meiri skóla. Heill hópur fólks með gagnfræða-próf, aðrir enn varla komnir upp úr koki okkar fyr en sami flokk-ur er orðin stúdentar.

Okkur miðar áfram með stórum hraða í fararbroddi annara Evrópu þjóða. Til hvers leiðir öll þessi skólaganga? Fáum vjer nyt fyrir miljónirnar? Eða hvað gefur skólinn okkur?

Skólinn gefur okkur fullt höfuð af vafasömum kenningum.

Vjer erum neyddir til að hugsa og eigum af því að verða vitrir. —

Er það ekki þannig að lífsform sem mikið eru notuð þroskast og vaxa, en ónotuð lífs-form smá veikjast og hverfa að lokum.

Alt miðar þetta með skólamen

Skjalasafnið Ísafirði

skóla. Sígt en fast þokast þjóðin áfram til æðra lífs og fullkomnana. Sjóndeildarhringurinn víkkar, höfuðið vex og vex, úttroðið af iðni og nákvæmni.

Fætur og handleggir smáveikjast og visna og hanga um síðir afllausir og hvergánýtir.

Að lokum erum vjer fullbúnir sem framtíðarfólk:

Helgarmikið höfuð á litlum en beinvöðvum búk, sigsíðum tötralega með fjóra afllausa útlimi. Vjer lifum af bókvísi, allt líf á sjer stað inni í heilanum.

Fagurt og heillandi framtíðarmark. — Vegur skólans. —

Nú er aðeins eitt við þetta að athuga nefnilega það: að á milli bols og höfuðs er lifrænt samband, og að höfuðið hvorki vill nje getur tekið á móti áhrifum eða umtölum, sem ekki verka jafnframt á líkamann.

Hversvegna standa þeir sem búa norðarlega á hnettinum framar hinum að mentun og menningu?

Af því að í lífi þeirra er meiri samræmi. Þeir lifa lífinu með öllum líkama sínum. Þeir hafa líkamlega vinnu ekki aðeins málæði.

Vjer verðum jafnt varir áhrifa frá hönd, fót og auga, og samanhina þriggja langa og áhrif þeirra á heilann skapa hin verðandi áhrif: minningarnar, þekkinguna.

Vorar komandi kynslóðir fæðast með stóran heila og minniforða arma. Reynsla og kensla ganga hönd í hönd.

Þarf ekki voði hamar og sleggju til fullkomins höggs?

Bókleg kensla eingöngu er að berja loftið. Hún er aðeins til gagns fyrir því, sem lífið hefir undirbúið með áhrifum sínum, gert heila þann vitran. Með öðrum orðum:

Skjalasafnið Ísafirði

Hún getur aðeins grafið upp hinn leynda sjóð skynseminnar.

Mín list er ljósmóðurstarf -sagði Sókrates. Öll bókleg tilsögn er árangurslaus, nema sú sem hittir fyrir gáfaðan heila, þ.e. þá sem auðgað hafa anda sinn að þekkingu gegnum marga ættliði af erfiðissömu lífi.

Kennsla er ljósmóðurstarf. Skýrir þann vísdóm, sem grafinn er og geymdur í fylgsnum heilans. Og hún þarf að vera byggð á reynslunni. Þess vegna ætti öll kennsla að vera fyrir lífið.

Sjómennirnir fara fyrst til sjós síðan á sjómannaskóla. Þetta er hin rjetta leið.

Hermenn og verkfræðingar hafa að nokkru leyti það sama. En það ætti hvergi að vera <u>að nokkru leyti</u> heldur aðeins einn einasti möguleiki:

<u>Kennsla á eftir reynslu</u>, bæði fyrir sjómenn, verkfræðinga, embættismenn, stjórnmálamenn o.s.frv.

Kaupstaðabörnin eyða öllum bernskuárunum á skóla, svo kemur nemandi ofan úr <u>sveit</u>. Hann lærir það á þrem til fjórum mánuðum sem hin strituðu við í <u>10 ár</u>. Hann byrjaði á þroskaaldri.

Mikið af hinni löngu skólatíma er hjá flestum til einkis nýtt. Þeir hefðu getað lært jafnmikið á margfalt styttri tíma, hefðu þeir aðeins notað þann tíma æfi sinnar, sem hentugastur er.

Ef að skólinn og hin bóklega mentun gæti lagt hársbreidd við gáfur eða vitsmuni mannkynsins þá hlytu afburðamennirnir og hin leitandi stórmenni heimsins að vera flest og mest umhverfis hina gömlu háskóla og þekkingarstofnanir. Hið þveröfuga er tilfellið.

Skjalasafnið Ísafirði

Kína hefir haft háskóla í fleiri aldir. Pisa, Róm, Salamanca alt síðan á miðöldum.

Kaþólikismennirnir hafa þar getað gengið skólaveginn óslitið sömu eftir götur alt til vorra daga. En stórmenni þaðan komin

ekki eitt einasta. Þetta er alt unnið fyrir gíg.

Skólinn skapar ekki þekkinguna heldur hið lifandi líf.

Hinir fínu andans menn úrkynjast og deyja út, af lífsleiðindum, af vöntun verkefnis, vöntun líkamlegrar vinnu.

Afkvæmi þeirra verða sífelt minnna vind, verða úrkynjuð.

Allar stórar uppfindingar, öll veruleg þekking er sköpuð af sjálfmentuðum mönnum, sem standa í nánu sambandi við lífið, en fjarri skólamenn.

Af sonum og sonarsonum erfiðismanna. Því að guð norðursins er miskunsamur í þrifum og fjörða lét þeim, sem halda það boðorð hans að vinna með líkam sínum í skauti hinnar lifandi náttúru.

Benjamín Franklín gekk ekki í skóla, ekki Stefánsen heldur ekki Edisson og þannig mætti lengi telja.

Þegar menn skara fram úr á einhverju sviði er skólanum vanalega þakkað það, vegna þess að lítilmennin geta ekki sætt sig við þá hugsun að yfirburðirnir stafi frá persónunni sjálfri. Og sína eigin heimsku afsaka þeir með því að þeir hafi ekki gengið í skóla.

Og af því að fjöldinn styður þessa almennu hugmynd neitar heildin að borga hana með miljónum króna.

Andlegir hæfileikar: listfengi, gáfur, þekking. alt eru þetta

Skjalasafnið Ísafirði

áverkin af líkamlegri vinnu, áverkir af baráttu mannviljans við náttúruöflin, áverkir af að yrkja jörðina – <u>af landbúnaði</u>.

Skólinn getur hvorki lagt við eða dregið frá. Í mesta máta getur hann gert oss yfirborðsmentaða. – Sett á oss hjegómlega gyllingu.

Vora líkamlega heilbrigði getur hann einnig eyðilagt.

Hinn einasti skapandi skóli heitir: <u>líkamleg vinna</u>

Hún er vegur norðlians til þekkingar og yfirburða.

Á <u>eftir</u> vinnunni skyldi skólinn koma, sem kóróna á höfuð þess, sem fæddur er konungur.

Frh.

## <u>Palladómar um U. M. F. Framsókn</u>

(eftir Óspak)

### <u>Formáli</u>

Þó að Óspakur setjist að þessu sinni í dómarasætið vill hann engu um það lofa að renna skeiðið á enda.

Biðja vill hann þess bæði svanna og svein að misvirða ekki þó sjer kunni að missýnast eða yfirsjást. Og ennfremur vill hann biðja þess að menn styggi sjer ekki upp við það þó einhversstaðar þyki höggvið nærri holum, því mannamun mun hann sjer engan gera og ávalt mun gaman hans græskulaust. —

## Hjörtur Sómundsson

Um hann mætti skrifa langt mál, en tími eða rúm leyfa því maðurinn er búinn að lifa bæði lengi og vel.

Að ytra útliti er hann hálf einkennilegur. Rauður er hann á hár og skegg og álíta menn hann kominn af Eiríki hinum rauða. Fylgir honum og hyggja í hyggjuvit að því, er áræði til sjósókna viðkemur. Er nærmast um hann svo víðförull, sem nefndur forfaðir hans. Þó mun honum Ísland horfið hafa í sveip og Grænlendinga hefir hann augum litið.

Ekki er það roði hjálmar, sem mest einkennir útlit hans, heldur það að höfuð hans er litlu hærra en kryppan. Vita menn ógjörla af hverju það stafar.

En þann mun munnmæli hafa og í eskuminni að Hjörtur hefði á sínum yngri árum fengist mjög við kvennamál og að hann í þeim viðskiftum hafi hlotið hryggbrot mörg. Og að, þess beri hann sár um ófiljóg ár.

Og hefi ávalt vjefengt sögu þessa vegna þess aðhald að enginn muni lifa af svo miklum áverka, sem hryggbrot! Og af hinu að eg á bágt með að trúa svo mikilli harðleikni af hendi hinna mjúkhentu meyja. En sje sagan sönn er hryggbrot ekki eins hættulegt og ég hjelt.

Nú er Hjörtur fyrir löngu kominn í heilagt hjónaband og hvetur aðra mjög til að stíga það heillaspor.

Venda hefir hann yngst um árabil síðan hann komst í þessa stöðu. Og er nú ávalt bjartsýnn og ungur í anda, sem hvílugt ungmenni og æskufjör brennur ~~tæ~~ enn þá í æðum hans. Hjörtur er nú á rausaldrinum og þar vjeltur maður á vjeltum stað enda hefir hann margs að minnast.

Skjalasafnið Ísafirði

frá fornum fogtardögum.
En aldrei sjest honum renna bros af brá við þá iðju, nema þegar hann minnist einstæðingsskapar síns frá fyrri árum.

## Kristján Kristjánsson

„Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni“ segir máltækið og sannast það á Stjána. Hann er mjög líkur föður sínum bæði í sjón og reynd.
Ljós er hann yfirlitum og hörtur vel, með oskurroða en ekki andlitsfarða á vöngum. Þjettur á velli og þjettur í lund. Hann má enn þá heita óskrifað blað í bók lífsins og ókunnugt er mjer hvað skapanornirnar færðu honum í vöggugjöf.
Hann varð skipsrúmsgangur innan við tvítugt og lafkaði þá bæði brókinni og skinnstakknum.
Nú hefir hann afl á við hvern meðalmann og mun honum þó hvergi nærri fullfarið fram.
Hann skákar hverjum manni í Vatnsfjarðarsveit við slátt og slær að þrem fjórðu á við Gísla Som.
Hann er svo fjárglöggur að fullyrða má að hann þekki hverja frá sauð, ef þeir eru ekki því líkari.
Stjáni er að jafnaði fámáll og fáskiftinn og hefir lítt orð á hugsunum sínum eða áformum.
Það vita menn þó að hann fjekk snemma óbeit á kvenfólki og kveðst ógiftur lifa vilja.
Er honum og trúandi til að halda þann ásetning sinn, því það hafa menn fyrir satt að hann hafi ekki enn þá orðið hrifinn af kvenlegri fegurð, þó oft hafi verið tilefni; og er þó mörgum holt á hans aldri.

Skjalasafnið Ísafirði

# Eyjólfur Jónsson

Hann er Bolvíkingur að ætt, en festi ekki yndi þar í glaumnum og gjálífinu. Hann heldur friðsælu og fáleik sveitalífsins og hefir ávalt kosið að vera þar, sem alvara lífsins orjeti ríkjum.

Um eitt skeið æfinnar ásótti hann þunglyndi og fór hann mjög einförum. Hugðu menn að hann mundi ganga í klaustur, en aldrei mun það hafa komist svo langt að hann ynni klausturheitinu.

Eyjólfur er vel úr grasi vaxinn. Er seiling hæstur manna að höku hans og svo sterkur að honum verður aldrei aflfátt, sem ráða má af því að aldrei er svo hvast að hann ekki andófi [illegible]. Svo fyrirmannlegur er hann að greindir menn hafa vilst á honum og margra ára formanni. Hann er afkastamaður mikill að hverju sem gengur bæði til sjós og sveitar. Og þótt hann sje enn þá á unga aldri hefir hann þegar afrekað meiru en margir hinna eldri.

Eyjólfur er enginn bindindismaður á venjulega vísu, þó getur hann vel kallast því nafni því um eitt er hann í algjörðu bindindi, sem margir neyta sjer til angurs og ama:

Er það pipar. En hann hefir svo mikla óbeit á þessum beiska bragðbæti að hann má [illegible] heyra hann nefndan.

Skjalasafnið Ísafirði

| Blað U.M.F. Framsókn | Unglingur. | Ritnefnd: Sigríður Hjaltad. Sigríður Guðm. d. María Elíasd. |
|---|---|---|
| 4. ár | 7 janúar 1926 | 6. blað |

## Vetur.

Nú klæðist foldin kæra
í hvíta skrúðann sinn.
Sig hafsins öldur hræra
við hamra kletta gin.

Nú þýtur vetrar vindur
og voða þeytir snjó.
Nú frostið fossinn bindur,
sem fagra hörpu sló.

Nú úti fuglar fljúga
og finna hvergi skjól
Að baki kletta búa
og biðja um heilög jól.

Skjalasafnið Ísafirði

En vor í voru hjarta
er vaflaust fyrir því,
og trú á lína bjarta,
er lendir sól á ný.

S. G.

---

II

## Syndaflóð gáfnanna.

Hvenær sem embætti losnar eru tíu fyrir einn, sem hreppa vilja hnossið, og í mörgum tilfellum hafa hinir níu engu að að hverfa. Hvað á að gera við yfirflóð mentunarinnar. Skólarnir eru stokkaðir og nýjum bætt við, en áður en þeir eru fullbúnir eru þeir orðnir of þröngir, því stöðugt eykst aðsóknin.

Námstíminn er lengdur, fögunum fjölgað og hert á inntökuskilyrðunum í þeirri von að fomi sóki eða einhverjir heltist úr lestinni áður en áfanganum er lokið, eða fari að stunda líkamlega vinnu.

En stúdentarnir eru nostum því undarlega vongóðir. 25 ára eru þeir t. d. orðnir læknar og eina vonin er nú að fólk keppist við að veikjast svo að þeir geti lifað.

Hinir praktesenende- vilja fá hert á skilyrðunum hver í sínu fagi, en stöðugt

Skjalasafnið Ísafirði

eykst sú atvinnugrein.

Þannig er það á fjölmörgum sviðum, innanlands og utan.

Til dæmis kom nýlega fram tillaga um að stækka verkfræðingaháskólann Norska. Um þá tillögu fórst einum hlutaðeiganda orð á þessa leið:

„Nú höfum vjer fleiri brúarsmiði en ónotaðar ár, fleiri steinafræðinga en bergtegundir, iðjulausa skipasmiði og iðjulaus skip o.s.frv., en háskólinn er samt of þröngur.“ Og einn fulltrúi skólans segir: „Vjer höfum ekki atvinnu fyrir alla þessa lærðu menn innanlands. Þeir verða að leyta út úr landinu. En vjer getum heldur ekki neitað óskunni um að fylgja lífsköllun sinni. Hver verður að starfa það, sem hann er hneigðastur fyrir“

Með öðrum orðum: ríkið á að veita fje til að menta borgarana þannig að það geti ekki notið ávaxtanna af starfi þeirra.

Dæmið er lærdómsríkt og á margar hliðstæður.

Alstaðar er offult.

Og eina leiðin, sem opin stendur er hin, frjálsi atvinnuvegur: verslunin. Helsti vegurinn til að öðlast álit og virðingu samborgaranna.

Þeir verða sífelt fleiri og fleiri, sem lifa á milliliðastarfi, á því að eyða í stað þess að afla. Hver verður endirinn?

En ávalt byggist þó tilvera þjóðanna á þeim, sem skapa framleiðsluna, þeim, sem stunda hin verklegu störf.

Frá þeim störfum flýr fólkið. Aldarhátturinn kennir

Skjalasafnið Ísafirði

að það besta og eftirsóknar-
verðasta sje að komast í em-
bætti, til álits og metorða.
En litilsvirðir þá, sem stritinu
sinna, enda gera það
ekki aðrir en þeir, sem ekki
eiga annars völ. Sjerstaklega
forðast menn sveitavinnuna
eins og hún setti á þá einhvern
svartan blett.

Land vort er fátækt að
náttúru-gæðum og hlýtur því
óumflýjanlega að ala gæðaða og
duglega þjóð. Orsök þess er
ekki hægt að uppræta.

Ár frá ári lengist lestin af
metnaðarfullri æsku, sem keppist
kapps um að ganga skólaveginn
einmitt af því að forfeður þeirra
stunduðu landbúnað. Þá lest
er ekki hægt að stöðva.

Opinber gjöld aukast sífelt.
Byrðin lendir á baki þeirra,
sem framleiða. Þeir eru
andlegar og efnalegar máttar-
stoðir þjóðfjelagsins.

Fleiri og fleiri finna það
köllun sína að yfirgefa hina
framleiðandi stjett.

Að síðustu verða nokkrir
sjómenn, bændur og verka-
menn að sjá fyrir fjölmennri
verslunar- og embættismanna-
-stjett, sjómannalaunmönnum
og verkfræðingum og náms-
fólki frá 10 – 25 ára aldurs.

Móses gat þurkað hafið
nauða. Hver getur stöðvað
syndaflóð gáfnanna?

H.

## Landvættirnir í Slunkaríki

Slunkaríki stóð uppi í fjallshlíð skamt frá kaupstað einum á Vesturlandi. Flestum þótti bæjarhúsin líta skringilega út að utanverðu. Það voru timburþil á báðum göflum, dyr á báðum hliðum og þil uppi yfir þeim. En á hverri burst var trjekross með einhverju hedsl á toppnum, sem líktist vindrellu. Brakaði og hvein í þessu þegar vindur var. Þetta voru landvættirnir hans Slunka gamla. Allir báru þeir eitthvert heiti. Sá, sem sneri aftan að veginum og var tignarlegastur hjet Vaskur, annar Alvaldur, þriðji Trausti og fjórði Velvakandi.

Umhverfis bæjinn var lítill blettur og matjurtagarður var í ysta og neðsta horni túnsins.

Marga hefir langað til að skygnast inn í Slunkaríki og kynnast Slunka gamla, sjerstaklega krakka, er oft ljeku sjer þar í kring. En hann var ekkert hýr í horn að taka. En sagður var hann vinur vina sinna.

Öll dýr hataði Slunki utan tvær geitur og einn kött. Þau hirti hann mjög vel, og hafði það fyrir vana að þvo geitunum um klaufirnar, úr sápuvatni, á hverju kvöldi.

Eina stúlku þekki eg sem Slunki gamli hafði miklar mætur á; hún kom oft til hans í ösku og hafði hann nóg af fallegum og þjóðlegum sögum að segja henni.

Einn sinni þegar þessi stúlka heimsótti Slunka gamla var hann í mjög góðu skapi.

Skjalasafnið Ísafirði

Hann klappaði blíðlega á koll-
inn á Gógó og bauð hana
velkomna því hann þyrfti
að tala við hana nokkur orð.

Gógó gekk í bæinn, en reyndi
eins og hún gat að taka eftir
því, sem fyrir augun bar.

Margt var þar skrítið að sjá.

Við eina hlið í bænum
hjekk pappaspjald og á því voru
myndir af ljónahausum, sem
sperntu upp ginið.

„Hvað á þetta að þýða Slunkí
minn" sagði Gógó litla:

„Það verndar mig frá öllu illu"
sagði Slunkí einbeittur. „Settu
þig nú niður og drekktu kaffisopa
mjer til samlætis"

Dregur pappírsmiða upp úr vasa
sínum og rjettir að Gógó:

„Þetta eru ferskeytlur, sem jeg
hef verið að semja um þig dúfan
mín. Jeg hef ekki viljað fá
þjer þær fyrri, því jeg vissi að
þú gætir ekki lesið skrift.

En nú veit jeg að þú getur
það þar, sem þú ert búin
að vera heilan vetur í barna-
skóla" sagði hann um leið
og hann gekk fram að eldstó
sem stóð í einu horninu, til
að hita kaffið.

Á meðan leit Gógó á miðann
en þar var enginn stafur
ekkert nema strik og krossar.

„Jeg þori ekki að spyrja
gamla manninn að hvað
þetta þýði. Hann verður svo
ákaflega illur við mig" hugs-
aði hún. Að vörmu spori
kom karlinn með kaffi og
kleinurnar, sem allar voru
skakkar og skældar og full-
komlega tveggja þumlunga
þykkar. „Gerðu svo vel"
sagði Slunkí gamli, „og drekktu
mjólkina með mjer og fáðu
þjer bita" „Takk" sagði

Skjalasafnið Ísafirði

Gojo kurteislega.

„Gatstu lesið línurnar Gojo mín“ – sagði Slunki

„Já, þakka þjer fyrir. Þær eru ágætar“ sagði Gojo.

„Já það er það eina, sem jeg borga þeim, sem mjer gera gott. Já, þó jeg segi sjálfur frá, þá hafa vísurnar mínar þótt góð borgun.

En í því að Slunki gamli slepti síðustu orðunum heyrðu þau verða mikinn skruðk úti fyrir. Slunki hljóp til dyra blóðillur. Sá hann þar naut, sem var að róta við bænum.

„Farðu bölvaður“ sagði hann

En kusi hjelt áfram þar til hann var búinn að hrista niður alla landvollina.

Já, svona fór um landvott Jónar í Slunkaríki.

S. G.

## Bónheyrsla.

Tvö lönd lágu sitt á hvorri sævarströndu. Eitt sinn var efnt til þjóðhátíðar á öðru landinu, en jafnframt látið það boð út ganga, að þegnar hvers ríkisins væru og þangað velkomnir.

Allutá þaðan mugur manns bæði konur og karlar.

En, er það fjellst að von væri allmargra útlendinga urðu ýmsir landsmenn órólegir, sjerstaklega þeir, sem voru á giftingaraldri.

– Olli afbrýði þeirri óró. –

Piltarnir þóttust vera nógu margir um bros blómarósanna og þær vildu af engu augnakasti missa úr hinni áttinni, en gjarnan fá viðbót af vömm þeirra.

Var nú í Kyppey hafin hörð

Skjalasafnið Ísafirði

barátta af beggja hálfu. Ekki með ~~[illegible]~~ vopnum orða eða stáls. Nei; vopnið var hin göfuga von samkvæmt fyrirheiti ritningarinnar: „Biðjið þá mun yður gefast".

Baráttan var að engu hát innbyrðis, en bæninni snúið til þess sem stýrði vindum og sjóum.

Heitt var beðið og kann ske hefir hljótt verið grátið.

Piltarnir báðu um kyrt veður og blítt svo að sem flestar meyjar mættu til mótsins koma.

En þær báðu um slíkt veður að aðeins væri „fært þeim, sem karlmenni er".

Sökum þess að bænir kvennanna voru framborinar af meiri ákafa og einlægara hjarta voru þær heyrðar, en ekki hinna.

En nú kom sá bobbi í bátinn að sveinar grannalandsins vildu láta eitt yfir bæði kynin ganga, og fóru því hvergi. —

„Enginn gerir svo öllum líki og ekki guð í himnaríki". ——— En slík stórviðri eru síðan kölluð: Vatnsfirðingaveður. ———

'Óspakur.

Palladómar um: U.M.F. „Framsókn"

(eftir 'Óspak)

Hávarður Friðriksson

Mottó:

„Eg hef reynt og fundið flest
sem fyrir kemur nokkurn mann
En konuleysið kvelur mest
það kvelur meira en samviskan".

———

Þessi orð má með öllum rjetti heimfæra upp á Hávarð því hann er nú kominn á

ófanverðan giftingaraldur, en
gengur enn þá einn og óstudd-
ur. Sjálfur hefir hann lýst
því mjög átakanlega fyrir ykk-
ur hvernig þetta „piparástand"
sje, með svofeldum orðum:
„Lítur helst út fyrir að þeir
(piparsveinarnir) beri litla eða
enga vonarglampa í brjóstum sjer
og ------ „Vonirnar kulnaðar
sorgirnar hvandar" o.s.v.fr.v.

En vart er þetta vansa-
laust kvenþjóðinni, ef þeirra
skyldi vera sökin, því mað-
urinn er hinn gjörvulegasti
bæði í sjón og raun og prýdd-
ur flestum þeim kostum, sem
eiginmanni eru nauðsynlegir.
Og að hann skuli ekki vera
kominn í þá stöðu hlýtur
annaðhvort að stafa af því:
að guð hefir gleymt að skapa
honum meðhjálp, eða að:
hann er svona öðruvísi.

Mentaður er hann vel víð-
utanlands og innan, sjerstak-
lega í heimsiðum. Og liggur
mest eftir hann í þeirri grein,
þó hann hafi einnig afkastað
mörgu nýtilegu á öðrum sviðum.

Hann hefir nýlega lýst því
yfir: að hann geti ekki nú orðið
svalað áhugaþorsta sínum í
Ungm. fjel.-skapnum, sje vaxinn
orðinn upp úr honum.

En á því sviði hefir áhuginn
verið mikill fyrrum, því hann
hefir verið í ekki færri en þrem
slíkum fjelögum og ávalt stað-
ið þar framarlega í fylkingu;
eins og ykkur er að nokkru
kunnugt. Meðal annars á
hann frumkvæði að þessum
mislitu Palladómum.

Tvívegis hefir hann verið
bóndi. En ekki kendi hann
konunnar í þeirri stöðu.
Er mælt að orsök þess sje sú

Skjalasafnið Ísafirði

að hann hafi þá, betur en áður þreifað á þeim sannindum að: „ekki er gott að maðurinn sje einsamall.“

Síðan búskapnum lauk hefir hann ýmist fengist við sjómennsku eða smíðstörf.

Og nú fæst hann mest við að: „kenna börnum og bæta grund.“ Og á framtíðin eftir að uppskera ríkulegan ávöxt þeirra iðju. ———

## Kristján Einarsson (yngri)

er meðalmaður á vöxt allan. Dökkur yfirlitum, beinarefjaður, með hrogadregnar brúnir, lágstæð kinnbein og skarta höku.

Hann er uppfóstraður á Krummastöðum og voru þeir fuglar leikbræður hans í æsku.

Er hann komst á legg þótti honum það undarlegast að hann skyldi ekki geta flogið sem fuglarnir, þó hann reyndi mjög til að iðka þá list.

– En „fjöðurnar“ vonu sífelt fastar.

En að því kom þó að hann braust út úr hreiðrinu, og var þá ekki orðinn nema hálffleygur.

En þegar hann varð orðinn „fleygur“ og fór langaði hann til að litast um og vita hvað mannlífsins fjöll væru brött og lífsins lindir djúpar.

Og hefir hann farið marga bratta, en þó komist klakklaust yfir allar torfærur.

Framan af fór hann mest í loftinu, en: „er árin færðust yfir“ nálgaðist hann smámsaman jörðina. Og hefir síðan ýmist verið á láði eða legi.

Ýmist sem foringi eða fylgismaður.

Skjalasafnið Ísafirði

Kristján er nú nokkuð við aldur, en hefir þó ekki enn þá fest ráð sitt. Ekki skorti hann þó kvennhylli; en hann segir bara: „það þarf nú fleira en flasið til fest að binda sig við kvendi.

Einu sinni var hann þó farið að langa til að giftast, en nú segir hann að sjer sje orðið alveg sama.

Hann er skáldmæltur vel og orkað það allmikið í nyssverkinu. En í seinni tíð hefir hann meira gefið sig við „praktiskum“ efnum.

Rímur hans og hokiforisvísur eru löngu orðnar hjeraðsfleygar og þykja í fremri röð samskonar kveðskapar.

Hann er nú einn af hinum mörgu ötulu Ísfirsku sjómönnum, sem óvíða eiga sína líka að áræði og hreysti.

Hann er ákafur fylgismaður kvenhreyfingarinnar þ. e. dansins, enda vel að sjer í þeirri mennt. Og er vonandi að hann komist ~~sem~~ á vögg-um hennar, sem fyrst í farsæla höfn hjónabandsins.

## Palladómar

(eftir Ferðalag)

(aðsent)

Það var fyrir skömmu, að jeg var á ferð, sem oftar. Það var orðið áliðið dagsins og bað jeg mjer gistingar á le[illegible]inum. Sá þar „Unglin“. „Nú skal jeg lesa“ hugsaði jeg; tók blaðið og fór að lesa.

Margt sá eg þar skemtilegt skráð, en bezt kom mjer líkið á „Palladóma“ er ýmsir góðir ritköfundar höfðu skráð þar.

Þótti mjer vanta mikið á

Skjalasafnið Ísafirði

þar, sem vantaði um einn úr stjórninni. Jeg hugsaði mjer að takast það vandaverk á hendur að bæta úr því. Fer hjer á eftir það sem mjer datt þá í hug:

<u>Vararitari Sólveig Ólafsdóttir</u> er fremur lítil vexti; samt þrekin eftir hæð. Ber vöxtur hennar þess vott að hún hafi alist upp við hina hollu fæðu og störf sveitarinnar.

Vinnusöm er hún mjög og hneigist hugur hennar að handavinnu allri. Ekki er henni gjarnt um eldhússtörf eða matreiðslu. Óskar helst að slík störf væru ekki til í verkahring kvenþjóðarinnar. Já jeg held jafnvel að henni væri sama þó að hún þyrfti aldrei að neita matar.

Sólveig er ágætur starfsmaður í „Framsókn". Er henni mjög hugað um að tala á fundum. Einnig væri hún vel til þess fallin að stjórna dansleikum, því að vel er hún mentuð til fótanna.

Á Núpsskóla dvaldi hún ~~tvö~~ tvo vetur, og tók þar miklum framförum bæði í fótamentunum og hinni munnlega fræðslu!

Skjalasafnið Ísafirði

| Blað U.M.F. „Framsókn" | U"n"g"l"i"n"g"u"r | Ritnefnd. Gísli Sæmundss. Kristjana Helgad. Guðm. Bernharðs. |
|---|---|---|
| IV ár | 7 febrúar 1926 | 2 blað. |

## – Nokkur orð. –

Af stórmálum þeim, sem efst eru á dagskrá, meðal þjóðar vorrar, er eitt sem allir er til sín hafa látið heyra eru sammála um, og það er að hátíðahöldin 1930, 1000 ára afmæli alþingis, verði sem myndarlegust, og að þátttakan eigi verða sem allra almennust; ekki aðeins í Reykjavík og öðrum kaupstöðum, heldur einnig í hverri sveit.

Fyrst og fremst er það þing og stjórn, er lætur málið til sín taka. Þá koma ýms fjelög með alskonar undirbúning t.d. Heimilisiðnaðarfjelagið, með landssýningu á alskonar iðnaði. Fiskifjelagið sömuleiðis á sínu sviði. – Einnig eru U.M.F. víðsvegar um land, farin að ræða um væntanlega þátttöku sína í hátíðahöldunum á Þingvöllum. Enn þar koma að líkindum til greina aðeins þau fjelög, sem eru í sambandi U.M.F.Í.

Enn slík tímamót í lífi þjóðarinnar sem þessi, mega ekki fara svo framhjá, að þau ekki veki framtaks og hvatningar neista í brjósti hvers einstaklings.

Skjalasafnið Ísafirði

# - U„n„g„l„i„n„g„u„r -

Við hjer í U. M. F. „Framsókn“ þykjumst að hrífast með, en hvernig getum við sýnt það í verki? –

Jeg treysti varla við að við verðum þess megnug að taka þátt í opinberum hátíð-aldöldum, eða öðrum al-þjóðarsamtökum, en þó skal jeg ekkert fullyrða um það. Við getum ef til vill gengist fyrir að safna sýningarhöfum meðal vorum. Ein margar aðrar leiðir eru til. t. d selja okkur eitthvað ákveðið markmið innbyrðis, sem við skyldum hafa náð á því ári, og m. m. fl.

Í þetta sinn ætla jeg ekki að koma með neina tillögu þessu viðvíkjandi. Hugmynd mín með þessum línum, er að vekja athygli á málinu, og fá það rætt, óskandi væri að sem flestir fjelagar ljetu til sín heyra, kæmu með álit sitt og tillögur, helst í „Ungling“.

Má vera að ýmsum sýnist sem ennþá sje dagur til stefnu, en jeg tel það vel tímabært, að, nú þegar sje farið að hreyfa við því.

Gísli.

## Skýring á sömu kvenfrelsi

Kvenfrelsi er það kallað, að konur hafi í smáu sem stóru öll hin sömu rjettindi og karlmenn.

Svo er nú komið hjer á Íslandi, að lögin skipa svo fyrir, að konur hafi öll hin sömu rjettindi og karlar. Þó að konur sjeu ekki alveg

binnar að fá þann rjett sem þeim ber, samkvæmt lögum þessum, þá er það mikil breyting frá því, er var fyrir 60 árum, um það leyti, sem kvennaskólinn var stofnaður í Reykjavík.

Þá þótti karlmönnum um það heldur mikill óþarfi að stofna kvennaskóla, þeir sögðu, að stúlkurnar hefðu annað að gjöra, en að ganga í skóla, þær yrðu þó aldrei prestar og líklega gætu þær eldað graut, þó að þær væru ekki skólagengnar. — Svona var það í öllum greinum, konur fengu ekkert að mentast, þær höfðu ekki kosningarrjett, og máttu ekki skifta sjer af velferðarmálum þjóðarinnar, þær voru háðar vilja karlmannanna og urðu jafnvel að giftast þeim mönnum, sem feður þeirra eða bræður sögðu þeim —

Nú er öðru máli að gegna, nú hafa konur aðgang að öllum skólum, jafnt og karlmenn og geta konur því tekið embættispróf ef þær vilja; einnig hafa konur nú kosningarrjett.

En það er eitt sem mjer virðist, að, kvenfólk verða fyrir rangindum með, og það er kaupgjald, oft er því þannig farið að karlmönnum er borgað meira kaup en kvenfólki; af því að þeir eru karlmenn, en ekki af því að þeir sjeu duglegri. Það finst mjer órjettlæti, það á að borga sama kaup fyrir sömu vinnu, en ekki eftir því hvers kyns verkamaðurinn er.

En auðvitað eru karlmenn oftast þróttmeiri til erfiðisvinnu en konur.

Mjer finst sjálfsagt að konur hafi sömu rjettindi og

Skjalasafnið Ísafirði

karlar, en svo virðist mjer það aftur skylda hverrar konu, sem hefur fyrir heimili að sjá, að láta það ganga fyrir í öllu, en vera ekki að vasast í stjórnmálum, og láta alt vera í ólestri á sínu eigin heimili; því að

„Sá er bestur sálargróður
sem að vex í skauti móður.
En rótarslitinn visnar vísir,
þótt vökvist tíðri morgundögg."

Jeg hygg að flestir sjeu á þeirri skoðun, er Steingr. Thorsteinsson hefur í ljósi í þessari vísu, að það verði rótgrónast, sem vjer nemum af mæðrum vorum.

Það er margreynt að börn sem missa mæður sínar á unga aldri líða þess oft aldrei bætur, þótt faðir þeirra taki sjer ráðskonur eða giftist aftur, þá er oft að börnunum finst þær ekkert hafa yfir sjer að segja, og fara svo eftir eigin geðþótta. — En svo er oft að stjúpurnar verða svo miklir harðstjórar, að börnin hafi af þeim þrælsótta, og þó máltækið segi „að þrælsótti sje betri en enginn ótti" þá virðist mjer það stundum mjög vafasamt. — Eins er oft að hve góðar sem vandalausar manneskjur vilja vera börnunum, þá er eins og þær skilji ekki eins vel innsta hugarfar þeirra og móðurinnar. Jeg hugsa að það sje rjett máltæki: „að fáir sem faðir, en enginn sem móðir" En samt þekti jeg svo gott samkomulag milli stjúpu og stjúpdóttur, að það hefði ekki getað verið betra, þó að þær hefðu verið mæðgur.

Að lokum vil jeg taka það fram, að frá mínu sjónarmiði, fáum við ekki betra veganesti út í lífið, en gott uppeldi frá kærleiksríkri og góðri móður, eða fósturmóður. Því virðist mjer að hver hús-

Skjalasafnið Ísafirði

móðir eigi að láta börn sín og heimili ganga fyrir stjórnmálum, og láta þar þróast ávextina af frelsi því er hún hefur fengið.

H.H.

## -Palladómar-
## um U.M.F. „Framsókn"

(Eftir G+G)

### Hafliði Ólafsson

Hann er mikill maður vexti, herðabreiður, beinvaxinn, dökkur á brún og brá, andlitsfríður og að öllu hinn höfðinglegasti. — Hann er fæddur og uppalinn á þeim bæ er Strandsel heitir. Ólst hann upp með foreldrum sínum, við ástríki mikið og aðbúnað góðan, og óx honum viska með vexti. Kom brátt í ljós að hann var góðum gáfum gæddur, var og hans verklegum og andlegum þekkingarþorsta svalað, eftir því sem frekast föng voru á. — Snemma munu augu hans hafa opnast fyrir nauðsyn nýrra krafta til að lyfta landbúnaði vorum á hærra stig. Fór hann því á Hvanneyrarskóla, kom hann þaðan aftur með fyrstu einkunn að afloknu námi, á enskum sportbuxum, eins og flestir Hvanneyringar. — En ekki var útþrá hans með því að fullu svalað, því er hann hafði skamma hríð heima verið, bað hann sjer orlofs og vildi utan fara, að kynna sjerháttu annara þjóða og var það auðfengið. — Fór hann til Noregs og fjekkst þar við margt gætti bæði „svína og sauða", hrossa, hænsna, plægði akra.

Skjalasafnið Ísafirði

plantaði skóg; þroskaði einnig anda sinn með alskonar bóklegum fræðum. Dvaldi hann einnig í Danaveldi brosti þar við honum land og lýður, frjósamir akrar og fagrar meyjar, leituðust við að heilla huga hans, en ekkert dugði, því átthagaþráin heim bar hann aftur, og honum eigum við það að þakka að nú er hann mitt á meðal vor.

Í „Framsókn" hefur hann verið hinn ötulasti liðsmaður, enda kjörinn formaður strax og hann kom í fjelagið, en ljet af þeim starfa er hann fór utan. Hann er ræðumaður góður, talar skýrt og skipulega, er þó hvorkimæltur, en öðruvísi en Haraldur. Mjög vel er hann ritfær, stíll og mál í besta lagi, eins og „Unglingur" ber með sjer, ritar þó stundum sem óspakur væri. Af framansögðu sjest það ljóst að maðurinn er mentaður vel.

Hafliði er nú á aldri þeim, sem ætla má að Amors láti örvar sínar óspart fljúga bæði að og frá, en ókunnur er jeg á þeim vettvangi, enda ilt að skyggnast í annars barm, en framkvæmd sjest engin á sviði því, og tel jeg víst að valda muni varfærni hans, en ekki „harðleikni hinna mjúkhentu meyja" að minsta kosti sjást ~~(þess) engin merki~~ merki engin meðferðar slæmrar á ~~baki han~~ mannsins bak-ins. --- Hafliði er fjölhæfur mjög og verklagur, enda fengist við margt, svo sem alskonar jarðabætur og byggingar. Grjótgarð hefur hann

Skjalasafnið Ísafirði

bladið, sem Andrjes Sveinbjörnsson segir að sje: „Bara góður, bara góður" - Hafliði er gæddur starfsþreki miklu til anda og handa, og má því vænta mikils af honum í framtíðinni.

## Oddviti Ögurhrepps
## Bjarni Sigurðsson Vigur.

Um Bjarna í Vigur mætti skrifa lengra mál en „Unglingur" hefur rúm til, því að margt er um hann vel; í línum þessum verður því aðeins fátt eitt tínt til og enga ábyrgð tekin á að það reynist merkara en hitt er ósagt verður.

Bjarni er eigi langt frá því að vera meðalmaður að hæð, og allvel þrekinn, og sýnist þó eiga eftir að taka út þroskar öðrum. Dökkur er hann á hár og móeygur, rjett nefjaður og að öllu skapfellilegur í andliti, og hegraháls hefur hann ekki, snöggur í öllum hreyfingum, fastmæltur nokkuð, rómmaður ágætur og málrómurinn snjall.

Hann er refa og selaskytta mikil og nam þær listir í æsku af Finnboga.

Bjarni er borinn og barnfæddur í Vigur, og ólst þar upp með foreldrum sínum. Gagnfræðingur er hann að mentun, og hefði sjálfsagt átt kost á að ganga hinn rósum stráða embættisveg, ef hugur hans hefði staðið þar til, en hann er ei í tölu þeirra er vilja á ríkissjóði lifa.

Bjarni hefur frá byrjun fylgst vel með í fjelagsskap þessum og hefur jafnan fjelaginu verið

Skjalasafnið Ísafirði

og fylgjandi er hann málum öllum er til framfarar horfa, ef bygð eru á rólegri yfirvegun. Um eitt skeið var hann í stjórn fjelagsins, en baðst undan þeim vanda framvegis, og sýndi þar með lítillæti.

Bjarni er maður vel til foringja fallinn, og hefur gegnt og gegnir, mörgum trúnaðarstörfum innan þessa hreppsfjelags. T.d. varð hann þegar á unga aldri forsöngvari í Ögursókninni, og hefur nýskeð látið af þeim starfa, eftir að hafa gegnt honum um mörg ár, með mikilli prýði.

Og er faðir hans ljest varð framavegur hans skjótur, því að hann þótti þá sem sjálfkjörinn til að takast á hendur flestar þær trúnaðarstörfur er hann hafði á hendi haft. Þannig tók hann strax sæti í hreppsnefnd, og var þegar kjörinn oddviti þeirrar nefndar. Sýslufundarmaður er hann einnig, sömuleiðis formaður búnaðarfjelagsbyggðarinnar, sæti á hann í skattanefnd o. fl. Sýnir þetta ljóslega hvert álit hreppsbúar hafa á honum. Og heyrt hefi jeg því fleygt að Bjarni hafi ásett sjer að ná öllum þeim mannvirðingum er faðir hans hafði.

Stundvís maður er Bjarni þá er mannfundi skal sækja, en ei er regla án undantekningar, og sannaðist það á honum á nýafstöðnum búnaðarfjelagsfundi, er hann kom seinastur allra manna. En enn var orsök til, sú að hann gleymdi að gá til veðurs. Þó er hann veður-

Skjalasafnið Ísafirði

glöggur mjög og er tíðreikað
uppi á Mylnuhryggjum, hvaðan
hann athugar gang himin-
tungla og stefnu loftstrauma
og dregur ályktanir þar af,
og gengur jafnan eftir það
er hann segir fyrir.

Í pólitík hallast Bjarni að
skinsamlegu íhaldi, og er
það trúa mín að gifta hans
reynist arin til að varðveita
þessa sveit frá að drukkna í
því „syndaflóði" bolsevikskra
fræðsmakka, er nú æðir yfir
löndin.

Bjarni er maður íslenskur
í anda og ann öllum þjóð-
legum framförum, og hefur
alveg sjerstakan áhuga fyrir
tóvinnu allri, og hefur mik-
ið við þau mál verið riðinn,
og er þeim afskiftum eigi
lokið enn.

Bjarni býr nú í Vigur
og er búhöldur mikill, og hefur
mikið bú og gagnsamt, og er
sem tvö höfuð sjeu á hverju
því kvikindi er hann á.

Hann er maður kvæntur,
og á Björgu Bjarnadóttur
frændkonu sína. Þetta hún
kvenskörungur mikill og
manni sínum samhent
um búsýslu alla. Börn
eiga þau 5 og öll mann-
væn eftir aldri, og verða
þau vonandi í framtíð-
inni styrkar stoðir þjóð-
fjelagi voru, sem þau
eiga kyn til. enda er
uppeldinu hagað samkvæmt
því.

Skjalasafnið Ísafirði

# -U"n"g"l"i"n"g"u"r-

## Víking

Víkingar fundu fyrst þetta land og byggðu, sem kunnugt er af sögunni, á síðari hluta níundu aldar, einmitt á þeim tíma er víkinga-öldin stóð með sem mestum blóma á Norðurlöndum.—

Að fara í víking hljómaði þá með undramætti, í sálum norrænnar æsku; það var aðalhugsjón æskumannsins, öll hans útþrá og metnaðarlöngun beindist að þessu aðaltakmarki að fara í víking og vinna sjer fje og frama að dæmi feðra sinna og frænda. Margt vetrarkvöldið hafði hann hlustað hrifinn á sögur hinna eldri manna, um unnin afreksverk, hetjur þar og mannraunir, er þeir höfðu ratað í á víkingaferðum enn. Hann hlustaði á frásögn þeirra um framandi þjóðir og lönd og um allan þann auð, sem þar væri að finna, og það staðfesti sannleiksgildi sagnanna og tók af allan efa, að hann með eigin augum hafði litið marga af þeim dýrgripum er víkingar höfðu heim með sjer haft, eins og fagurbúin vopn og gullna bauga.—

Svo tók ungmennaaflið að og stækkaði og glæddi unglinginn. Drengnum þráði það eitt að verða stór, og sá sig í anda dýra dýrum knerri, og standa í lyftingu með skrautbúinn hjör við hlið, og horfa yfir úthafsins ólgandi bylgjur, í áttina til fjarlægra stranda, þar sem hetturnar og gullið beið. Hann sá sig eiga í höggi við aðra víkinga, og höggva mann

Skjalasafnið Ísafirði

og annan, en ekkert stóðst við hreysti hans og sigursælum vopnum, og hausti kom hann heim með fullar hendur fjár, hlaðið skip af gullnum meignum og dýrum gripum. — — —

Uppi í þessum anda var norræna æskan alin kynslóð eftir kynslóð, og (~~æskan~~) ávaltun- ar henni óttvirett í ljós, hinn varð hersta og rángjörn. Norrænu víkingarnir voru annálaðir fyrir hreysti og harðfengi og nálægum þjóðum stóð af þeim hinn mesti ótti sökum rána þeirra, og ofbeldisverka er þeir unnu, en vantaði manndóm til að geta staðið þeim á sporði.

Er tímar liðu fram tóku þeir sjer vetrarsetu í löndunum þeim er þeir herjuðu á og að lokum fasta bústaði og stofnuðu nýlendur, svo og t. d. í Orkneyjunum, Englandi, Frakklandi norðan- verðu, Garðaríki o. s. frv.

En er Haraldur hárfagri brautst til valda í Noregi og sló eign sinni á óðul bænda, og heimtaði skatta af þegnum sínum, þá var víkingunum gömlu nóg boðið, það gat ekki samrýmst hugmyndum þeirra um rjettarfar, þeir vildu engum vera háðir. Og er þeir gátu ekki ráðið við reist konungsvaldinu, stukku af þeirri ástæðu margir af landi brott, ýmist vestur um haf eða til Íslands, sem fannst um ~~sv~~ það leyti. Það var víkingseðlið norræna, sem þannig varð til þess að Ísland fannst og byggðist. — En á Íslandi var engin bygð til að ræna, ekkert gull eða dýrir gripir til að taka herfangi, allur auðurinn lá í landinu sjálfu og dýralífinu við strendur þess. En „landið var fagurt og frítt“

Skjalasafnið Ísafirði

# -U-n-g-l-i-n-g-u-r-

skóg- klætt og gras vafið, og auður hafsins virtist takmarkalaus, og alt var hygt á veiðistöð er það var óvant manni. - Þarna var viðfangsefni fyrir víkingseðlið, enda gjörðust þeir brátt athafnamiklir og heyjuðu takmarkalaust á ríki náttúrunnar á sjó og landi. Þeir hjuggu og brendu skógana vægðarlaust, og þar sem skóginum var eytt, þar blés landið upp, en ekkert var hugsað um að bæta í skaðann. Þannig hefur það gengið alt til vorra daga, gróður landsins hefur gengið meir og meir til þurðar fyrir ránshendur mannanna. - En nú roðar fyrir nýjum og betri tímum í gróðrarsögu landsins, eyðileggingin er að stöðvast, og ræktuðu blettirnir smátt og smátt að stækka, þó að hægt miði enn fram á leið og betur má ef duga skal. En það er skylda okkar að bæta fyrir brot feðranna, skylda okkar gagnvart landinu, og gagnvart sjálfum okkur og eftirkomendunum, að klæða landið á ný. - Og það er von mín og trú að víkingseðlið, sem enn lifir með þjóð vorri, og nú hefur fundið sjer verkefni í auðæfum hafsins, eigi eftir að beina því á aðrar og hollari brautir, eigi eftir að leggja undir sig „strindur bera sendna strönd“ ásamt holtin og móana; og breyta þeim í fagurlaufgaða skóga og iðgræn engi.

Guðm. Bernharðsson

Skjalasafnið Ísafirði

## Stundvísi.

Að vera stundvís, er eitt hið þýðingarmesta atriði í lífinu. Ef stundvísi er ekki gætt rekst hvað á annað.

Áður en úrin voru fundin upp, miðuðu menn tímann við sólina, og einnig við skiftingu dags og nætur. –

Klukkan er ein af þýðingarmestu uppfundningunum. Fyrstu vasaúrin voru fundin upp á 14–16 öld. Þau voru eins og egg í laginu og voru búin til í Nürnberg á Þýskalandi, og voru því nefnd „Nürnbergar egg". Úr fluttust ekki hingað til lands fyr en löngu (seinna) eftir að þau voru uppfundin. En forfeður okkar fóru þá eftir ~~ýmsum~~ sér- um gömlum merkjum.

Víða standa enn ýms merki eða vörður, sem menn vita að fornmenn hafa miðað sólina við. Slík merki þekki jeg mörg, og hefi heyrt þau nefnd, hádegisvörður, nónvörður, eftir því hvaða tími dags er miðaður við þau. – – Jeg hygg að það sje áreiðanlegt, að menn hafi ekki verið óstundvísari þá en nú, þó að þeir hefðu ekki betri úr til að fara eftir. – Sveitafólk þykir vera mjög óstundvíst þegar það kemur í kaupstaðina, það kemur sjer auðvitað afar illa, t. d. ef það kemur of seint til að borða á þá staði er það heldur til á, hvort heldur er hjá fjölskyldu eða á gistihúsi.

Óstundvísi sveitafólks stafar mikið af því, að hvert heimili er út af fyrir sig. Það gjörir minna til hvort verkið er gjört

Skjalasafnið Ísafirði

# - U"n"g"l"i"n"g"u"r -

klukkutíma fyr eða seinna, Ð-
eins að það sje altaf unnið á sama
tíma, með því móti verður tím-
inn drjúgur og hægt að vinna mik-
Í kaupstöðum er svo margt sem
knýr fólkið til stundvísi, þó eink-
um skólarnir, þeir myndu ekki
ganga vel ef stundvísi væri ekki
gætt. — Þegar fólk í kaupstöð-
um er að fara á samkomur, virð-
ist mjer það ekki altaf vera stund-
vísara, en sveitafólkið. Kaup-
staðarfólkið er þó minni vorkun,
sem þarf ekki að fara nema spöl-
korn frá húsunum sínum, en
sveitafólkið þarf oft að fara marga
klukkustunda ferð, til að komast
á sinn samkomustað. Margt
getur tafið á svo langri leið.
Þegar Íslendingar koma til ann-
ara landa ber mikið á óstund-
vísi þeirra; hjer vantar líka
þau samgöngutæki er í út-
löndum hafa kent mönnum
stundvísi, nefnilega járnbraut-
irnar. Þar sem þjett járn-
brautanet liggja má járnbraut-
unum ekki seinka um eina
mínútu. Því var það að Ís-
lendingur nokkur seinn ~~fyrir~~ til
áti í hraðlest og kom of seint sagði:
„En hvað menn eru ólíðlegir
hjer, gátu þeir ekki beðið eftir
mjer þessar fáu mínútur,
slukkudónarnir.“ K. H.

## Horft til baka.

Nú er fjórða starfsár U.
M. F. „Framsókn“ búðum lið[illegible]
og væri því ekki úr vegi að
líta yfir liðna tíð og athuga
hvað unnist hefur. —
Strax og fjelagið var stofn-
að var mönnum það fylli-
lega ljóst hvílíkur þrándur
í götu starfs og þroska fje-

Skjalasafnið Ísafirði

lagsins hús undir leyst var, og ýtti honum ekki rétt úr vegi, á meðan fyrsti áhugablossinn leyfði sem skarast gæti það orðið því að dauðamein. — Og fyrstu þrjú árin hvíldist allur áhugi og starf fjelagsmanna í þá átt að ráða því máli til farsællegra endalykta, og á síðustliðnu vori sá fjelagið sjer loks fært að ráðast í fyrirtækis þetta, að koma sjer upp samkomuhúsi, ef var þá leitað undirtekta hreppsbúa, með því að senda út samskotalista, og gekk sú málaleitun svo ákjósanlega, að fá munu dæmi til slíks, og með því var fjárhagshlið málsins borgið í bráð, og húsið komst upp með þeim myndarskap að fjelaginu er til sóma.

Árið 1925 verður því jafnan talið merkisár mikið í sögu fjelagsskapar þessa, og markar þar tímamót er benda í áttina til aukins starfs og þroska.

Auk þess hefur fjelagið þegar unnið gagn, með því að auka kynni fólks hvers á öðru og á sveit sinni, og þroskað fjelagsanda, og dregið úr pukri því og dáðleysi, er sundrunginni hefur í för með sjer, og menn hafa að minsta kosti eygt mátt þann, er samtökum og samheldni fylgir.

Nú er við höfum náð þessu fyrsta takmarki er við höfum kepst að verðum við að hafa það hugfast að þetta er aðeins fyrsti áfanginn á leiðinni upp á fjallið; við höfum tekið okkur skuldbindingar á herðar sem við verðum að inna af hendi, við höfum tekið lán, sem við verðum að standa skil á

Skjalasafnið Ísafirði

## -U"n"g"l"i"n"g"u"r-

við höfum beðið um blett til ræktunar, honum verðum við að sýna sóma, þar eigum við að gefa öðrum fagurt dæmi til eftirbreytni, láta fagran gróður þróast þar og vaxa, í skjóli fjelagsanda og einingar. Já og hvort sem áhugi okkar og starf beinist að sviði ræktunarmála, iðnaðar eða íþrótta, þá verðum við aðeins að hafa það hugfast, að leiðin liggur upp á við hærra, hærra, þrep af þrepi, og að við megum aldrei standa og því síður snúa við fyr en við höfum náð því takmarki er við keppum eftir.

Guðm Vernharðss.

### Staka.

Er nú bókin orðin full,
af andans gulli lof mjer sjá?
Ekki alveg, kölvað gull
birtist þarna til og frá.

Gísl.

Unglingur kveður ykkur, svo að þessu sinni, og þakkar gefið hljóð, bæði nú og fyr. og lofar að geyma allt og engu glata af því er á síðum ~~sínum~~ hans er skráð. Enn um leið vil hann leyfa sjer að minna ykkur á, að þar sem hann nú er vaxinn upp úr sínum fyrsta búningi, vantar hann annan nýja, og biður við sitt hæfi, vel búinum, að dýrum gjöfum, og enn eitt, það verður jafnan tekinn sem mælikvarði á þroska ykkar og fegurðarsmekk, hvernig þið leiðið hann úr garði.

Lifið heil. G.V.

Skjalasafnið Ísafirði

Skjalasafnið Ísafirði

- 16 -

- U...

við höfum lært ...
til ræktunar, honum ...
við að eigna oss ...
við að gefa öðrum ...
til eftirbreytni ...
góður frá ...
skjóli ...

Skjalasafnið Ísafirði